DÖGG HJALTALÍN

*Dansar í blómakjólnum*

Tíska Nám Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




THORSTEN HENN LJÓSMYNDARI

*Smíðaði eldhús úr afgöngum*

Sérblað um bað og eldhús

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. ágúst 2006 — 233. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Komin til Eddu á ný



Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir hefur ákveðið að ganga aftur til liðs við Eddu útgáfu eftir stutta dvöl hjá JPV.

FÓLK 58

### Írland í góðum gír

„Þarna var hún þá komin skýringin á því, hvers vegna Írar stóðu utan Atlantshafsbandalagsins og höfðu þar fyrir utan lagt sára fátækt á sjálfa sig með glórulausum sjálfsþurftarbúskap eins og einbeittustu meinlætamenn," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30

### Nánast grafinn lifandi



Frosti Reyr Rúnarsson var fyrir ári kosinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins á Rás 2. Hann hyggur á hefndir vegna ýmissa óþæginda sem hann hefur orðið fyrir.

FÓLK 58

### Valur Íslandsmeistari



Valsstúlkur svo gott sem gulltryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu kvenna eftir öruggan 4-0 sigur á Keflavík suður með sjó í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 50

### VEÐRIÐ Í DAG




**HITINN MJAKAST UPP** í dag verður yfirleitt stíf norðaustanátt norðvestan og vestan til og einnig á annesjum á Suðausturlandi, annars hægari vindur. Rigning eða skúrir norðan til og austan. Hiti 7-16 stig, hlýjast í uppsveitum SV-lands.






**ÍKVEIKJA** Slökkvilið var kallað tvisvar á vettvang í Hampiðjuhúsið í gær vegna elds. Þá hefur alls kviknað í húsinu fjórum sinnum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Enn eldur í Hampiðjuhúsi:

## Tvær íkveikjur sama dag

**ÍKVEIKJA** Kveikt var tvisvar í Hampiðjuhúsinu við Brautarholt í gær. Fyrri tilkynningin um eld kom klukkan tvö um daginn og sú seinni klukkan sjö um kvöldið. Í bæði skiptin hafði verið kveikt í plasti sem olli miklum svörtum reyk. Reykkafarar slökktu eldinn og var húsið síðan reykræst, sem tók töluverðan tíma.

Slökkviliðið hefur tvisvar áður í sumar verið kallað að húsinu vegna elds. Búið var að setja hlera fyrir alla glugga og gera húsnæðið mannhelt en heimilislausir héldu þar til fyrr í sumar. „Þetta er grafalvarlegt, sérstaklega ef þetta eru krakkar sem geta lokast inni í eldinum," segir Sigurður Jónsson, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Securitas hefur vaktað húsið frá því að eldur kom þar upp í júní og öryggisvörður hefur farið um húsið þrisvar á dag. „Lögreglan er með þetta mál í skoðun og við vonum að þessu ljúki sem fyrst og húsið verði rifið," segir Sigurður, en Kristján Magnason hjá Fjárfestingarfélaginu Vexti, sem á húsið, á von á því að það verði rifið í september.

Hampiðjuhúsið hýsti Klink og bank í vetur en er nú rafmagnslaust og vatnslaust.

- rsg/sdg

Samkeppni um vinnuafl:

## Mannekla á leikskólum

**LEIKSKÓLAR** Starfsfólk vantar í tvö stöðugildi að meðaltali á hvern leikskóla í Reykjavík og dæmi eru um að þau séu fleiri.

Þensla og samkeppni um vinnuafl eru taldar helstu ástæður þess hve erfiðlega gengur að manna leikskóla. Leikskólastjórar segja þetta árlegt vandamál en í fyrra þurfti að grípa til lokana vegna manneklu. Mikið er um að fólk sem starfar á leikskólum sé í hléi frá námi og starfi því aðeins í skamman tíma.

- hs/sdg / sjá síðu 10

KL. 20:30

2

BIG LOVE

Umtalaðasti sjónvarpsþáttur síðustu ára, framleiddur af Tom Hanks. Byrjar í kvöld!



Formaður samninganefndar bæklunarskurðlækna á fund heilbrigðisráðherra:

# Biðtími sjúklinga hálft ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúklingar þurfa að bíða frá tveimur mánuðum upp í hálft ár eftir að fá þjónustu hjá bæklunarskurðlæknum, að sögn Sveinbjörns Brandssonar, formanns samninganefndar bæklunarskurðlækna. Hann segir tölur á biðlistum ekki vera handbærar.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur boðað Sveinbjörn á fund í næstu viku, en hugmyndir hafa verið uppi meðal sérgreinalækna og þar með bæklunarskurðlækna að segja upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Sveinbjörn segir það sinn ásetning að leysa það mál í góðri samvinnu við ráðuneytið og TR.

„Auðvitað er forgangsraðað í bæklunarskurðlækningum eins og í öllu heilbrigðiskerfinu, en það er alltaf erfitt," segir Sveinbjörn. „Fólk á rétt á sómasamlegri þjónustu, en það er eins og fólk með stoðkerfissjúkdóma verði alltaf útundan. Þeir eru ekki lífshættulegir en geta vissulega gert sjúklingunum lífið erfitt."

Bæklunarlæknar hafa þurft að skrifa undir þær fjárheimildir sem samninganefnd ráðuneytisins hefur lagt fyrir þá hverju sinni, en ekki fengið að hafa hlutast til um gæði þeirrar þjónustu sem þeim væri ætlað að veita og segist Sveinbjörn hafa orðið var við pirring meðal sérgreinalækna yfir þessu fyrirkomulagi.

- jss



## SPURNING DAGSINS

*Vilhjálmur, ertu nú hinn eldri og betri Villi?*

„Já, tvímælalaust. Við Villarnir verðum eldri og betri með tímanum.“

Alnafni Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra og leigjandi á nýjum stúdentagörðum kallaði sig „gamla og góða Villa“ við vígslu stúdentagarðanna á miðvikudag og sagði borgarstjóra ávallt velkominn í íbúð sína sem væri merkt þeim báðum.

Tveir piltar, 17 og 19 ára, reyndu að stinga lögreglu af á ofsahraða í íbúðahverfi:

# Eftirförinni lauk með bílslysi

**LÖGREGLA** Lögreglan í Kópavogi veitti pallbíl eftirför um hádegi í gær, sem endaði með umferðarslysi. Lögreglan veitti aksturslagi bílsins athygli og grunaði ökumann um akstur undir áhrifum.

Þegar ökumanninum var gert að stöðva bílinn, stakk hann af á miklum hraða og elti lögreglan bílinn í um tíu mínútur. Hann kom sér meðal annars úr klóm lögreglu í lokaðri götu með því að aka eftir göngustíg. Förinni lauk á Hlíðarvegi þegar pallbílnum var ekið aftan á annan pallbíl, sem kastaðist tæplega tuttugu metra inn í húsgarð hægra megin við götuna,



**Á SLYSSTAÐ** Ökuníðingurinn ók aftan á annan bíl, sem flaug inn í húsgarð, og ók sjálfur á strætóskýli og stórskemmdi það. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

stakkst hálfur út úr honum hinum megin og staðnæmdist á tré. Bíllinn sem lögreglan elti ók á strætisvagnaskýli, sem stórskemmdist við höggið.

Tveir piltar, sautján og nítján ára, reyndust vera í bílnum. Annar þeirra er ökuleyfislaus og liggur ekki fyrir hvor þeirra var við stýrið. Þeir sluppu með skrámur og voru handteknir á staðnum. Ökumaður hins bílsins, maður á sextugsaldri, var fluttur á slysadeild. Hann slasaðist ekki alvarlega en að sögn vakthafandi læknis á Landspítalanum í Fossvogi hlaut hann hugsanlega heilahristing.

Báðir bílarnir voru óökufærir eftir slysið og voru dregnir burt af kranabíl. **- sh**

Orkuveita Reykjavíkur:

## Krónan lék félagið grátt

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur tapaði um 6,2 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins, samanborið við tæplega 1,5 milljarða hagnað á sama tíma í fyrra. Tap fyrir skatta nam um tíu milljörðum króna en reiknuð tekjuskattsinneign var um 3,7 milljörðum. Tapið skýrist af gengistapi af erlendum langtímalánum sem var tæpir 10,9 milljarðar króna. Ljóst er að mikill gengishagnaður hefur myndast á seinni hluta árs, sökum styrkingar krónunnar.

Rekstrarhagnaður OR fyrir afskriftir (EBITDA) var 3,8 milljarðar króna eða 45 prósent af tekjum. **- eþa**

Unnur Betty Guðmundsdóttir:

## Lést í bílslysi á Eiðavegi



**UNNUR BETTÝ GUÐMUNDSDÓTTIR**

Stúlkan sem lést í bílslysi á Eiðavegi nálægt Egilsstöðum á mánudag hét Unnur Bettý Guðmundsdóttir. Hún var átján ára gömul, fædd hinn 5. september árið 1987, og var til heimilis að Víðimýri 8 á Sauðárkróki. Minningarstund um Unni Betty fór fram í Hofsóskirkju í fyrrakvöld. ■



**REYKUR Í GAZA-BORG** Ísraelar hafa banað átján Palestínumönnum í Gaza-borg síðan um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Gaza-strönd:

## Átta Palestínumenn drepnir

**GASA-STRÖNDIN, AP** Ísraelskir hermenn bönuðu átta Palestínumönnum í Gaza-borg í gær. Að sögn talsmanna hersins voru hermennirnir í leit að neðanjarðargöngum sem Palestínumenn gætu hafa notað til að flytja smyglaðan varning, sem og að sprengjum.

Herinn hefur verið á svæðinu síðan um síðustu helgi, og hefur á þeim tíma banað alls átján Palestínumönnum, aðallega uppreisnarmönnum, að sögn lækna.

Um sautján þúsund manns hafa verið án rafmagns og rennandi vatns síðan ísraelski herinn hóf þessar síðustu aðgerðir sínar í Gaza-borg. **- smk**

# Enn óróleiki vegna athugasemda Gríms

**Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna í iðnaðarnefnd um málsmeðferð athugasemda Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings vegna Kárahnjúkavirkjunar. Birkir Jón viss um rétta málsmeðferð. Skýringar ónægar, segir Steingrímur J.**

**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, segist fullviss um að rétt hafi verið staðið að því verkferli sem sett var af stað þegar Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur setti fram athugasemdir vegna efasemda sinna um Kárahnjúkavirkjun. Iðnaðarnefndin fjallaði um Kárahnjúkavirkjun, athugasemdir Gríms og nýframkomið áhættumat á löngum fundi í gær.



**BIRKIR JÓN JÓNSSON** Segir starfsferlið vegna umræðu um Kárahnjúkavirkjun hafa verið eðlilegt.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Segir iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Landsvirkjun enn ekki hafa útskýrt mikilvæg atriði.

Birkir Jón sagði ferlið sem fór í gang eftir að athugasemdir Gríms komu fram hafa verið rökrétt og skynsamlegt. „Ég tel að þessi fundur hafi verið jákvæður að því leytinu til að hann varpar skýru ljósi á þann feril sem fór í gang í kjölfar þess að Grímur Björnsson setur fram athugasemdir vegna Kárahnjúkavirkjunar í febrúar 2002. Allir sem áttu hlut að máli komu á fundinn og útskýrðu hvernig staðið var að umsögn um athugasemdirnar. Ég hef fullvissu fyrir



**FRÁ FUNDI IÐNAÐARNEFNDAR** Fundurinn stóð fram eftir kvöldi og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

því að Orkustofnun, Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið hafi brugðist við athugasemdunum með hárréttum hætti,“ sagði Birkir Jón.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, var ósammála Birki Jóni og sagði iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Landsvirkjun bera ríka ábyrgð, sem ekki væri hægt að fría sig undan, á því að athugasemdir Gríms komust ekki með eðlilegum hætti til þingmanna áður en lögin vegna Kárahnjúkavirkjunar voru staðfest á Alþingi. „Ég tel mig engar fullnægjandi skýringar hafa fengið á því hvers vegna athugasemdir Gríms komust ekki inn á Alþingi áður en lögin voru afgreidd á Alþingi. Orkustofnun, Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið brugðust skyldu sinni. Forsvarsmönnunum mátti vera ljóst að það var óeðlilegt annað en að þessar athugasemdir kæmust til Alþingis, ekki síst í ljósi þess að Grímur nefnir á þremur stöðum yfirvofandi umfjöllun Alþingis um málið í athugasemdum sínum. Þannig að megin tilgangur Gríms með því að taka þessar athugasemdir saman var að tryggja það að Alþingi vissi af þessum þáttum, sem sannarlega voru mikilvægt framlag í umræðuna, áður en greidd voru atkvæði um málið.“

Sérfræðingar sem komu að hönnun Kárahnjúkastíflu, og unnu nýtt áhættumat, komu á fund iðnaðarnefndar og skýrðu ítarlega fyrir fundarmönnum hvernig starfinu var háttað. **magnush@frettabladid.is**



**HEKLA** Hætturnar af Heklugosi felast aðallega í hraunflæði næst fjallinu og lítilsháttar öskufalli.

Mælingar við Heklu:

## Hekla tilbúin

**JARÐFRÆÐI** Hekla gæti gosið á næstu árum, segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur á jarðvísindastofnun HÍ.

„Milli eldgosa í eldstöðinni hafa komið fram ákveðnar breytingar í jarðskorpuhreyfingum sem sýna hvernig kvika hefur safnast undir fjallið á milli gosa. Mælingar okkar benda til þess að kvikan hafi nú safnast fyrir undir Heklu og að þetta ferli sé komið á enda,“ segir Freysteinn, en síðustu Heklugos voru 2000, 1991 og 1980-81.

„Ég gæti alveg hugsað mér að fara í göngu á Heklu sjálfur en ég myndi fylgjast vel með hvort ég fyndi stöðuga skjálftavirkni. Þá ætti maður að koma sér niður af fjallinu,“ segir Freysteinn, en merki þess að eldgos sé að hefjast sjást aðeins rúmum klukkutíma fyrir gos. Hann telur að svipaðar líkur séu á eldgosi úr Heklu og Kötlu á næstu árum, en Katla er hættulegust íslenskra eldfjalla. **-rsg**

**DÓMSMÁL**

**Réðst á dómvörð** Hálffertugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni. Hann veittist að dómverði í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar og sparkaði í fót hans þannig að hann féll í stiga og tognaði og marðist. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Byggja verður nýja varnargarða við vestanverða Skeiðará í vetur:

# Hringvegurinn getur rofnað

**SAMGÖNGUMÁL** Þjóðvegur eitt um Skeiðarársand er í verulegri hættu vegna þess að Skeiðará hefur breytt farvegi sínum á undanförnum árum. Litlu munaði í síðustu viku að áin græfi sig í gegnum varnargarðana að vestanverðu, sem hefði þýtt að þjóðvegurinn hefði farið í sundur. Vegagerðin hefur unnið að því að styrkja varnargarðana í allt sumar en nú er ljóst að flýta verður byggingu varanlegra garða og helst klára þá í vetur. Um töluverð mannvirki er að ræða.

Ragnar Frank Kristjánsson, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, segir það hafa verið fyrir snarræði vélavinnumanns eins verktaka Vegagerðarinnar við Skeiðará að áin náði ekki að brjóta sér leið niður að veginum síðastliðinn fimmtudag. Ragnar segir að ef teljandi úrkoma



**FRÁ SKEIÐARÁ** Varnargarðurinn lét verulega á sjá eftir ágang Skeiðarár á dögunum, eins og hér sést. Snarræði vélamanns kom í veg fyrir að áin næði í gegn og ylli tjóni á veginum. MYND/HELGA DAVIDS

eða veruleg hlýindi hefði verið sé óvíst hvort tekist hefði að laga varnargarðinn í tíma.

Helgi Jóhannesson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, segir að garðarnir megi alls ekki rofna því Skeiðaráin sé það mikið vatnsfall að ekki yrði við neitt ráðið ef hún næði í gegn. Hann segir að áin hafi byrjað að breyta flóðfari sínu árið 1998 en í ár og í fyrra hafi áin mjög sótt í vestur. „Nú er komið að því að gera álíka öflugt garðakerfi vestan við ána eins og er austan við hana því þetta er orðið viðvarandi ástand.“ Helgi segir ljóst að gerð nýrra varnargarða vestan Skeiðarár hefjist bráðlega og að slík framkvæmd kosti sextíu til sjötíu milljónir króna. **- shá**

# Helgar -sprengja

**25% afsláttur** af allri Jotun innimálningu






damixa™
8000095

**7.900**



**1.295**

Heimilistrappa
5079082

Hafðu garðverkfærin á góðum stað í vetur



**19.999**

Verkfæraskúr ósamsettur
604250



**49.900**

Uppþvottavél Haier
1805345

## Fimmtudag til mánudags

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 30.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,32 | 69,66 |
| Sterlingspund | 131,84 | 132,48 |
| Evra | 88,89 | 89,39 |
| Dönsk króna | 11,915 | 11,985 |
| Norsk króna | 11,015 | 11,079 |
| Sænsk króna | 9,607 | 9,663 |
| Japanskt jen | 0,5921 | 0,5955 |
| SDR | 103,01 | 103,63 |

*Gengisvísitala krónunnar*
122,752

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Össur Skarphéðinsson segir Valgerði Sverrisdóttur seka um vanrækslu í starfi:

# Valgerður biðjist afsökunar

**VIRKJANIR** Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir Valgerði Sverrisdóttur, utanríkisráðherra og fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þurfa að biðja Alþingi og íslensku þjóðina afsökunar, vegna þess hvernig hún hafi haldið á málum er athugasemdir Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings vegna Kárahnjúkavirkjunar komu fram.


ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Valgerður Sverrisdóttir rekst úr hverju víginu á fætur öðru. Í upphafi málsins sagðist hún hafa kynnt Alþingi athugasemdir Gríms, en skömmu síðar var sýnt fram á það að hún gerði það ekki fyrr en eftir að lög um Kárahnjúkavirkjun voru staðfest. Haft hefur verið eftir Valgerði að hún hafi ekki séð athugasemdirnar áður en lögin voru samþykkt, en í Fréttablaðinu í gær kemur fram hjá fyrrverandi skrifstofustjóra að hún hafi af þeim heyrt. Ég tel það hafið yfir vafa, að Valgerði hafi orðið á mistök sem jafngilda alvarlegri vanrækslu í starfi. Best væri ef Valgerður myndi nú gangast við því opinberlega að hún hafi gert mistök og biðjist afsökunar,“ sagði Össur.

Valgerður segir ummæli Össurar forkastanleg. „Ég hef velt því fyrir mér að undanförnu hversu langt stjórnarandstaðan getur gengið í rakalausum málflutningi sínum. Afstaða Össurar er ekki til þess fallin að bregðast við henni með einhverjum hætti.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær sá Valgerður Sverrisdóttir ekki athugasemdir Gríms áður en lög um Kárahnjúkavirkjun voru staðfest 8. apríl árið 2002. Hún sagði athugasemdir Gríms ekki hafa gefið tilefni til þess að „fara út í sérstaka vinnu vegna þeirra.“ - mh

Tveir ákærðir á Akranesi:

## Sparkaði í leggi lögregluþjóna

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn, annar á fimmtugsaldri og hinn um tvítugt, hafa verið ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni á Akranesi í mars.

Sá eldri er sakaður um að hafa hótað tveimur lögreglumönnum líkamsmeiðingum, sparkað í fótleggi lögreglumannanna þegar þeir voru að flytja hann í fangaklefa og, er hann var kominn í klefann, hótað lögreglumönnunum lífláti og líkamsmeiðingum. Sá yngri er sakaður um að hafa reynt að hindra handtöku hins mannsins.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær. - sh


**BYGGÐASTOFNUN** Skuldir félagsins nema nú ellefu og hálfri milljón.

Byggðastofnun eykur útlán:

## Skuldir félagsins aukast

**BYGGÐASTOFNUN** Útlán Byggðastofnunar á fyrstu sex mánuðum þessa árs námu 9.631.160 krónum og hafa aukist um rúmar sex hundruð þúsund krónur á milli ára. Þetta kemur fram í árshlutareikningi Byggðastofnunar.

Skuldir félagsins hafa einnig hækkað um rúmlega níu hundruð þúsund á milli ára og nema nú um ellefu og hálfri milljón króna.

Eigið fé Byggðastofnunar nemur nú 1.235.802 krónum eða 8,91 prósenti af niðurstöðu efnahagsreiknings. Þá nam hagnaður fyrstu sex mánuði ársins 194.013 krónum. - hs

### ÍRAK

**Sprengjuárásir** Um fjörutíu manns fórust í röð sprengjuárása í tveimur borgum í Írak í gær. Minnst 24 týndu lífi og 35 særðust þegar spengja sprakk á stærsta markaði Bagdad borgar. Síðar fórust tveir og 21 særðist þegar vegsprengja sprakk við bensínstöð í Bagdad. Einnig létust tólf og átta særðust þegar sprengja, sem bundin hafði verið við hjól, sprakk við húsnæði íraska hersins í Hillah.

### ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á sunnudaginn var haft eftir Kristni H. Gunnarssyni þingmanni að hann sakaði Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi iðnaðarráðherra, um að leyna skýrslu Gríms Björnssonar um Kárahnjúkavirkjun. Rétt er að hann telur það alvarlegt mál að leyna Alþingi upplýsingum, en telur sig ekki geta dæmt um við hvern er að sakast í þessu tilfelli.


**FRÁ JARÐARFÖR EINS HJÁLPARSTARFSMANNSINS** Talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar segist sannfærður um að hjálparstarfsmennirnir sautján hafi verið drepnir af stjórnarhernum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Starfsmennirnir vegnir af hernum

**Enginn annar hópur kemur til greina, að mati eftirlitsmanna á Srí Lanka, en stjórnarherinn segir ummælin hlutdræg og tilhæfulaus. Sameinuðu þjóðirnar hafa farið fram á neyðaraðstoð til handa stríðshrjáðum í landinu.**

**SRÍ LANKA, AP** Þorfinnur Ómarsson, talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka, lét eftir sér hafa í gær að niðurstöður rannsóknar sveitarinnar hefðu leitt í ljós að „enginn vopnaður hópur manna, annar en öryggissveit stjórnarhersins,“ gæti hafa staðið fyrir drápunum á hjálparstarfsmönnunum sautján, sem myrtir voru í upphafi mánaðarins. Allir hjálparstarfsmennirnir voru tamílar, utan einn. Í yfirlýsingu eftirlitssveitarinnar kom fram að stjórnarherinn hefði enga aðra ástæðu haft til að neita sveitinni um að rannsaka vígin, nema „til að leyna atvikinu“. Grunur féll á öryggissveit stjórnarhersins því hjálparstarfsmennirnir héldu til í bæjarhluta í Muttur, sem var kirfilega gætt af stjórnarhernum.

Þorfinnur sagði rannsóknina byggða á viðtölum við starfsmenn sjúkrahússins, lögregluna og við sjónarvotta. Kofi Annan hefur hvatt til að drápin verði rannsökuð ofan í kjölinn.

Talsmaður stjórnarhersins brást við ummælum Þorfinns í gær og kallaði þau „hlutdræg“ og tilhæfulaus með öllu. Hann sagði eftirlitssveitina engan rétt hafa til að lýsa þessu yfir, því í henni væru engir menn hæfir til að kryfja og skera úr um banamein. Talsmaðurinn sagði einnig að samkvæmt lögregluskýrslum hefðu Tamílatígrarnir verið með borgina Muttur á sínu valdi á þeim tíma sem krufning bendi til að fólkið hafi látist.

Sameinuðu þjóðirnar fóru fram á 2,6 milljarða neyðaraðstoð í gær, til handa stríðshrjáðum á Srí Lanka, en fjöldi þess fólks sem hefur þurft að yfirgefa heimili sín vegna átakanna nálgast nú 220 þúsund. Forseti Srí Lanka flaug á þriðjudag til fundar við forsætisráðherra Bretlands og er talið víst að þeir ræði hlutskipti hins almenna borgara í síversnandi átökunum.

Þrátt fyrir að ágústmánuður hafi verið sérlega blóðugur á Srí Lanka, taldi ríkisstjórn landsins óhætt að leyfa aftur skólahald á Jaffna-skaga í gær, eftir þriggja vikna leyfi. Skólum hafði verið lokað vegna ótta um hefndaraðgerðir Tamílatígra eftir að stjórnarherinn gerði loftárás á hús á svæði tamíla, með þeim afleiðingum að 61 stúlka lét lífið.

klemens@frettabladid.is

Frumvarp um Ríkisútvarpið:

## Drifið af fljótt á haustþingi

**FRUMVARP** Frumvarp um breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag verður lagt fram strax í upphafi haustþings og reynt að ljúka afgreiðslu þess sem fyrst, að sögn Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokks Framsóknarflokksins.


HJÁLMAR ÁRNASON

„Þetta lá fyrir í vor,“ segir Hjálmar.

„Tíminn leyfði okkur hins vegar ekki að klára þetta þá, þannig að þetta verður lagt fram strax og þing kemur saman.

Frumvarpið gæti hafa tekið einhverjum breytingum, án þess þó að ég viti það nokkuð eða það hafi verið rætt sérstaklega.“ - sgj

Vinstrimenn í Mexíkó:

## Vilja sína eigin ríkisstjórn

**MEXÍKÓ, AP** López Obrador, vinstrimaðurinn sem bar skarðan hlut frá borði í forsetakosningunum í júlí, hyggst ekki sætta sig við niðurstöður kjördómstóla, sem hafa tilkynnt að kosningin hafi í meginatriðum verið lögleg.

Obrador hefur þvert á móti kunngjört um stofnun hálfgerðs „ríkis í ríkinu“ og hvetur kjósendur til að virða að vettugi andstæðing sinn og verðandi forseta, Felipe Calderón, sem og hans „opinberu“ ríkisstjórn. Stuðningsmenn Obradors kalla hins vegar væntanlega skuggaríkisstjórn vinstrimanna hina „löglegu“ ríkisstjórn og vilja greiða henni skatt. - kóþ


BÍLL DAGSINS

SUZUKI IGNIS SPORT

Nýskr. 08.05 - Beinskiptur - Ekinn 8 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NORÐANÁTTIN RÆÐUR ENN VINDUM

Í dag verður milt í veðri víða um land, hægur vindur víðast hvar. Tveggja stafa hitatölur ættu að sjást um mestan part landsins, nema helst á Vestfjörðum. Kunnugir segja að berjaspretta sé með miklum ágætum þetta árið. Því væri ekki úr vegi að leggja land undir fót og skreppa í berjamó um helgina Berjatínsluveður verður einna best um sunnan- og vestanvert landið.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Austan 2-5 m/s. Hálfskýjað. Hiti 12-14°




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C rigning | London | 21°C alskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 18°C hálfskýjað | París | 22°C skúrir | Mallorca | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 20°C hálfskýjað | Algarve | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 18°C alskýjað | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Þetta er **herðaslá**





Það er hægt að gera fleira við moppur en að skúra með þeim. Ef þú átt nál og tvinna og nennir smá saumaskap, getur þú á einfaldan hátt búið þér til flotta herðaslá.

Hjá Námsmannaþjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Gott dæmi um það er að allir sem sækja um VISA Námsmannakreditkort fá 5.000 kr. fataútekt í NTC tískuverslunum auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Gerðu **mikið** úr litlu!

SPARISJÓÐURINN
**Námsmannaþjónusta**

Fiton/SÍA



## KJÖRKASSINN

*Heldur þú að stíflan á Kárahnjúkum muni bresta?*

| | |
|---|---|
| já | 40% |
| nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að Árni Johnsen eigi bjóða sig fram til þings á ný?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Rannsókn á fíkniefnasmygli fangavarðarins á Litla-Hrauni miðar vel:

# Talið að fleiri tengist málinu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar í Árnessýslu á fíkniefnasmygli fangavarðar á Litla-Hrauni beinist nú að því að leita fleira fólks sem hugsanlega hefur tekið þátt í smyglinu. Talið er að fleiri tengist málinu en ekki var búið að hafa uppi á þeim síðdegis í gær, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Þá beinist rannsóknin að því að að finna út hversu margar ferðir fangavörðurinn, sem var í sumarafleysingum, fór með fíkniefni inn í fangelsið og um hve mikið magn var að ræða.

Rannsókn lögreglunnar á þessu óvenjulega máli hefur miðað vel. Nokkrir einstaklingar utan fangelsisins hafa verið handteknir og yfirheyrðir. Þeir hafa játað að hafa átt þátt í smygli fíkniefna í fangelsið á Litla-Hrauni. Þegar grunur vaknaði um að fangavörðurinn væri með fíkniefni á laugardagsmorgun og leitað var á honum fundust nokkur hundruð grömm, mestmegnis kannabisefni, sem hann hafði falið innan klæða. **- jss**



**LITLA-HRAUN** Rannsókn fíkniefnasmyglsins inn á Litla-Hraun beinist meðal annars að því að athuga hve margar smyglferðir fangavörðurinn fór í fangelsið.

Ungur ökumaður í Keflavík:

# Fimmtán ára á jeppa í bænum

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynning barst lögreglu í gærkvöldi um að fimmtán ára piltur æki jeppabifreið um götur Keflavíkur.

Lögregla hafði uppi á bifreiðinni og ásamt fimmtán ára ökumanninum var umráðandi ökutækisins með í för, en sá er átján ára gamall. Hann hafði ákveðið að leyfa fimmtán ára vini sínum að prófa að aka rúntinn.

Jeppabifreiðin, af gerðinni Nissan Patrol, tilheyrði foreldrum þess sem eldri var og má leiða líkum að því að illa hefði gengið að fá bifreiðina lánaða ef foreldrarnir hefðu vitað hvað til stóð.

Þeir verða báðir kærðir fyrir atvikið. **- æþe**



**FÓRNARLAMB KLASASPRENGJU** Klasasprengja sprakk í höndum þessa drengs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Klasasprengjur Ísraela:

# Fullkomlega siðlaust athæfi

**LÍBANON** Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa fundið hundrað þúsund ósprungnar klasasprengjur á 359 stöðum, víðsvegar um Suður-Líbanon. Jan Egeland, yfirmaður mannúðarstarfs SÞ, segir notkun þeirra hafa verið „algjörlega ósiðlega“ og að 90 prósentum þeirra hafi verið varpað á síðustu þremur sólarhringum átakanna, þegar vitað var að vopnahlé kæmist á. BBC-fréttastofan greindi frá þessu í gær. **- kóþ**

## Uppreisn eða uppreist?

Fréttablaðinu hefur borist fjöldi fyrirspurna vegna notkunar á orðinu „uppreist“ í blaðinu í gær. Orðið kemur fyrir í almennum hegningarlögum þar sem fjallað er um uppreist æru og var því notað í fréttinni, en bent er á að einnig má nota orðið uppreisn í þessu samhengi. Í Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun frá árinu 2005 kemur fram að uppreist er nafnorð í kvenkyni og kemur meðal annars fram í samböndum á borð við uppreistarmaður og uppreistarandi. Orðasambandið „fá uppreisn æru“ er þar nefnt sem dæmi um notkun á upppreisn, en Jón Hilmar Jónsson, íslenskufræðingur hjá Orðabók Háskólans og höfundur bókarinnar, segir að bæði tilbrigðin séu góð og gild. „Uppreist er gamalt orð sem er samheiti við uppreisn. Við vitum dæmi um uppreist frá 19. öld, en bæði tilbrigðin eru mynduð af sögninni að rísa upp,“ segir Jón Hilmar.

# Árni orðinn kjörgengur

**Hver sá sem afplánar sinn fyrsta dóm getur farið fram á að hljóta uppreist æru tveimur árum eftir að refsingu lýkur. Árni Johnsen er nú kjörgengur.**

**KJÖRGENGI** Til þess að vera kjörgengur í Alþingiskosningum þurfti Árni Johnsen að endurheimta „óflekkað mannorð“ sitt, með því að hljóta uppreist æru.

Í stjórnskipunarrétti segir að sá sem hljóti dóm fyrir verk sem þyki svívirðilegt að almenningsáliti hafi flekkað mannorð og sé því ekki kjörgengur. Þar er skýrt tekið fram að brot í opinberu starfi teljist svívirðilegt að almenningsáliti.

Einstaklingur hlýtur hins vegar ekki flekkað mannorð nema viðkomandi hafi náð átján ára aldri er hann framdi brotið og refsing sé lengri en fjórir mánuðir.

Í 84. og 85. grein hegningarlaga segir að einstaklingur fái uppreist æru sinnar sjálfvirkt fimm árum eftir að hann lýkur afplánun ef refsing hans hefur ekki verið lengri en ár, ef hann hefur ekki gerst brotlegur á þeim fimm árum sem liðin eru. Þar er einnig að finna ákvæði sem heimilar forseta að veita manni uppreist æru í sérstökum tilfellum, tveimur árum eftir að refsingu hans lýkur, hagi hann sér vel. Svo er háttað í máli Árna Johnsen.

Þetta sérákvæði er orðið að meginreglu samkvæmt dómsmálaráðuneytinu og hefur verið í áratugi.

Umsóknum um uppreist æru hefur fækkað á undanförnum árum. Á árunum 1996 til 1999 fengu níu einstaklingar slíka meðferð. Á árunum 2001 til 2006 hafa átta slík mál verið til meðferðar.

**aegir@frettabladid.is**

**Mál þar sem óskað var eftir uppreist æru**

| | |
|---|---|
| 2001 | 2 |
| 2002 | 0 |
| 2003 | 1 |
| 2004 | 1 |
| 2005 | 2 |
| 2006 | 2* |

**Mál skráð framtil 1. júlí 2006*



Árni Johnsen sótti um uppreist æru í júní:

# Fargi af mér létt

**DÓMSMÁL** „Nú er þetta mál úr sögunni,“ sagði Árni Johnsen í samtali við Fréttablaðið í gær, en hann hefur hlotið uppreist æru að ákvörðun dómsmálaráðherra.

Árni var um borð í Herjólfi á leið til Eyja þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Fyrir dyrum stendur að fara í Álsey til að ljúka lundaveiðiúthaldinu þetta sumarið og ganga frá veiðikofa þeirra Álseyinga.

Árni sendi dómsmálaráðuneytinu erindi um uppreist æru sinnar í júní og rituðu handhafar forsetavalds undir það á mánudag. „Þetta er bara eins og hefðbundið er að ljúka málum, ég hafði rétt til þess í febrúar en sótti ekki um það fyrr en í júní. Þetta er ósköp hefðbundið enda afgreitt eins og hjá hverjum öðrum Íslendingi,“ sagði Árni.

Spurður hvort hann hygði á framboð til Alþingis í vor svaraði Árni því til að ekkert væri að frétta af þeim málum. „Þetta bara tifar, það er enn langt til kosninga.“

Hann sagðist ekkert hafa skipt sér af undirskriftasöfnunum þar sem hann er hvattur til framboðs, sagðist aðeins hafa heyrt af þeim í fjölmiðlum.

„Nú er mjög þungu fargi af mér létt og ég er mjög þakklátur fyrir það,“ sagði Árni Johnsen. **- bþs**



**ÁRNI JOHNSEN** er þakklátur fyrir að þungu fargi sé af honum létt.

## FÓLKIÐ Í LANDINU

**Hvað finnst þér um að Árni Johnsen hafi fengið uppreist æru?**



**ÓLAFUR ÞÓR KRISTJÁNSSON HÚSVÖRÐUR** „Bara allt í lagi.“



**JÓNA GUÐBJÖRNSDÓTTIR, STARFSMAÐUR HRAFNISTU** „Hef svo sem enga skoðun á því.“



**STEFÁN STEFÁNSSON NEMI** „Mér líst bara ekkert á það.“



**SIGURÐUR GUNNAR RAGNARSSON, STARFSMAÐUR LYFJU** „Mér finnst það hallærislegt og fáránlegt.“



**ÞÓRLEIF HANNA GUÐGEIRSDÓTTIR, STARFSMAÐUR MJÓLKURBÚS FLÓAMANNA** „Allt í lagi að hann fái uppreisn æru, en ekki í lagi að hann fari aftur á þing.“


**Bavaria, hollenskur gæðabjór:**




**Kom best út í blindprófun**

Bavaria bjórinn kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögunum.
10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Bavaria | 7.4 |
| 2 | Grolsch | 6.7 |
| 3 | Best (Dirk) | 6.4 |
| 4 | Dommelsch | 6.1 |
| 5 | Amstel | 6.0 |
| 6 | Vaandel | 5.8 |
| 7 | Euroshopper | 5.0 |
| 8 | Finkbräu | 4.7 |
| 9 | Heineken | 4.6 |
| 10 | Albert Heijn | 4.3 |

LÉTTÖL

**EKKI BORGA MEIRA!**




SAMKVÆMT KÖNNUN ASÍ ER ELÍSABET ALLT AÐ 29.000 KR. ÓDÝRARI EN GÖMLU TRYGGINGAFÉLÖGIN.

Reiknaðu þitt dæmi á elisabet.is

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet
elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

Esso

# Taka tvö!

## -13 kr.

**af þjónustuverði kl 17-22 í dag**

Algengasti afsláttur af sjálfsafgreiðsluverði er 8 kr.

### Við gefumst ekki upp

Tæknin var eitthvað að stríða okkur síðastliðinn sunnudag, þegar bilun í tölvukerfi olli því að ekki var hægt að veita afslátt á öllum stöðvum á auglýstum tíma. Í dag látum við hins vegar ekkert klikka og bjóðum 13 kr. afslátt af þjónustuverði á öllu eldsneyti frá kl. 17–22. Við viljum einnig nota tækifærið og biðja viðskiptavini okkar sem urðu fyrir óþægindum á sunnudaginn afsökunar og vonum að sem flestir geti nýtt sér tilboðið í dag.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða hitabeltisstormur hóf innreið sína í suðurhluta Flórída á dögunum?*

2 *Hvað heita nýir stúdentagarðar við Lindargötu?*

3 *Hvaða íslenska reggíhljómsveit lagði upp laupana á dögunum?*

SVÖR Á BLS. 58

Eitt ár liðið frá því fellibylurinn Katrina lagði New Orleans í rúst:

# Helmingur íbúa kominn aftur

**NEW ORLEANS, AP** Uppbyggingarstarf hefur gengið afar hægt eftir eyðilegginguna miklu sem varð í New Orleans og nágrenni þegar fellibylurinn Katrina reið þar yfir síðasta haust.

Íbúar hamfarasvæðanna minntust þess á þriðjudag að eitt ár var liðið frá því fellibylurinn gerði sig heimakominn við norðurströnd Mexíkóflóa. Yfir 1.800 manns fórust, flestir í ríkinu Louisiana, og teljast hamfarirnar með þeim allra verstu í sögu Bandaríkjanna.

Eyðileggingin blasir við enn í dag hvar sem fæti er borið niður á svæðinu, ekki síst í New Orleans.



**Á BETSY'S PANCAKE HOUSE** Forseti Bandaríkjanna gantast við starfsfólk veitingahúss í New Orleans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einungis helmingur íbúa borgarinnar hefur snúið þangað aftur. Meðal þeirra sem lögðu leið sína til New Orleans í gær til að minnast atburðanna fyrir ári voru George W. Bush forseti og eiginkona hans, Laura. Bush lagði áherslu á að hraða þyrfti uppbyggingarstarfinu, en vildi þó bíða eftir að borgarstjórar og aðrir ráðamenn á hamfarasvæðinu kæmu með áætlun um uppbygginguna.

Þegar Bush gekk inn á veitingastaðinn Betsy's Pancake House í New Orleans vatt afgreiðslukonan Joyce Labruzzo sér að honum og sagði kankvíslega: „Herra forseti, ætlarðu að snúa við mér baki?“

„Nei frú, ekki aftur,“ sagði Bush þá hlæjandi. - gb

Vandræðagangur á CNN:

# Sjónvarpsstöð biðst afsökunar

**BANDARÍKIN** Bandaríska sjónvarpsstöðin CNN hefur beðist afsökunar á því að samtal fréttakvenna á salerni stöðvarinnar heyrðist í sjónvörpum landsmanna á meðan forseti landsins hélt ræðu á þriðjudag í tilefni þess að ár var liðið frá því að fellibylurinn Katrín reið yfir New Orleans. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Samtal fréttakvennanna heyrðist vel, og ræddu þær meðal annars um ágæti eiginmanns annarrar þeirra, og kallaði önnur þeirra mágkonu sína „stjórnsamt skass.“ - smk

Þingmanni hótað:

# Neitað um öryggisbúnað

**HOLLAND, AP** Hollenska þingið hefur lagt fram mótmæli til forsætisráðherra landsins vegna þess að þingmaður, sem hefur fengið morðhótanir, fær ekki þann öryggisbúnað, sem stjórnvöld mæla með í slíkum tilvikum.

Þingmaðurinn, sem heitir Geert Wilders, situr á þingi fyrir Frelsisflokkinn, en sá flokkur berst meðal annars fyrir því að fólk frá öðrum löndum en Vesturlöndum verði ekki leyft að flytja til Hollands næstu fimm árin. Róttækir múslimar hafa hótað honum öllu illu. Þingmaðurinn vill fá málmleitartæki og gegnumlýsingarbúnað til afnota fyrir kosningafundi. - gb

## KÍNA

**Kúariða** Grunur leikur á að rúmlega tvítugur breskur maður, sem er á ferðalagi í Hong Kong, sé haldinn kúariðu. Hann liggur nú á kínversku sjúkrahúsi, en þar sem ekki er hægt að greina kúariðu fyrr en við krufningu eftir lát sjúklings er óljóst hvað hrjáir manninn. Kúariða er hrörnunarsjúkdómur og kemur sjúkdómurinn upp í mönnum eftir neyslu kjöts af sýktum dýrum.

# Rökrétt að hefja hvalveiðar

**Sjávarútvegsráðherra segir skilning á rökum fyrir hvalveiðum fara vaxandi. Rökrétt sé að hefja atvinnuveiðar. Hann segir ekki leika vafa á að hvalveiðar í atvinnuskyni yrðu ábatasamar.**

**STJÓRNMÁL** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra óttast ekki að hvalveiðar í atvinnuskyni hafi áhrif á ferðaþjónustu eða markaði fyrir íslenskar afurðir í útlöndum. Reynslan af vísindaveiðunum, sem nú hafa verið stundaðar í þrjú ár, sýni það. „Fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið mjög mikil og ekki síst á þessu ári, á sama tíma og veiðarnar hafa verið auknar ár frá ári. Í því starfi sem við innum af hendi í ráðuneytinu verðum við ekki vör við andmæli eða andstreymi vegna hvalveiða,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég held að það sé einfaldlega vegna þess að menn skilja í vaxandi mæli svo vel rökin fyrir hvalveiðunum. Þetta er bara hluti af okkar sjálfbæru og ábyrgu nýtingu á auðlindum hafsins og sú nútímalega náttúruverndarstefna sem menn vilja tileinka sér gengur út á sjálfbæra nýtingu en ekki friðun.“



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Einar telur eðlilegt og rökrétt framhald vísindaveiða undanfarinna ára að hefja atvinnuveiðar en um það hafi enn ekki verið tekin ákvörðun. Málið hafi hins vegar verið rætt í ríkisstjórn í tengslum við kynningu á áætlunum um vísindaveiðar.

Undirbúningur lagasetningar um hvalveiðar í atvinnuskyni er ekki hafinn í sjávarútvegsráðuneytinu en Einar segir málið til sífelldrar skoðunar. „Við erum stöðugt að fara yfir þessi mál og auðvitað að reyna að undirbúa þau. Hvalveiðimál eru stöðugt viðfangsefni hjá okkur.“

Ekki er víst að semja þurfi nýtt lagafrumvarp um hvalveiðar, til eru lög síðan veiðar í atvinnuskyni voru stundaðar. Einar segir þau á hinn bóginn ekki í samræmi við lög um stjórn fiskveiða. „Að mínu mati eru lögformlegir þættir ekki þröskuldur í þessu máli og það fer ekki á milli mála að þjóðréttarlega höfum við allan rétt okkar megin til að hefja hvalveiðar hvenær sem við viljum.“ Einar segir það niðurstöðu athugana að ekki þurfi að líða langur tími frá því að yfirlýsing um atvinnuveiðar verði gefin út þar til veiðar gætu hafist. Hann vill þó ekkert segja um hvenær ákvörðun gæti legið fyrir.

Einar segir engan vafa leika á að hvalveiðum í atvinnuskyni myndu fylgja talsverðar tekjur og að veiðarnar yrðu stundaðar á viðskiptalegum grundvelli og á viðskiptalegri ábyrgð þeirra sem þær myndu stunda. bjorn@frettabladid.is



**LEGIÐ VIÐ BRYGGJU** Hvalbátar Hvals hafa legið við bryggju um árabil en einn er nú í slipp. Sjávarútvegsráðherra segir að ekki þurfi að líða langur tími frá því ákveðið verði að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni þar til þær gætu hafist.



www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33934 08/2006

Þessi Hilux hefur fengið 35´breytingu frá Breytingaverkstæði Toyota

## Hilux - Harðskeytt hörkutól

**Hilux** er kjörinn fyrir íslenskar aðstæður. Hann er glæsilegur á yfirborðinu en undir niðri býr ódrepandi harðjaxl. Dugmikil 2,5 lítra dísilvélin kemur þér lengra á þýðan og hljóðlátan hátt. Hilux er hörkuduglegur vinnuhestur sem er byggður til að endast – hvort sem er í hefðbundinni útfærslu sinni eða breyttur af sérfræðingum Breytingaverkstæðis Toyota.

**Hilux - óstöðvandi í starfi og leik.**
**Komdu í reynsluakstur og láttu reyna á´ann í dag.**

Verð frá 2.830.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |




**LEIKUR AÐ MÓTMÆLASKILTI** Þessi unga stúlka leikur sér að mótmælaskilti á útifundi í Nýju-Delhi á Indlandi, sem haldinn var til stuðnings tamílum á Srí Lanka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skortur á vinnuafli leiðir til þess að fyrirtæki ráða til sín yngra starfsfólk:

# Fleiri undir 16 ára í vinnu

**ATVINNUMÁL** Sífellt fleiri unglingar undir sextán ára vinna í stórmörkuðum og matvöruverslunum.

Þetta kemur fram í könnun sem VR gerði meðal félagsmanna sinna. Þar kemur einnig fram að dæmi séu um að börn á aldrinum þrettán til fjórtán ára hafi unnið lengri vinnudag en reglugerð um vinnu barna og unglinga heimili. Þá eru dæmi um að börn vinni á nóttunni, sem einnig brýtur í bága við lög.

Samkvæmt reglugerð um vinnu barna og unglinga má vinnutími barna á aldrinum þrettán til fimmtán ára aðeins vera tveir tímar á skóladegi og tólf klukkustundir á viku.

Meðalaldur félagsmanna VR í stórmörkuðum og matvöruverslunum hefur lækkað um sjö ár á sex árum og er nú 24,4 ár.

Þorvaldur Þorláksson, framkvæmdastjóri Bónusvídeós, segir almennu regluna um ráðningar í Bónusvídeó þá að unglingar undir átján ára aldri séu ekki ráðnir í vinnu. „Það er hins vegar alveg ljóst að skortur á vinnuafli leiðir til þeirrar þróunar að fyrirtæki ráða til sín yngra starfsfólk.“ Þorvaldur segir ásókn unglinga eftir kvöld- og helgarvinnu mikla og algengt sé að þeir vinni með skóla. - hs




**BÓNUSVÍDEÓ SPÖNGINNI** Almenna reglan er sú að unglingar undir átján ára aldri eru ekki ráðnir hjá fyrirtækinu.

Lögreglan í Reykjavík:

## Innbrot og skemmdarverk

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn á læknastofu og fartölvu stolið og verkfæri tekin ófrjálsri hendi af byggingarsvæði í borginni um helgina. Gúmmíbát var stolið úr bílskúr og munir teknir úr geymslu í fjölbýlishúsi, í einhverjum tilfellum gengu þjófarnir inn um ólæstar dyr. Lögregla vill brýna fyrir fólki að ganga frá verðmætum sínum eins vel og kostur er.

Jafnframt var þó nokkuð um skemmdarverk í borginni um helgina. Rúður voru brotnar á nokkrum stöðum og stungið á dekk bifreiðar. Þá var ungur maður handtekinn fyrir að skjóta úr loftbyssu og vinna minniháttar skemmdarverk. - æþe

Byggðaþing á Hallormsstað:

## Rætt um lífið eftir virkjun

**VIRKJUNARMÁL** Hreyfingin Landsbyggðin lifi og Framfarafélag Fljótsdalshéraðs standa fyrir byggðaþinginu Lífið eftir virkjun um næstkomandi helgi.

Á þinginu, sem verður haldið að Hallormsstað, verður rætt um hvernig menn sjái fyrir sér lífið eftir að byggingu virkjunar við Kárahnjúka og álvers Alcoa í Reyðarfirði lýkur.

Þinginu lýkur með afgreiðslu samþykktar eða ályktunar þingsins. - sdg

Framtíðarlandið:

## Haustþing í októberlok

**STJÓRNMÁL** Félagið Framtíðarlandið, sem stofnað var 17. júní síðastliðinn, hefur nú á þriðja þúsund félaga og mun halda haustþing sitt á Nordica hinn 29. október, að sögn Maríu Ellingsen stjórnarmanns.

Yfirskrift haustþingsins verður „Ísland á teikniborðinu“ og eru allir velkomnir til þátttöku.

„Við ætlum að beita okkur sem þrýstiafl og hugmyndaveita og láta reyna á lýðræðið með umræðu. Á þinginu munu vinnuhópar taka fyrir eitt teikniborð hver og skapa umræðu um framtíðarsýn félagsins,“ segir María og minnir á að skráning í félagið fer fram á framtidarlandid.is. - sgj



**MARÍA ELLINGSEN**



**INGIBJÖRG EYFELLS ÁSAMT BÖRNUM Á GEISLABAUG** Enn vantar starfsfólk í fimm stöðugildi á leikskólanum.

# Mannekla á leikskólum

**Þensla og samkeppni um vinnuafl eru taldar helstu ástæður þess hve erfiðlega gengur að manna í leikskólana í Reykjavík.**

**LEIKSKÓLASTARF** Að meðaltali vantar starfsfólk í tvö stöðugildi á hvern leikskóla í Reykjavík að sögn Ragnhildar Erlu Bjarnadóttur, aðstoðarsviðsstjóra menntasviðs. Fundur er í menntaráði eftir helgi en engar frekari upplýsingar hafa fengist um stöðuna eins og hún er nú.

Auglýst var eftir 47 starfsmönnum á leikskólum í Reykjavík um síðustu helgi og þar af vantaði í stöður 33 leikskólakennara.

Enn vantar í fimm stöðugildi á leikskólann Geislabaug í Grafarholti og segir Ingibjörg Eyfells leikskólastjóri að einungis tvær umsóknir hafi borist um þessi störf. „Á meðan ekki næst að ráða í stöðurnar komast þau börn sem enn bíða eftir plássi ekki að.“ Ingibjörg segir mikið um að þeir sem ráði sig séu að taka sér frí frá námi og starfi því aðeins í skamman tíma.“

Ingibjörg segir manneklu á leikskólanum að verða árlegt vandamál og þenslan í þjóðfélaginu bæti ekki úr skák. „Þó svo launin hafi hækkað eru þau enn ekki nægjanlega há,“ segir Ingibjörg og tekur dæmi af konu sem hafði mikinn áhuga á að starfa á leikskólanum en sá sér það ekki fært vegna launanna.

Ingibjörg segir skort á leikskólakennurum verulegan en vonar jafnframt að ekki þurfi að koma til lokunar eins og í fyrra.

Þess má geta að ófaglærður 20 ára starfsmaður á leikskóla fær nú um 132 þúsund krónur í mánaðarlaun sem er hækkun úr 116 þúsund krónum frá í fyrra. Þá fær starfsmaður með grunnmenntun í uppeldisfræðum og nokkurra ára starfsreynslu tæplega 160 þúsund krónur á mánuði.

Ástandið á Geislabaug er ekkert einsdæmi og á Maríuborg vantar tvo leikskólakennara til starfa en engar umsóknir hafa borist í þau störf. Þar eins og á Geislabaug bitnar mannekla á börnum á biðlista sem ekki er hægt að taka inn fyrr en búið er að ráða starfsfólk.

Stefán Jón Hafstein, fulltrúi í menntaráði, segir nýstofnað leikskólaráð engu breyta um stöðu ráðninga á leikskólum. „Á sama tíma í fyrra þegar verið var að ráða á leikskólana skammaði Sjálfstæðisflokkurinn R-listann fyrir aumingjaskap í þessum málum, en í raun endurspeglar ástandið aðeins mikla samkeppni um vinnuafl. Þenslan er enn mikil og það er ástæðan fyrir manneklunni nú eins og í fyrra.“ - hs

STJÓRNENDAAKADEMÍA
STJÓRNENDASKÓLA HR



STJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Stjórnendaskóli HR býður nú upp á vandaða og öfluga námslínu þar sem kennd eru stjórnunarfræði eins og þau gerast best. Námið er fyrst og fremst ætlað fólki sem er í stjórnunarstöðu innan fyrirtækja/stofnana, og stefnir að framúrskarandi árangri í leik og starfi.

Leiðbeinendur:
Aðalsteinn Leifsson,
Þórhallur Gunnarsson,
Guðrún Högnadóttir,
Ásta Bjarnadóttir,
Finnur Oddsson og
Hulda Dóra Styrmisdóttir



NÁMSLÍNA

| | DAGS.: | TÍMI: |
|---|---|---|
| Samningatækni og ákvörðunartaka | 14. og 15. sept. | kl. 12:00 - 18:00 |
| Skilvirk samskipti | 28. og 29. sept. | kl. 09:00 - 13:00 |
| Stjórnandinn og forystuhlutverkið | 12. okt. | kl. 08:30 - 14:30 |
| Mannauðsstjórnun | 26. og 27. okt. | kl. 12:00 - 18:00 |
| Frammistöðustjórnun | 9. nóv. | kl. 12:00 - 18:00 |
| Að laða fram það best (The Coaching Clinic) | 23. og 24. nóv. | kl. 08:30 - 14:30 |
| Breytingastjórnun | 30. nóv. | kl. 12:00 - 18:00 |

Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is

FABRIKAN 2006

Nánari upplýsingar veitir:
Guðrún Helga Hamar
Verkefnastjóri
Sími: 599 6404
gudrunhelga@ru.is

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Stökk af svölum með tvö börn sín:

## Geðheilsa föður rannsökuð

**GRIKKLAND, AP** Breskur faðir, sem stökk með tvö börn sín af hótelsvölum þegar fjölskyldan var í fríi á Grikklandi með þeim afleiðingum að ungur sonur hans lést, mun gangast undir geðrannsókn, að sögn grískra saksóknara í gær.

Maðurinn, sem er 32 ára, var handtekinn í kjölfar atburðarins, sem varð 15. ágúst. Hann hefur verið ákærður fyrir morðið á sex ára syni sínum og tilraun til að bana tveggja ára dóttur sinni, en hún handleggsbrotnaði í fallinu.

Fjölskyldan var í fríi á Krít, og var herbergi þeirra á fjórðu hæð. Maðurinn liggur á sjúkrahúsi vegna áverka sem hann hlaut þegar hann stökk. - smk



hagstæðustu heildarinnkaupin
skemmtilegri innkaup
ódýrt
frábært verð
GOÐI
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 297 kr/kg
Verð áður 424 kr/kg
Goða saltkjöt
þú sparar 400 kr/kg
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 1199 kr/kg
Verð áður 1599 kr/kg
Goða lambasteik krydduð
þú sparar 422 kr/kg
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.267 kr/kg
Verð áður 1.689 kr/kg
BK grísakótilettur djúpkryddaðar
GOUDA
15%
afsláttur við kassa
O&S Gouda 17% BPK og í sneiðum
þú sparar 249 kr/kg
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 749 kr/kg
Verð áður 998 kr/kg
Nettó brauðskinka
þú sparar 620 kr/kg
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 2.062 kr/kg
Verð áður 2.749 kr/kg
Nettó hangiálegg
þú sparar 100 kr/pk
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 239 kr/pk
Verð áður 339 kr/pk
Kexsmiðju möndlukaka og jólakaka
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
þú sparar 120 kr/stk
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 279 kr/stk
Verð áður 399 kr/stk
Freschetta Pizza Roma
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 31. ágúst til 3. september eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó



**Í LEIT AÐ GRASI** Óvenju kalt veður olli því að snjór féll í Alpahéruðum Austurríkis og þessi kýr varð því að fara á stúfana að leita sér að grasi undir snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samráð ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmálin gengur vel:

# Fresta fyrir þrjá milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Sveitarfélögin hafa ákveðið að fresta framkvæmdum fyrir hátt í þrjá milljarða króna á þessu ári og fram á mitt næsta ár. Þar af eru framkvæmdir fyrir tæpa tvo milljarða á þessu ári.

Þetta kom fram á fundi fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og fulltrúa stærstu sveitarfélaganna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í gærmorgun.

Á fundinum lýsti fjármálaráðherra vilja til þess að veita sveitarfélögunum svigrúm til þess að fresta framkvæmdum án þess að það komi niður á fjárstyrk þeirra frá ríkinu og er stefnt að því að sveitarfélög geti frestað fráveituframkvæmdum og hafnarframkvæmdum án þess að tapa styrk.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar en Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að góðar ábendingar hafi borist frá sveitarfélögunum. Þær verði skoðaðar með jákvæðum hætti.

„Við ætlum að dýpka samráð um efnahagsmál og reyna að vinna þetta saman þannig að við förum sameiginlega yfir stöðuna, lesum hana eins og bregðumst við á svipaðan hátt,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. - ghs



**ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknir í Svíþjóð:

## Bóluefni gegn HIV þróað

**SVÍÞJÓÐ** Rannsóknir sænskra vísindamanna á bóluefni gegn HIV lofa góðu. Niðurstöður sýna að bóluefnið er öruggt og virkjar ónæmiskerfi líkamans hjá yfir níutíu prósentum þeirra sem tóku þátt í rannsókninni.

Á fréttavef Dagens Nyheter kemur fram að vísindamennirnir hafi þróað DNA-bóluefni sem kveiki á ónæmiskerfinu.

Það sé gefið með öðru bóluefni og virðist ekki hafa mikið af óæskilegum aukaverkunum. Stefnt er að því að prófa ónæmiskerfið á fólki í mikilli smithættu í Afríku. - ghs

Metfjöldi ferðamanna í júlí:

## Flestir koma frá Bretlandi

**FERÐAMENN** Fjöldi erlendra ferðamanna í júlí síðastliðnum sló met en þá fóru tæplega 67 þúsund erlendir ferðamenn um Leifsstöð. Þetta er fjölgun um tæplega 1.700 manns á milli ára, 2,6 prósent.

Flestir ferðamenn hafa komið frá Bretlandi og Bandaríkjunum það sem af er ári en þeim fer einnig fjölgandi sem koma frá Norðurlöndunum og Þýskalandi.

Frá áramótum til júlíloka í ár eru erlendir ferðamenn sem fóru um Leifsstöð 216 þúsund talsins.

Undanfarin ár hafa fleiri ferðamenn komið til landsins í ágúst en í júlí og því ekki ósennilegt að þá verði nýtt met sett í fjölda erlendra gesta. - hs

Fár á flugvelli vestra:

## Arabískt letur er óæskilegt

**NEW YORK** Ungur arkitekt, sem á ættir að rekja til Íraks, var stöðvaður af öryggisvörðum á Kennedy-flugvelli eftir innskráningu í innanlandsflug, fyrr í mánuðinum. Tilefnið var stuttermabolur sem maðurinn klæddist, en á hann var prentuð áletrunin „Við munum ekki þegja“ á arabísku og ensku.

Fréttastofa BBC segir að manninum hafi verið gert að skipta um bol vegna uggandi farþega, sem óttuðust merkingu arabísku skilaboðanna. Maðurinn segist sleginn vegna atviksins, hann hafi alist upp í alræðisríki, en ekki búist við álíka höftum á tjáningarfrelsið þar vestra. - kóþ

# Grunnar opnir í áratugi

**Tveir grunnar hafa staðið opnir á Landspítalalóðinni við Hringbraut hátt í annan áratug. Annar grunnurinn er afgirtur á baklóð en á hinum standa steypustyrktarjárnin upp í loftið. Beðið er ákvarðana um háskólasjúkrahús.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Tveir húsgrunnar hafa staðið opnir á Landspítalalóðinni við Hringbraut vel á annan áratug; húsgrunnur við K-álmu Landspítala-háskólasjúkrahúss hefur staðið afgirtur um og yfir annan áratug og við Læknagarð hafa steypustyrktarjárnin staðið upp í loftið í svipaðan tíma eða lengur.

Framkvæmdir við K-álmu hófust um 1985 og var rúmlega þriðjungur fyrirhugaðrar byggingar tekinn í notkun um 1990. Alltaf stóð til að klára bygginguna og var grunnurinn því látinn standa ófylltur en aldrei fékkst fjármagn í framhaldið.

Aðalsteinn Pálsson, forstöðumaður Byggingasviðs LSH, segir að auðvitað sé leiðinlegt að hafa svona svæði inni á lóð en grunnurinn sé á starfsmannasvæði á baklóð spítalans og þar eigi engir gestir leið um.

„Það er allt annað ef þetta hefði verið gapandi sár þar sem gestir og sjúklingar koma að,“ segir hann og telur engin slys hafa orðið í tengslum við grunninn. „Það hafa engar uppákomur verið en útlitslega séð er þetta ekki skemmtilegt,“ viðurkennir hann.

Aðalsteinn segir að verði fyllt upp í grunninn muni veggurinn gefa eftir og fyllingin flæða inn því að léttur gifsveggur loki byggingunni. Til umræðu sé að byggja við húsið til að stækka plássið og loka byggingunni. Þegar það skýrist hvaða hlutverk húsið fær við byggingu nýs háskólasjúkrahúss verði byggingin kláruð og grunninum lokað.

Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs hjá Háskóla Íslands, segir að Læknagarður sé aðeins fyrsti turninn af fjórum. Ekki hafi verið hægt að halda áfram með bygginguna út af fjárskorti og nú sé ljóst að hún verði rifin.

„Fyrsti áfangi hússins var byggður 1977-1978. Í upphafi voru hugmyndir um að fljótlega yrði ráðist í næstu áfanga en meðal annars vegna fjárskorts varð ekki úr því,“ segir hann.

„Gengið hefur verið frá grunninum þannig að ekki á að stafa af honum nein slysahætta. Búið er að fylla hann af möl og járn sem standa upp úr eru klædd.“

Við VR III á háskólalóðinni er grunnur sem hefur verið fylltur og virkar sem bílastæði.

ghs@frettabladid.is



**GRUNNUR VIÐ LÆKNAGARÐ** „Gengið hefur verið frá grunninum þannig að ekki á að stafa af honum nein slysahætta,“ segir Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Háskóla Íslands FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**GRUNNUR VIÐ K-ÁLMU** K-álmu var lokað með léttum gifsvegg þar sem til stóð að halda áfram með bygginguna. Ef fyllt væri í grunninn nú myndi veggurinn gefa eftir og jarðvegurinn flæða inn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





**STAÐALBÚNAÐUR:** 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00.

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

Aukahlutir á mynd: 17" álfelgur

**SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:**

| | |
|---|---|
| Beinskiptur Sedan | 1.990.000 kr. |
| Sjálfskiptur Sedan | 2.140.000 kr. |
| Beinskiptur Wagon | 2.060.000 kr. |
| Sjálfskiptur Wagon | 2.190.000 kr. |




SENSAI
CELLULAR PERFORMANCE - NÝR FARÐI FRÁ KANEBO

SASAKI-SAN FRÁ TOKYO VERÐUR Í HAGKAUPUM 31. ÁGÚST – 2. SEPT.

Einn heitasti förðunarmeistarinn í dag Sasaki-san mun bjóða upp á förðun og sýna nýjan farða sem veitir einstakan lit og fullkomna áferð í Hagkaupum Kringlu 31. ágúst til 2. sept. og í Hagkaupum Smáralind 1. og 2. sept. Þú getur pantað tíma í förðun í síma 551-2025 eða komið til að kynnast því nýjasta. Vertu fyrst til þess að eignast Sensai farðann.

SENSAI CELLULAR PERFORMANCE TOTAL FINISH FOUNDATION, CREAM FOUNDATION

http://kanebo.is

Kanebo
INTERNATIONAL

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Fjölbreyttur fimmtudagur!
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
LAMBA-FRAMHRYGGJASNEIÐAR
1.189 kr. kg
Bezt á lambið
Úr Fiskborði Nóatúns
SALTFISKFLÖK ÚR FISKBORÐI
898 kr. kg
Lambakjöt af nýslátruðu
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU
1.398 kr. kg
LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
1.198 kr. kg
LAMBASÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
498 kr. kg
HEAD & SHOLDER SJAMPÓ
336 kr. stk.
2 FYRIR 1
2 FYRIR 1 HEILHVEITIBRAUÐ
287 kr. 2 stk.
COCA PUFFS MORGUNKORN
369 kr. pk.
TSZZZ



Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar
1000 kr. kg
LAMBALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
2.798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSALUNDIR
M/ SÆLKERAFYLLINGU
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
UNGNAUTAGÚLLAS
Í VILLISVEPPASÓSU
1.198 kr. kg
úrvals innmatur
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBALIFUR
298 kr. kg
LAMBAHJÖRTU
398 kr. kg
40% afsláttur
MÓA BUFFALO VÆNGIR
395 kr. kg
30% afsláttur
KRONFAGEL BRINGUR
1.598 kr. kg
AB mjólk - létt
með eplum og gulrótum
eða með ferskjum og vanillu
15% afsláttur
EGILS CIDER
2 L
179 kr. 2 l.
Ariel þvottaefni
ARIEL ÞVOTTAEFNI
2.85 KG
1.398 kr. pk.
750 ml Lenor mýkingarefni
fylgir með Ariel þvottaefni!
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

Sunddeild Ármanns
Barnasund
Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára
hefst laugardaginn **16. september nk.**
í Árbæjarskóla
Ungbarnasund
Námskeiðið hefst 9. september nk. í Árbæjarlaug.
Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00
í síma 866 0122 Eygló eyglo@sjukratjalfun.is

ÚTSALA
Plankaparket · Stafaparket
Fljótandi parket · Gólfflísar
Náttúrusteinn · Innihurðir
15-50%
Parki INTERIORS
Flott fyrir þig!
www.parki.is Dalvegi 18 Kópavogi, sími 564 3500

Félagsmenn Starfsgreinasambandsins:

# Eru tæp 50 þúsund

**VINNUMARKAÐUR** Félagsmenn Starfsgreinasambandsins, SGS, eru nú rúmlega fjörutíu og átta þúsund talsins í tuttugu og sex stéttarfélögum. Þetta kemur fram á vef Starfsgreinasambandsins.

Efling-stéttarfélag í Reykjavík er stærst, með um nítján þúsund félagsmenn, en Verkalýðsfélag Hrútfirðinga er minnst, með fimmtíu og sex félagsmenn. Félagsmenn hjá ríki og sveitarfélögum eru flestir eða tæplega tíu þúsund talsins, félagsmenn á matvælasviði eru tæplega níu þúsund og á bygginga- og flutningasviði eru þeir ríflega sjö þúsund. Á öðrum sviðum skipta félagsmenn líka þúsundum. **- ghs**



**FJÖLMENNUR HÓPUR** 19 þúsund félagsmenn eru í Eflingu.



**LÖGREGLA ELTI NÍÐINGINN** Lögreglubíll skemmdist við það að króa ökuníðinginn af. Ökumaðurinn er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum vímuefna.

Ökuníðingur ók um stíga í Fossvogsdal á stolnum bíl:

# Sjö lögreglubílar eltu ökuþór

**LÖGREGLA** Ökuníðingur um tvítugt geystist um vegi og vegleysur höfuðborgarsvæðisins í fyrrinótt og reyndi að stinga lögreglu af. Hann náðist að lokum og í hamaganginum skemmdist lögreglubíll.

Um þrjúleytið í fyrrinótt gaf lögreglan í Kópavogi ökumanni bílsins stöðvunarmerki sem hann sinnti ekki. Hann stakk af á miklum hraða og virti engar umferðarreglur. Maðurinn lét sér ekki nægja að aka á götum, heldur ók einnig eftir göngustígum í Fossvogsdal, áleiðis til Reykjavíkur.

Þá var fengin aðstoð frá lögreglunni í Reykjavík til að hafa hendur í hári mannsins. Eftirförin barst um fjölda gatna í borginni uns bíllinn var loks króaður af í Laugardalnum. Við það skemmdist einn lögreglubíll lögreglunnar í Reykjavík.

Pilturinn sem ók reyndist hafa tvær stúlkur með sér í bílnum, og voru þau öll handtekin og færð til yfirheyrslu. Í ljós kom að bifreiðinni hafði verið stolið fyrr um nóttina, auk þess sem ökumaðurinn er grunaður um akstur undir áhrifum vímuefna. Þeim var öllum sleppt í gærmorgun.

Tveir bílar frá lögreglunni í Kópavogi eltu ökuþórinn og fjórir bílar frá lögreglunni í Reykjavík, auk eins sérsveitarbíls. Engan sakaði í eftirförinni, en stolni bíllinn skemmdist mikið. **- sh**

SKYLDI HÆN

Maður ákærður á Akranesi:

# Tvær líkamsárásir sama kvöld

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir tvær líkamsárásir sem honum er gert að hafa framið fyrir utan og á skemmtistað á Akranesi í júní.

Fyrst mun hann hafa ráðist á karlmann á sjötugsaldri og skallað hann í andlitið.

Síðar um kvöldið er honum gert að sök að hafa ráðist á mann á fimmtugsaldri, hent honum nokkrum sinnum utan í vegg og sparkað í hann liggjandi með þeim afleiðingum að hann fór úr axlarlið. Sá maður fer fram á tæpa milljón króna í skaðabætur.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær. **- sh**

Fjölkvæni í Bandaríkjunum:

# Trúarleiðtogi handtekinn

**LAS VEGAS, AP** Bandarískur leiðtogi í trúfélagi sem iðkar fjölkvæni var handtekinn í Nevada-ríki í Bandaríkjunum í gær en maðurinn er ákærður fyrir kynferðisafbrot gegn stúlkum undir lögaldri og fyrir að eiga aðild að nauðgunum. Maðurinn, Warren Steed Jeffs, var á lista yfir tíu mest eftirlýstu mennina hjá Alríkislögreglunni.



**WARREN STEED JEFFS**

Jeffs tók við leiðtogastarfi föður síns í trúfélagi í Utah og Arizona árið 2002. Faðir hans átti 65 börn með nokkrum konum og við dauða föður síns gerði Jeffs ekkjur hans að eiginkonum sínum. Talið er að Jeffs eigi að minnsta kosti fjörutíu eiginkonur og um sextíu börn sjálfur. Þegar Jeffs varð leiðtogi safnaðarins fjölgaði hjónaböndum stúlkna undir aldri á svæði safnaðarins upp í nokkur hundruð og er hann kærður fyrir að neyða stúlkurnar, sem sumar voru aðeins þrettán ára gamlar, í hjónaband.

Um tíu þúsund manns eru í trúarsöfnuðinum, sem klofnaði frá trúfélagi mormóna fyrir um hundrað árum þegar meginkirkja mormóna hafnaði fjölkvæni. **-rsg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í timbursölu BYKO** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að timbursölu BYKO í Kópavogi um áttaleytið á þriðjudagskvöld vegna elds. Starfsmönnum timbursölunnar hafði tekist að slökkva eldinn, sem var minniháttar, og aðstoðaði slökkviliðið við að reykræsta húsnæðið. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá vélsög sem var í notkun.

## DANMÖRK

**Pósturinn dreifir Nyhedsavisen** Fríblaðið Nyhedsavisen og danski pósturinn hafa fengið leyfi samkeppniseftirlits Danmerkur til að stofna saman dreifingarfyrirtæki, sem gert verður að sjá um dreifingu Nyhedsavisen. Mun nýja fyrirtækið bera nafnið Morgundreifing og ekki dreifa öðrum fríblöðum en Nyhedsavisen.





A HAFA SÁL?


Nýslátrað
frábært verð
1098 kr. kg
1603
Goða Gourmet lambalæri
31% afsláttur
997 kr. kg
1449
Goða goumet ungnautahakkk
Cheerios tvöfaldur
548 kr/pk
Happy Day ávaxtasafi 2L
269 kr/2Ltr
Egils Kristall 2L
149 kr/2Ltr
15% afsláttur
Gouda 17% ostsneiðar
Myllu samloku-brauð hvítt 1/1
149 kr/stk
Flora frábært á brauðið
139 kr/pk
Goða skinka
249 kr/pk
30% afsláttur
Vatnsmelóna rauð
79 kr/kg
Íslenskt hvítkál
129 kr/kg
Alpen original musli
399 kr/pk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
520 kr. kg
659
Fjörfiskur Spjátrungur ýsubitar
30% afsláttur
1189 kr. kg
1698
Goða gourmet rauðvíns ofnsteik
Með allt á hreinu!
Charmin salernisrúllur 24stk
Persil 5kg Þvottaefni
Vanish framúrskarandi blettahreinsir
Cillit Bang auðveldar þrifin
Closan Flush WC hreinsir
Len mýkir fylgir frítt með Persil þvottaefni.
Len ferskju 2L og Len Cool fresh 2L
20% afsláttur
Af hreinsivörum
Örtrefjaklútur
Borðklútur köflóttur
Fægiskófla
Moppusett m/riflás og moppa
Gólfskrúbbur með skafti
Latexhanskar 10stk í pakka
Moppusett m/riflás og örtrefjamoppa
Gólfkústur með skafti
Uppþvottabursti
Grisjuklútur ópakkaður
Alltaf tilboð alla daga



**FUGL Á HÖFÐI** Á tískuviku í Nýju-Delhi á Indlandi gat að líta þessa höfuðskreytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk rannsókn á námsárangri barna:

# Kyn kennarans skiptir öllu

**VÍSINDI, AP** Kyn kennara skiptir miklu máli í námi barna, að því er fram kemur í nýrri bandarískri rannsókn. Sýnir hún að drengir læra meira af karlkyns kennurum en stúlkur af konum og að kennarar af sama kyni auka frekar á sjálfsöryggi og áhuga nemandans.

Vísindamaðurinn Thomas Dee fór yfir könnun sem gerð var árið 1988 og tók til 25.000 bandaríska grunnskólanema. Voru niðurstöðurnar birtar í bandaríska tímaritinu Education Next í vikunni.

Dee varar fólk þó við því að draga of skjótar ályktanir af rannsókninni og bendir á að hann sé síður en svo að mæla með kynskiptu grunnskólanámi.

„Við ættum frekar að velta ástæðunni fyrir okkur,“ sagði hann og bætti við að hann vonaðist til þess að niðurstöðurnar leiddu til frekari rannsókna á þessu sviði.

Niðurstöðurnar eru þó afar umdeildar og gagnrýna sumir Dee fyrir hvernig staðið var að rannsókninni, sem unnin var upp úr átján ára gömlum gögnum.

Að sögn Reg Weaver, formanns stærsta stéttarfélags kennara í Bandaríkjunum, NEA, skipta vel menntaðir kennarar, góðar námsbækur, fáir nemendur í hverjum bekk og nýtískulegt námsefni miklu meira máli en kyn kennarans, þegar litið er til námsárangurs barna. - smk



**THOMAS DEE** Telur kyn kennarans breyta miklu um námsárangur barna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðelskandi borgarbúar:

# Krotuðu á stétt Stjórnarráðsins

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík hafði á fjórða tímanum í fyrrinótt afskipti af tveimur tvítugum stúlkum sem teiknað höfðu friðarmerki á stéttina fyrir framan Stjórnarráðið í Lækjargötu. Sést hafði til þeirra við verknaðinn og var haft samband við lögreglu. Hún fór á vettvang, ræddi við stúlkurnar og fékk þær til að láta af krotinu en hafði ekki frekari afskipti af þeim.

Að sögn lögreglu voru stúlkurnar allsgáðar og notuðu krítar til verksins.

Stéttin hefur verið þrifin og telst málinu lokið. - sh

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

HLUTHAFAFUNDUR CCP hf.

Stjórn CCP hf., kt. 450697-3469, boðar hér með til hluthafafundar í félaginu á skrifstofu þess að Grandagarði 8, Reykjavík, þann 7. september 2006 og hefst hann kl. 16:00.

DAGSKRÁ

I. Kjör eins aðalmanns í stjórn félagsins með vísan til 2. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

II. Tillaga stjórnar CCP hf. um að veita stjórninni heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé þess um allt að kr. 400.000 að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Heimildin gildi í 5 ár og má einungis nota í tengslum við gerð kaupréttarsamninga við starfsmenn þess. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum.

III. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórn CCP hf.

CCP

# Stjórnvöld vilja framleiðslu í sv

**Innan landbúnaðarráðuneytisins er vilji til að efla lífræna taka. Formaður Bændasamtaka Íslands vill ekki sækja au**

**ATVINNUMÁL** Innan landbúnaðarráðuneytisins er ekki talin fyrirstaða fyrir því að efla lífræna framleiðslu á Íslandi með auknum opinberum stuðningi. Ákvörðun um stuðning hins opinbera er háð áhuga samtaka bænda fyrir eflingu slíkrar ræktunar og þá er horft til þess að beina hluta af því fjármagni sem þegar rennur til landbúnaðarins til lífrænnar ræktunar. Þetta er mat Hákonar Sigurgrímssonar, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu.

Lífræn ræktun er talin einn helsti vaxtarbroddur í framleiðslu matvæla í heiminum en ný skýrsla starfshóps um lífræna framleiðslu sýnir að Íslendingar standa öðrum þjóðum í Vestur-Evrópu langt að baki við að tileinka sér lífrænar aðferðir við ræktun og vinnslu landbúnaðar- og náttúruafurða. Skýrsluhöfundar telja að til verði að koma stóraukinn opinber stuðningur og framtíðaráætlun um hvernig slík framleiðsla verður efld því annars tapist dýrmætt tækifæri til atvinnu- og byggðaþróunar.

Hákon segir að stjórnvöld hafi ekki sofið á verðinum því landbúnaðarráðuneytið hafi lagt áherslu á að tryggja stjórnsýslulegt umhverfi lífrænnar framleiðslu sem sé nú að öllu leyti sambærilegt við það sem gerist í löndum Evrópusambandsins. Hákon segir jafnframt að þrátt fyrir að lífrænir bændur njóti ekki hliðstæðra styrkja og í löndum ESB þá hafi verið veittir styrkir til endurræktunar túna, akra og gróðurhúsa vegna aðlögunar að lífrænni ræktun og vegna kostnaðar við vottun. Einnig hafi ráðuneytið veitt styrki til frumkvöðla á þessu sviði. „Hins vegar hefur áhugi bænda almennt verið mjög lítill á þessu verkefni og ekki mikill áhugi á að efla lífræna framleiðslu sérstaklega,“ segir Hákon.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að ef markaðurinn sé til staðar þá muni ekki standa á bændum og Bændasamtökunum að snúa sér að því að efla lífræna framleiðslu. „En ég vil ekki að við förum að sækja inn í ríkissjóð þann aukakostnað



**KJÖTVINNSLA** Lífræn framleiðsla lýtur að öllum þáttum ræktunar og vinnslu landbúnaðar- og náttúruafurða. Stjórnvöld sjá enga fyrirstöðu fyrir því að efla slíka framleiðslu og kalla eftir viðbrögðum framleiðenda og samtaka þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EÐALDAGAR




VW Touareg V8 4,2
skráður 10/05 ek. 10.000
verð 7.190.000 kr.




MMC Pajero 3,5 GLS
skráður 06/00 ek. 103.000
verð 2.190.000 kr.




Lexus IS200
skráður 04/04 ek. 35.000
verð 2.600.000 kr.

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 | laugardaga 12–16

Deila Rússa og Japana:

## Sjómönnunum sleppt úr haldi

**TÓKÝÓ, AP** Rússnesk yfirvöld slepptu í gær japönsku fiskimönnunum tveimur sem handteknir voru um miðjan mánuðinn fyrir ólöglegar veiðar í lögsögu Rússlands.

Handtakan olli nokkrum titringi í samskiptum þjóðanna, en Rússar skutu þriðja sjómanninn til bana við handtökuna. Sá fjórði, skipstjórinn, verður áfram í haldi rússneskra yfirvalda, en hann segist bera gjörvalla ábyrgð á atvikinu. Einnig var skipinu sjálfu haldið eftir og harmaði talsmaður japanskra yfirvalda það, en þau eru síst ánægð með framgöngu Rússa í málinu. **- kóþ**

Dómsmálaráðuneytið segir fórnarlömb heimilisofbeldis geta fengið dvalarleyfi:

# Mannúðarsjónarmið ráða för

**DVALARLEYFI** Sex konur frá ríkjum utan EES-svæðisins leituðu til Alþjóðahúss á dögunum, því útlit var fyrir að þær yrðu sendar úr landi í kjölfar skilnaðar við eiginmenn sína. Sumar kvennanna höfðu verið beittar heimilisofbeldi. Dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun hafa nú tekið saman lýsingu á gildandi lögum um þessi mál.

Þegar útlendingi sem dvelur á landinu er synjað um dvalarleyfi er honum gert að yfirgefa landið innan ákveðins tíma af sjálfsdáðum. Ef hann verður ekki við því kveður Útlendingastofnun á um brottvísun og útlendingnum er gefið færi á að koma útskýringum sínum á framfæri.



**DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Útlendingar geta fengið dvalarleyfi ef mannúðarsjónarmið eða sterk tengsl viðkomandi við landið eru tekin til greina.

Þegar útlendingur leiðir dvalarleyfi sitt af hjúskapi, en skilur við maka sinn vegna heimilisofbeldis, geta stjórnvöld skoðað hvort hægt sé að veita honum dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þau leyfi eru einungis veitt ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða ef útlendingurinn á sérstök tengsl við landið. Dæmi um það hvenær þetta ákvæði má nýta er til dæmis ef náinn aðstandandi útlendingsins veikist skyndilega eða hann hefur verið búsettur á landinu til lengri tíma.

Hvert mál verður þó að meta sérstaklega, að sögn dómsmálaráðuneytis, og alla málavexti verður að kynna Útlendingastofnun. **- sgj**

Breska frjósemisstofnunin:

## Akfeitar verði ekki frjóvgaðar

**BRETLAND** Lagt hefur verið til að konur sem teljast eiginlegir offitusjúklingar fái ekki að fara í frjósemisaðgerðir í Bretlandi, nema þær fari fyrst í megrun. Hjá akfeitum konum mun vera mikil hætta á ýmsum kvillum á meðgöngu.

BBC greinir frá því að frjósemisstofnunin hafi einnig lagt til að konum á fimmtugsaldri verði neitað um gervifrjóvgun, sem og konum sem eru langt undir meðalþyngd. Lesbíum á hins vegar að hleypa í frjósemisaðgerðir og sama gildir um konur sem reykja. **- kóþ**

# efla lífræna eitum landsins

framleiðslu. Skilyrðið er áhugi bænda og bændasamakostnað við framleiðslu til ríkisins heldur til neytenda.



sem fylgir því að framleiða vottaðar lífrænar vörur, það verður markaðurinn að borga.“ Haraldur segir að þeir sem hafa þraukað í lífrænni ræktun séu farnir að uppskera árangur erfiðis síns og með bættri afkomu og heilsuvitund þjóðarinnar þá vaxi slík ræktun. „En það hefur engin umræða farið fram innan samtakanna um að setja sérstakt fjármagn í að efla lífræna ræktun umfram það sem nú er gert.“

**svavar@frettabladid.is**



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


NÝR STÁLSÉRFRÆÐINGUR

Létt ferða-MIG-vél fyrir atvinnumanninn og þig.

Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn, - vélin sér um restina.

Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló



100 METRA framlengingarsnúrur eru EKKERT MÁL

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR - TÆKI - VERKFÆRI

100% KEMPPI

Nethyl 2 Sími: 510 9100
Fax: 510 9109 www.istaekni.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu






**VW Passat Highline 2,0 Turbo**
skráður 11/05 ek. 7.000
verð 3.650.000 kr.




**Mercedes Benz ML 270 Cdi**
skráður 09/05 ek. 26.000
verð 5.640.000 kr.

3,69% VEXTIR*

BÍLAÞING HEKLU

*Númer eitt í notuðum bílum*

*M.v. SP-bílasamninga

Laugavegi 174 sími 590 5000 | Kletthálsi 11 sími 590 5760

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

„ORÐRÉTT“

**Erfitt að halda fatafellu**
*„Ég gat ekki haldið henni. Það var bara ekki hægt.“*
**Viðar Már Friðfinnsson, framkvæmdastjóri Bóhem, segist saklaus af líkamsárás á eina starfsstúlkna sinna. Fréttablaðið 29. ágúst.**

**Lætur grasið eiga sig**
*„Það hefði verið vesen ef ég hefði farið að hlaupa inn á grasið. Þá væri ég í fangelsinu núna í Barcelona.“*
**Sverrir Þór Sverrisson hitti Eið Smára Guðjohnsen félaga sinn í Barcelona. Fréttablaðið 30. ágúst.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HJALTI ÞÓR VIGNISSON BÆJARSTJÓRI

## *Fyrirtækisferð hálftæmir bæinn*



„Héðan úr Hornafirði er allt mjög gott að frétta,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði. „Við á Höfn erum að undirbúa Ungmennalandsmót sem verður haldið á næsta ári. Við ætlum að fara að byggja hér upp íþróttavelli og væntanlega sundlaug, þótt við byrjum nú ekki á henni fyrr en eftir áramót. Við hyggjum á að bæta aðstöðu fyrir íþróttir hér mjög. Við erum að undirbúa veglagningu yfir Hornafjarðarfljót og við vonum að við getum tekið hann í notkun árið 2010 eða 2011. Það er auðvitað mjög stór og mikil framkvæmd.“

Hjalti er ánægður með það hvernig sumarið hefur gengið. „Svo hefur verið virkilega góður gangur í ferðaþjónustu hér í sumar. Mikið af ferðamönnum og allir ánægðir. Við erum að undirbúa stóra Vatnajökulsþjóðgarðinn sem mun vonandi gera mikið fyrir ferðaþjónustu og mannlíf á svæðinu.“

Hjalti segir Skaftafell, Jökulsárlón og Vatnajökul vera vinsælustu ferðamannastaðina að vanda. „Og svo náttúrlega Höfn. Við erum að byggja Höfn upp sem ferðamannastað, erum búin að opna nýjan, stóran og glæsilegan golfvöll og svo erum við alltaf með jöklasýninguna okkar. Golfvöllurinn er mjög óhefðbundinn og skemmtilegur því sumar brautirnar liggja um voga og víkur sem gefur vellinum aukið gildi.“ Og Hjalti verður sjálfur ferðamaður um helgina. „Ég er að fara sem maki í helgarferð til Tallinn í Eistlandi á vegum Skinneyjar-Þinganess í tilefni af 70 ára afmæli fyrirtækisins. Það er fjöldinn allur af fólki héðan af Hornafirði sem er að fara í þá ferð og ætli bærinn hálftæmist ekki á meðan.“

**SJÓNARHÓLL**
**FRESTUN VEGAFRAMKVÆMDA**



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON ÞINGMAÐUR

### *Vegirnir hálfgerðir hestaslóðar*

„Ég veit ekki til þess að sveitarfélög á norðausturhorninu og á Vestfjörðum séu í miklum framkvæmdum,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í vikunni að því fyrr sem sveitarfélögin hægðu á sínum framkvæmdum því fyrr yrði hægt að ráðast í brýnar vegaframkvæmdir. „Vegirnir milli Kópaskers og Raufarhafnar og víða á Vestfjörðum eru malarvegir og í raun hálfgerðir hestaslóðar og þola ekki þá þungaflutninga sem um þá fara daglega. Það er ekki verjandi að fresta vegaframkvæmdum þar sem ástandið er verst öllu lengur því um leið og rignir verða vegirnir ófærir vegna aðstæðna.“

# Afar heimilislegur andi í Brúarárskóla í Jökulsárhlíð

**Fámennum grunnskólum á Íslandi fer fækkandi en einn þeirra er Brúarásskóli í Jökulsárhlíð. Þar stunda 32 nemendur nám en fámennið býður upp á ýmsa möguleika sem nemendur stærri skóla búa ekki við.**

Magnús Sæmundsson hefur verið skólastjóri við Brúarásskóla undanfarin þrjú ár og býr á staðnum ásamt fjölskyldu sinni en Svandís kona hans er kennari við skólann.

Magnús segir smæð skólans bjóða upp á marga möguleika í skólastarfi og félagslífi.

„Í litlum skóla eins og Brúarásskóla er nálægð nemenda og starfsfólks mikil sem gerir samband þeirra nánara og betra. Ég hef kennt í fjölmennum skólum og að mínu mati eru kostir lítilla skóla fleiri en gallarnir og má þar nefna minni streitu og afslappaðra andrúmsloft. Þá verður minna um hópamyndanir í litlum skólum og krakkarnir eignast vini á öllum aldri.

Gallarnir geta hins vegar verið þeir að langt er að sækja ýmsa þjónustu eins og til dæmis heilbrigðis- og sérfræðiþjónustu. Fyrir vikið verðum við að vera sjálfum okkur nóg að læra að leysa úr vandanum sé þess nokkur kostur.“

Í Brúarásskóla hefst tungumálakennsla fyrr en aðalnámskrá segir til um og list- og verkgreinar hafa mikið vægi í skólanum. Það sem einnig er athyglisvert varðandi skólastarf á Brúarási er að yngstu nemendur skólans eru sjö kennslustundum lengur í skólanum á viku en aðalnámskrá segir til um.

Magnús segir að við skólann sé ekki boðið upp á gæslu eða heilsdagsskóla heldur sé skólinn ein samfella allan daginn. „Í skólanum er aðstaða til heimanáms fyrir nemendur upp í sjöunda bekk og fer það fram undir handleiðslu kennara.

Nálægðin við náttúruna býður einnig upp á ýmsa möguleika og hér rækta nemendur kartöflur og aðrar matjurtir ásamt því að hafa gert ýmsar tilraunir í ræktun. Fjölskyldur nemendanna fá svo að njóta uppskerunnar.“

Magnús segir að við Brúarásskóla sé boðið upp á einstaklingsmiðað nám en telur jafnframt að það hugtak sé ofnotað og þarfnist betri skilgreiningar. „Það eru til margar útgáfur af einstaklingsmiðuðu námi en hjá okkur eru hóparnir fámennir og stundum er hægt að bjóða upp á „maður á mann“ kennslu. Nemendur fara á misjöfnum hraða í gegnum námið og hver og einn hefur ákveðið markmið til að keppa að. Þá er tónlistarlíf öflugt við skólann og um 80 prósent nemenda stunda tónlistarnám.“



**Í NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA** Magnús og Svandís með Fljótsdalshéraðið í baksýn.

Magnús segir alla aðstöðu við skólann til fyrirmyndar og bætir við að þeir skólar séu vandfundir þar sem fermetrafjöldi á hvern nemenda sé jafnmikill og í Brúarásskóla.

Magnús líkir skólanum á Brúarási við stórt heimili. „Hér læra nemendur að taka tillit hvor til annars og við leggjum mikið upp úr heimilislegu andrúmslofti. Skólinn hefur komið vel út úr könnunum sem gerðar hafa verið um líðan nemenda og afstöðu foreldra til skólans og þessar niðurstöður hafa hvatt okkur til að halda áfram á sömu braut.“

Magnús segir foreldra margra nemenda við skólann hafa verið á heimavist á sínum tíma og sumir þeirra tali um þann tíma með mikilli eftirsjá. „Heimavistarskólarnir höfðu þann kost að möguleikar á félagslífi voru fjölbreyttari. Hins vegar gat verið erfiðara að taka á eineltismálum vegna nálægðar nemendanna við hvern annan allan sólarhringinn.

„Þeir sem búa lengst frá skólanum eyða rúmum klukkutíma á dag í akstur sem er vissulega dálítið langt. Þrátt fyrir það virðast flestir nokkuð sáttir við þetta fyrirkomulag en sveitarfélagið sér um að aka nemendum til og frá skóla.“

Magnús segir þjóðfélagið þurfa að vakna til vitundar um að nýta betur þær skólabyggingar sem standi auðar allt í kringum landið. Hann segir að gaman væri að sjá þessar byggingar nýttar betur í einhvers konar nám eða menntun.

**hugrun@frettabladid.is**


# Námskeið

**6.vikna Ding Dong tónlistarnámskeið**
fyrir börn 3-5 ára.
Kennari: Edda Borg

**10 vikna námskeið:**
- Trommur
- Bassi – Rafbassi
- Hljómborð
- Gítar – Rafgítar

**Námskeiðum er skipt upp í eftirfarandi flokka:**
- Byrjendur
- Framhald 1
- Framhald 2 - stúdíóupptaka í lokin
- Leikskóla- og útilegulögin
- Eldri borgarar

Tónskóli Eddu Borg
Hólmaseli 4-6 • 109 Reykjavík • s. 557 3452
www.tonskoli.net

Tónskóli Eddu Borg


# Ofurliði bornir af Finnunum

Þrítugasta Norðurlandamót vagnstjóra fór fram í Helsinki í Finnlandi á dögunum. Sex manna sveit Íslendinga stóð sig með ágætum og lenti í öðru sæti, á eftir firnasterkri sveit Finna.

Tilgangur mótsins er að auka og viðhalda færni og þekkingu vagnstjóra á ökutækjum sínum. Höfuðborgirnar fimm, Helsinki, Kaupmannahöfn, Osló, Reykjavík og Stokkhólmur, skiptast á að halda mótið og skipa sex vagnstjórar hvert lið, sem ekur keppnisbraut sem samanstendur af tíu þrautum sem leysa skal á sem skemmstum aksturstíma. Keppendur sjá ekki brautina fyrr en á keppnisdag.



**ÍSLENSKA SVEITIN** Íslenska sveitin stóð sig með ágætum á mótinu og hafnaði í öðru sæti.



**EINBEITING** Einn íslensku keppendanna reynir hvað hann getur að tapa ekki stigum í einni af þrautum brautarinnar.

Lið reykvískra vagnstjóra tók fyrst þátt árið 1983 og hefur síðan unnið sjö gullverðlaun, átta silfurverðlaun og eitt bronsverðlaun.

Í þetta skiptið þurftu þeir þó að lúta í lægra haldi fyrir Finnunum, sem áttu fimm af sex efstu mönnum í einstaklingskeppninni, og unnu því liðakeppnina sannfærandi. Einum Svía tókst að troða sér í þriðja sætið á milli Finnanna og raska röð þeirra.

Efsti Íslendingurinn var Rögnvaldur Jónsson, sem lenti í 7. sæti.

- sh

# Meðal manneskja borðar um 35 tonn af mat yfir ævina.



iak·Einkaþjálfari
nýtt nám · meiri metnaður
www.akademian.is

íþrótta akademían

## Svona erum við

> Fjöldi fólks sem búsett er á Íslandi og fæddist í Póllandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FELLIBYLJIR

# *Öflugum fellibyljum fer fjölgandi*

Nú er liðið ár frá því að fellibylurinn Katrina lagði New Orleans-borg í Bandaríkjunum í rúst. Fellibyljatímabilið er hafið á ný og fellibylurinn Ernesto hóf innreið sína í Flórída á þriðjudag.

**Hver er munurinn á hvirfilbyljum og fellibyljum?**
Hvirfilbyljirnir kallast tornado á ensku og eru smáar en hættulegar hringiður neðst í gufuhvolfinu, innan við hundrað metra í þvermál. Fellibyljir, sem kallast hurricane á ensku, eru mun víðáttumeiri, eða um tvö hundruð til þúsund kílómetrar að þvermáli. Hvirfilbyljir myndast á landi eða sjó en fellibyljir einungis á úthöfum. Einnig geta fellibyljir lifað í marga daga en hvirfilbyljir í mesta lagi nokkra klukkutíma.

**Hvenær myndast fellibyljir og hvernig?**



Fellibyljir myndast í óstöðugu lofti þar sem hlýtt loft, yfir heitum sjó, er undir köldu lofti. Í Norður-Atlantshafinu er fellibyljatíminn frá 1. júní og til 30. nóvember, en fellibyljir myndast flestir seint á sumrin þegar hitastig sjávar er hæst. Fellibyljirnir soga til sín loft úr öllum áttum svo það fer upp í bylinn, en umhverfis miðjuna sem kölluð er auga, og í efri hluta fellibyljarins, fer vindstreymið út frá miðjunni í allar áttir. Í auganu sjálfu er loftþrýstingur lægstur og getur það valdið því að hafflöturinn hækkar þar.

**Fer fellibyljum fjölgandi vegna gróðurhúsaáhrifa?**
Fellibyljum og skyldum fyrirbærum hefur í heild farið fækkandi undanfarin 35 ár en mjög öflugum fellibyljum, sem eru á fjórða eða fimmta stigi á styrkleikaskala sem oftast er notaður, hefur farið fjölgandi. Hitastig sjávar er talið vera lykilatriði í myndun fellibylja en erfitt er að segja að hve miklu leyti hærra hitastig er afleiðing gróðurhúsaáhrifa eða náttúrulegrar sveiflu í hitastigi.

**Heimildir:**
Skrif Haralds Ólafssonar á Vísindavefnum: visindavefur.hi.is., wikipedia.org.

# Sjálfstjórn sjávarútvegsins

**Rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE) stóð fyrir tveimur ráðstefnum um sjávarútvegsmál í vikunni. Ráðstefnan var haldin í tilefni þess að fimmtán ár eru liðin síðan kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum kom til framkvæmda hér á landi. Íslenskir og erlendir fræðimenn skiptust á skoðunum um hvernig hægt er að þróa og bæta fiskveiðistjórn og þau álitamál sem því tengjast.**

Sögulega hafa fiskveiðar í heiminum verið byggðar á sameiginlegum eignarrétti þar sem allir hafa átt jafnan rétt á því að nýta auðlindina eftir efnum og ástæðum. Í nokkra áratugi hefur það verið ljóst að sameiginlegur eignar- og nýtingarréttur er mjög óskilvirkur frá hagfræðilegu sjónarmiði. Fiskveiðar byggðar á þessum grunni skapa lítil eða engin verðmæti og er jafnvel klafi á viðkomandi samfélagi.

### Leiðir til fiskveiðistjórnunar

Fiskveiðum í heiminum er í stórum dráttum stjórnað á fjóra mismunandi vegu á grundvelli eignarréttar. Einstaklingsbundinn réttur þar sem veiðiréttur er á hendi einstaklings eða fyrirtækis. Hvalveiðar Íslendinga eru gjarnan nefndar sem dæmi um slíkan rétt. Svæðisbundinn réttur er fyrirkomulag þar sem nýtingarréttur er bundinn við hluta hafsvæðis og má líkja við eignar- og nýtingarrétt á landi. Ný leið fiskveiðistjórnunar, sem talið er að henti vel í þróunarlöndunum, er nýtingarréttur bundinn við minni samfélög í stað einstaklinga eða fyrirtækja. Einstaklingsbundnar og framseljanlegar aflaheimildir eru svo fjórða leiðin sem Íslendingar þekkja af eigin raun.

Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að tólf stórar fiskveiðiþjóðir noti einstaklingsbundnar framseljanlegar aflaheimildir að miklu leyti til fiskveiðistjórnunar í dag og sumar þeirra að öllu leyti. Þessar þjóðir veiði tæplega fimmtán prósent heimsaflans undir formerkjum kerfisins. Hann segir að aflaheimildirnar séu alls staðar verðmætar og fyrirtækin sem eru handhafar þeirra vaxi og dafni.

Ragnar spyr jafnframt, þegar sýnt er að fiskveiðistjórnunarkerfi með einstaklingsbundnum framseljanlegum aflaheimildum er svo hagkvæm leið, hvort það sé nauðsynlegt að stjórnunarhlutverkið sé á hendi ríkisins. Hann er fljótur til svars og segir að sjávarútvegurinn eigi að stjórna sér sjálfur og með því náist mikill sparnaður fyrir hið opinbera og mögulegt sé að hámarka tekjur atvinnugreinarinnar.

### Sjávarútvegurinn best til þess fallinn að stjórna sér sjálfur

„Er einhver frekari ástæða til að hið opinbera stjórni sjávarútveginum sem atvinnugrein heldur en til dæmis lyfjaiðnaði,“ spyr Ragnar. „Hið opinbera stjórnaði lyfjaiðnaðinum en horfið var frá því á sínum tíma með þeim árangri að lyfjaiðnaðurinn hefur blómstrað. Það sama má segja um bankana.“ Ragnar minnir á að fiskveiðistjórnun er mjög kostnaðarsöm. Annars vegar stjórnsýslan sjálf og nauðsynlegt eftirlit og hins vegar hafrannsóknir. „Íslensk stjórnvöld eyða um þremur milljörðum íslenskra króna í þessa þætti við stjórn fiskveiða. Höfum hugfast að stjórnvöld eru í eðli sínu óhagkvæmur rekstraraðili og góð hagfræðileg- samfélagsleg- og stjórnmálaleg rök eru fyrir því að færa þetta stjórnunarhlutverk frá ríkinu.“

Ragnar telur ljóst að sjávarútvegurinn sé best til þess fallinn að fara með stjórn greinarinnar af þeirri einföldu ástæðu að þannig geta þeir sem aflaheimildirnar hafa hámarkað tekjur sínar. Það sé hagur greinarinnar að viðhalda eða efla veiðistofna með skynsamlegum aflaheimildum og stunda umhverfisvænar veiðiaðferðir til að viðhalda auðlindinni. „Vegna nálægðar sinnar við umhverfi greinarinnar er sjávarútvegurinn aukinheldur hæfari til að stjórna vegna þess að þar eru kunnáttan og upplýsingarnar sem þarf til. Sjávarútvegurinn myndi stjórna fiskveiðunum nær óaðfinnanlega og í versta falli mun betur en stjórnvöld geta nokkurn tímann gert.“

### Alþjóðlegur vandi

Margir erlendir sérfræðingar fluttu erindi á ráðstefnu RSE og það var samdóma álit þeirra að brýn þörf væri á því að bæta ástand sjávarútvegs í heiminum. Ef takast ætti að byggja upp auðlindir hafsins og skapa verðmæti með nýtingu þeirra yrði að skilgreina eignarrétt þar sem enginn væri og styrkja hann þar sem slíkt skipulag væri fyrir hendi. Mikilvægt væri að gera þetta í samræmi við aðstæður á hverjum stað, en enginn vafi væri um nauðsyn þess að taka þessi skref.

### Takmörkuð auðlind

Í erindi Garys Libecap, prófessors við Háskólann í Kaliforníu, kom fram að langalgengasta aðferðin í heiminum við úthlutun eignarréttinda yfir takmörkuðum auðlindum væri úthlutun til þeirra sem nýttu hana. Komið hefði í ljós í rannsóknum að þetta væri líka mun hagkvæmara en áður hefur verið viðurkennt. Hann sagði að fara yrði varlega í að leggja bönd á réttindin því þau væru mikilvæg tæki til að koma í veg fyrir gengið sé of nærri auðlindum. Því sterkari sem eignarrétturinn væri, þeim mun meiri líkur væru á því að komast mætti hjá sóun auðlindar.



**Á ÍSLANDSMIÐUM** Fimmtán ár eru liðin síðan kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum kom til framkvæmda hér á landi en kerfið hefur verið mjög umdeilt frá upphafi. Fræðimenn komu saman í vikunni til að ræða álitamál sem lúta að eignarréttarskipulagi við fiskveiðistjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

### Nýja-Sjáland

Tom McClurg, framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Aotearoa Ltd. á Nýja-Sjálandi, sagði að nýsjálenskur sjávarútvegur hefði fullorðnast á þeim 20 árum sem liðið hefðu frá því að kvótakerfi var komið á í sjávarútvegi þar. Segja mætti að utan Íslands og Nýja-Sjálands væru þjóðir heims enn að slíta barnsskónum. Hann sagði að gengið væri um auðlindina af miklu meiri ábyrgð en áður og atvinnugreinin stæði mun sterkar. Hins vegar væri mikið starf óunnið í að bæta fiskveiðistjórnina með því að þróa og styrkja réttindin. Mikilvægt væri í því efni að efla sjálfstjórn og ábyrgð handhafa réttindanna. Hann óttast á hinn bóginn að þróunin verði öfug og að opinber miðstýring verði aukin, sem væri skref afturábak.

### Samvinna um nýtingu

Gordon R. Munro, prófessor við Háskólann í Bresku-Kolumbíu í Kanada, fjallaði um þann vanda sem við væri að etja við fiskveiðistjórn svokallaðra deilistofna, sem fleiri en ein þjóð nýta. Ofveiði væri yfirleitt niðurstaðan því skortur væri á skilgreindum réttindum, sem unnt væri að framfylgja. Hann sagði að framþróun eignarréttinda í fiskveiðum strandríkja væri lykilatriði ef takast ætti að leysa þennan vanda. Hver áhrifin yrðu taldi hann erfitt að spá fyrir um, en ef eignarréttindi, svo sem á grundvelli kvótakerfis með framseljanlegum aflaheimildum, væru sterk í efnahagslögsögu ríkja, væru líkur á því að ríkin ættu auðveldara með samvinnu um vernd og nýtingu þessara stofna.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is



## Útgjöldin

> Verð á kjúklingi í febrúar, í krónum á hvert kíló




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

hagur heimilanna

HVERSDAGSMATUR: ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON ÞINGMAÐUR

## Kálbögglar með skólagarðakáli

„Á mánudögum eru alltaf kálbögglar, kjötbollur með hvítkáli sem þessa dagana kemur úr Skólagörðunum,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar. „Í gamla daga hjá mömmu var þetta alvöru, þeir voru bundnir með seglgarni og krossbundið fyrir. En núna er ég alltaf að flýta mér, kaupi bara tilbúið fars, sýð kjötbollurnar og svo set ég hvítkálsblöðin ofan í pottinn,“ segir Össur.

**KÁLBÖGGLAR:**
**Kjötfars**
**hvítkál**
**smá balsamedik**
**brætt smjör**
**kartöflur**



Össur býr að þeirri reynslu að hafa verið kokkur eitt sumar á sjó. „Ég átti góða frænku á Ísafirði sem lánaði mér matreiðslubók Helgu Sigurðar og ég var kokkur út sumarið. Það er erfiðasta starf sem ég hef unnið á ævi minni, að elda ofan í fjórtan kalla sem allir voru matvandir og síhungraðir,“ segir Össur.

Þrátt fyrir gífurlegt magn af grænmeti sem dætur Össurar rækta í skólagörðunum gengur illa að koma kálinu ofan í mannskapinn. „Það er dagskipun að allir á heimilinu verða að minnsta kosti að borða eitt kálblað. Dætur mínar sýna því takmarkaðan skilning að menn eigi að éta þetta líka,“ segir Össur, en segir að það komi ekki að sök því þá lendir það á honum að borða grænmetið. „Maður eru jú alltaf að fá ábendingar um að borða meira grænmeti og kaloríusnautt fæði, það er smá sumarátak í gangi með góðum árangri.“

Össur segir að nóg bragð sé af farsinu og því óþarfi að krydda réttinn, en hann hellir smá ediki í pottinn og bragðbætir kjötbollurnar með bræddu smjöri, í hófi að sjálfsögðu. Með kálbögglunum hefur Össur kartöflur úr skólagörðunum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SADDUR AÐ VERSLA

■ *Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður segist forðast að fara svangur að versla því þá eyði hann í óþarfa.*

„Það hefur komið fyrir að ég hafi keypt of mikinn mat vegna þess að ég var svangur í verslunarleiðangrinum. Þetta verður til þess að maður situr uppi með fullan ísskáp af mat sem síðan endar í ruslinu.“ Guðlaugur ræktar yfirleitt kartöflur úti í garði og stefnir einnig að því að rækta þar grænmeti. „Það er stemning í því að taka upp eigin uppskeru á haustin og nýuppteknar kartöflur með smjöri eru herramannsmatur.“



Guðlaugur viðurkennir að hann sé ekki góður í viðgerðum og kallar óhikað á iðnaðarmenn ef þess er þörf. „Það gæti reynst dýrt að láta laga það sem maður reynir að gera sjálfur í kunnáttuleysi.“

## VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögunum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimsborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

■ Að þessu sinni var kannað verð á boltanum sem var notaður á hm í knattspyrnu, Nike Air Structure-hlaupaskóm og hálfum lítra af Powerade.



| | | | |
|---|---|---|---|
| London | 9.900 kr. | 9.960 kr. | 146 kr. |
| Kaupmannahöfn | 8.200 kr. | 14.890 kr. | 167 kr. |
| Reykjavík | 10.990 kr. | 2.520.000 kr. | 180 kr. |

(Hvorki var leitað eftir hæsta né lægsta verði. Verð eru með virðisaukaskatti.)

■ **Tölvur og tækni**

## Geymsla stafrænna gagna

Margir hafa upplifað þá skelfingu sem fylgir því að harði diskurinn á tölvunni hrynur. Viðkvæm persónuleg gögn á borð við myndir, tónlist, myndskeið, skólaglósur og vinnuskjöl geta þannig tapast á svipstundu.

Síminn hefur sett á markað nýja miðlæga gagnageymslu sem nefnist Safnið, þar sem viðskiptavinir geta geymt stafræn gögn á öruggan hátt og hægt er að miðla þessum gögnum til annarra á einfaldan og öruggan hátt.



Hægt er að nálgast gögnin eftir margvíslegum leiðum, gegnum tölvuna, ADSL sjónvarp og farsíma. Einnig er hægt að vista ljósmyndir í Safninu og hafa myndasýningu í sjónvarpi.

Ekki þarf að greiða fyrir geymslurými Safnsins allt að 500 megabitum. Hægt er að kaupa stærra rými og kostar tveggja gígabita geymsla 290 krónur á mánuði, fimm gígabitar kosta 490 krónur og tíu gígabitar kosta 890 krónur.

■ **Farsímar og tækni**

## Tæknilegt starfsmannaskírteini

Hægt er að fá starfsmannaskírteini sem er með innbyggðum Bluetooth-búnaði sem gerir starfsmanni mögulegt að svara GSM-símanum sínum í gegnum handfrjálsan búnað.



Skírteinið er afar þunnt og einfalt í notkun en býr engu að síður yfir ýmsum möguleikum. Hægt er að hækka og lækka í símanum, vísa símtali frá ef notandi er upptekinn og halda þriggja manna fund í gegnum tækið svo dæmi séu tekin. Einnig er hægt að láta tækið titra lítillega til þess að láta vita um símtal.

Taltími er allt að því 40 klukkustundir og hægt er að hlaða tækið með því að tengja það með kapli við tölvu.

Hægt er að kaupa þennan búnað í Og Vodafone.

allt tilboð
Alla föstudaga

# Óumbeðið SMS-áreiti

**Algengt er að fyrirtæki bjóði upp á þátttöku í SMS-leikjum þar sem kostur gefst á að vinna vöru eða þjónustu. Eftirvæntingin við þátttöku í happdrætti eða leik getur hleypt skemmtilegri spennu í daginn og fæstir telja eftir sér að senda eitt stutt SMS.**



**TEKIÐ VIÐ SMS-SKILABOÐUM** Vilji fólk kvarta vegna óumbeðins SMS-áreitis getur það snúið sér til Persónuverndar eða Póst- og fjarskiptastofnunar.

Það kemur fyrir að tvær grímur renni á fólk þegar auglýsingar í formi SMS-skeyta fara að berast stuttu seinna.

Neytendasamtökunum barst nýlega kvörtun frá félagsmanni um að tólf ára dóttir hans hefði fengið SMS-skeyti frá versluninni BT þar sem verið var að auglýsa flatskjá. Félagsmaðurinn sagði að dóttirin fengi reglulega send SMS-skeyti eftir að hafa einu sinn tekið þátt í SMS-leik og velti hann fyrir sér hvort þetta væri lögleg markaðssetning. Neytendasamtökin sendu fyrirspurn til BT og í svari frá fyrirtækinu D3, sem sér um SMS-þjónustu BT, segir að vörur séu ekki auglýstar með SMS-skeytum heldur sé ætíð um SMS-leik að ræða. Þegar fólk taki þátt í SMS-leik sé það sjálfkrafa skráð í SMS-klúbb og fái í framhaldinu upplýsingar um þá SMS-leiki sem BT bjóði upp á hverju sinni.

Í afstöðu Neytendasamtakanna, sem kemur fram á vef samtakanna, segir að einkennilegt sé að þeir sem taki þátt í SMS-leik séu sjálfkrafa skáðir í SMS-klúbb. Þó það sé auglýst sérstaklega að þátttaka í SMS-leik þýði sjálfkrafa aðild að SMS-klúbbi BT er hvergi tekið fram hvað nákvæmlega felst í aðild að slíkum klúbbi né hvernig hægt sé að sleppa við aðild og SMS-áreitið.

Í lögum um persónuvernd segir að meðferð persónuupplýsinga, á borð við símanúmer sé aðeins heimil ef hinn skráði hafi veitt ótvírætt samþykki sitt. Einnig segir að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilangi. Í grein um SMS-markaðsrannsókn á heimasíðu Persónuverndar kemur fram að þegar símanúmers sé aflað með þátttöku í leik eða happdrætti sé tilgangurinn með því að nota það vegna umrædds leiks eða happdrættis og líta megi svo á að samþykki fyrir notkun viðkomandi númers hafi verið veitt. Notkun símanúmersins síðar verði hins vegar að telja annan og ósamrýmanlegan tilgang og hæpið sé að líta svo á að samþykki sé veitt fyrir notkun símanúmersins við markaðssetningu síðar meir, ef ekki sé tekið fram að það sé ætlunin.

Í sömu lögum er kveðið á um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila sem aflar persónuupplýsinga og skal hann meðal annars upplýsa hinn skráða um hver sé ábyrgðaraðili, hvert sé markmið söfnunarinnar og hverjum upplýsingarnar verði afhentar.

Í fjarskiptalögum segir að notkun tölvupósts, sem SMS-skilaboð falla undir, fyrir beina markaðssetningu sé óheimil nema áskrifandi hafi veitt samþykki sitt fyrir fram.

Þó sé heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu að því tilskildu að viðskiptavinum sé gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send.

**sdg@frettabladid.is**

Flestir Íslendingar kaupa sér líkamsræktarkort á haustin:

# Hrista af sér sumarbumbuna

Um þessar mundir eru flestir Íslendingar búnir að klára sumarfríin sín. Sumir eru eflaust með samviskubit eftir sældarlíf í sumarfríinu sem þeir vilja bæta fyrir en flestir vonandi vel hvíldir og fullir orku. Það gæti skýrt þann fjölda sem fjárfestir í líkamsræktarkortum núna en þetta er annasamasti tími ársins í sölu líkamsræktarkorta. Fréttablaðið kannaði verð á þremur stærstu líkamsræktarstöðvunum á höfuðborgarsvæðinu.




Iceland Spa and fitness, sem Sporthúsið, Baðhúsið, Þrekhúsið og Betrunarhúsið heyra undir, býður upp á sérstakt hausttilboð sem er fjögurra mánaða Fitnesskort á 13.900 krónur. Einnig er hægt að ganga í ISF97 klúbbinn sem hefur 12 mánaða binditíma á 2.990 krónur á mánuði. Tíu prósenta afsláttur af vörum og þjónustu fylgir aðild að ISF97 klúbbnum.

Hreyfing heilsurækt er með hausttilboð á þriggja mánaða kortum á 14.900 krónur. Skólakort með minnst tíu mánaða binditíma er á 2.990 krónur á mánuði. Í Bónusklúbbnum er hægt að velja milli þriggja mismunandi binditíma. 5.990 krónur eru greiddar á mánuði fyrir sex mánaða lágmarksbinditíma, 4.400 krónur fyrir 12 mánuði og 5.990 krónur fyrir 36 mánuði. Með aðild að Bónusklúbbi fylgir 17.000 króna kaupauki sem samanstendur af fríum mánuði, vörum og fræðslu.

World Class er ekki með nein sérstök hausttilboð. Árskortið kostar 47.500 krónur en einnig er hægt að skipta því niður á 12 mánuði þar sem greitt er 4.400 krónur á mánuði. Sex mánaða kort er á 32.200 krónur.

**sdg@frettabladid.is**

PEUGEOT




# Ódýrasta ljónið á veginum

hvernig sem á það er litið!

HÉR & NÚ / SÍA



## Á betra verði en systurbílar sínir Toyota Aygo og Citroën C1

Á Peugeot 107 færðu meira fyrir peningana þína. Peugeot 107 er á betra verði en systurbílar sínir eins og Toyota Aygo og Citroën C1.* Peugeot 107 er mjög eyðslugrannur sem fækkar ferðum þínum á bensínstöðvarnar auk þess sem aksturseiginleikarnir eiga ekki sinn líka. Í Peugeot 107 er öryggið í fyrirrúmi svo þú ekur áhyggjulaus um með börnin um borð. Þú færð Peugeot 107 hlaðinn búnaði eða bara eins þú vilt hafa hann. Láttu hann heilla þig - komdu og finndu ljónið þitt.

*Samkvæmt verðskrám á heimasíðum Toyota og Citroën.

PEUGEOT

www.peugeot.is

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.989 **+1,00%** **Fjöldi viðskipta:** 361 **Velta:** 3.969 milljónir

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +3,27% | **Alfesca** | -1,28% |
| **Atorka** | +2,46% | **Avion** | -0,89% |
| **FL Group** | +2,21% | **Össur** | -0,40% |

ACTAVIS 65,30 +0,15% ... Alfesca 4,63 -1,28% ... Atlantic Petroleum 587,00 +0,86% ... Atorka 6,25 +2,46% ... Avion 33,30 -0,89% ... Bakkavör 54,40 +0,74% ... Dagsbrún 5,17 +0,00% ... FL Group 18,50 +2,21% ... Glitnir 19,90 +2,05% ... KB banki 817,00 +1,11% ... Landsbankinn 24,80 +1,23% ... Marel 76,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,50 +0,58% ... Straumur-Burðarás 16,10 +0,00% ... Össur 124,00 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Saknar samráðsins

Fákeppni á heildsölumarkaði með kartöflur veldur því að kartöflubændur búa við afarkosti í verðlagningu fyrir afurðir þeirra. Þetta kemur fram í nýútkomnu Bændablaði, þar sem er viðtal við Guðna Guðlaugsson kartöflubónda sem lét af kartöflurækt í Þykkvabænum í vor. Hann segir þáttaskil hafa orðið í verði til bænda eftir að Bónusverslanir komu til sögunnar. Guðni segir að fyrir árið 1994 hafi verð til bænda verið á bilinu 40 til 65 krónur fyrir kílóið af kartöflum, en eftir þann tíma hafi það lækkað niður í 15 til 25 krónur. Þá hafi Bónus samið við einn framleiðanda og þvingað til að selja sér kartöflur á mjög lágu verði og það hafi haft áhrif á aðra heildsala. „Samstaða bænda heitir nú ólöglegt samráð og virðist vera bönnuð öllum nema olíufyrirtækjum," segir hann í viðtali við blaðið og kveðst vita af tveimur bændum til viðbótar í Þykkvabænum sem ætli að láta af kartöflurækt.



### 30.952 krónur á dag

Mikil tímamót urðu á hinum nýja iSEC markaði í gær þegar fyrstu viðskiptin áttu sér stað. Viðskiptin voru með bréf í Hampiðjunni á genginu átta og námu alls 1,3 milljónum króna. iSEC markaðurinn var settur á laggirnar þann þriðja júlí síðastliðinn eftir talsverðar tafir, en upphaflega stóð til að opna markaðinn skömmu eftir síðustu áramót. Hampiðjan er enn sem komið er eina félagið á markaðnum. Margir höfðu áhyggjur af því að lítil velta yrði á markaðnum en þeir hafa nú aldeilis orðið að éta hattinn sinn. Meðalvelta fyrstu fjörutíu og tveggja viðskiptadaganna er 30.952 krónur.

## MARKAÐSPUNKTAR

Hagnaður Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) nam þrjátíu milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Þetta er tífalt verri afkoma en á sama tíma á síðasta ári en gengisfall og verðbólga setti mark sitt á rekstur ÍAV.

Smáralind ehf., rekstraraðili verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar í Kópavogi, tapaði 733 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Á sama tíma fyrir ári tapaði félagið 36 milljónum króna. Tapið skýrist fyrst og fremst af gengistapi af erlendum skuldum félagsins.

Hitaveita Rangæinga tapaði 21,4 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Á sama tíma í fyrra tapaði hitaveitan sautján milljónum króna. Tekjuskattur hitaveitunnar, sem greiddur verður á næsta ári, er ekki inni í árshlutareikningnum.

# Samstarf um dreifingu fær samþykki

Danska samkeppniseftirlitið hefur lagt blessun sína yfir samstarf Nyhedsavisen og Post Danmark. Samstarfið felst í því að sett verður á laggirnar sérstakt fyrirtæki um dreifingu Nyhedsavisen. Fyrirtækið verður að eiga fimmtíu og eins prósents hlut í eigu 365 Scandinavia, dótturfélags Dagsbrúnar og útgefanda Nyhedsavisen. Post Danmark mun eiga afganginn.



**SVEN DAMM FORSTJÓRI 365 SCANDINAVIA**

Post Danmark er að sjötíu og fimm prósenta hlut í eigu danska ríkisins. Gagnrýnendur höfðu nokkrar áhyggjur af því að afskipti ríkisfyrirtækis af dreifingarmálum Nyhedsavisen, gæfi blaðinu ósanngjarnt forskot á keppinautana á fríblaðamarkaði.

Samkeppniseftirlitið telur hins vegar ekki ástæðu til að leggja stein í götu hins nýja dreifingarfyrirtækis, en setur þó ýmis skilyrði. Til að mynda verður fyrirtækinu óheimilt nýta sér viðskiptamannagrunn Post Danmark og að taka að sér önnur verkefni en dreifingu Nyhedsavisen.

„Post Danmark og 365 Scandinavia hafa skýrt áætlanir sínar ítarlega. Að þeim skýringum fengnum teljum við engin samkeppnisvandamál fyrir hendi", sagði í tilkynningu frá samkeppniseftirlitinu. -jsk

## Vista fær verðmiða

Amazon.com verðleggur Windows Vista, væntanlegt stýrikerfi Microsoft, á allt að 30.000 krónur. Verðmiði hefur ekki áður verið settur á stýrikerfið en búast má við að það verði nokkuð dýrara hér með álögðum kostnaði.



**WINDOWS VISTA** Frá kynningu á stýrikerfinu Windows Vista í júlí á síðasta ári.

Verslunin er þegar farin að taka niður pantanir þótt nokkuð sé í útgáfudag. Fyrirtækjaútgáfa Vista er væntanleg í haust og er hún næstdýrust, kostar 299 dali eða um 20.000 krónur. Ódýrasta útgáfa stýrikerfisins, Windows Vista Basic fyrir einkatölvur á að koma út snemma á næsta ári og kostar um 199 dali eða tæpar 14.000 krónur. Uppfærslur á eldri stýrkerfum verða svo talsvert ódýrari, segja forsvarsmenn Amazon.com. - jab




# Fitch staðfestir lánshæfismat Kaupþings og Glitnis

**Gengi hlutabréfa bankanna hækkaði í gær eftir að lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti einkunnir Glitnis banka og Kaupþings banka og sagði horfur þeirra stöðugar. Þá varð smávægileg breyting til batnaðar á tryggingaálagi (CDS) á fimm ára skuldabréf bankanna í Evrópu.**



**VERÐBRÉFAMIÐLUN Í KAUPÞINGI** Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar KB banka, segir nokkuð liðið síðan lánshæfi bankanna var staðfest síðast og gott að fá nú fram staðfestingu á því sem bankarnir hafi verið að halda fram. Hann segir niðurstöðuna í takt við það sem búist var við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fitch Ratings staðfesti í gærmorgun lánshæfiseinkunnir bankanna Glitnis og Kaupþings. Fyrirtækið hefur ekki enn staðfest einkunn Landsbankans, en viðbrögð á markaði eru talin benda til þess að þar sé búist við sambærilegri niðurstöðu.

Einkunn Kaupþings er sögð endurspegla sterka stöðu bankans og einkunn Glitnis góða hagnaðarmyndun í rekstri. Bæði Kaupþing og Glitnir eru með langtímaeinkunnina A og skammtímaeinkunn F1. Horfur lánshæfiseinkunna beggja eru sagðar stöðugar.

Einkunn Fitch er sögð endurspegla sterka stöðu Kaupþings banka sem eins af þremur leiðandi bönkum hér, auk þess sem hann hafi undanfarin fjögur ár byggt upp fjölþætta tekju og eignastofna með yfirtökum á erlendum fjármálafyrirtækjum. „Lánshæfiseinkunnin endurspeglar einnig mikil gæði eigna og viðunandi arðsemi undirliggjandi rekstrar," segir í tilkynningu Kauphallar Íslands. Þá er einkunn Glitnis sögð endurspegla góða hagnaðarmyndun í rekstri og tekjudreifingu, traust eignasafn og sterka eiginfjárstöðu. „Einnig er tekið tillit til hve mikið bankinn reiðir sig á fjármögnun á heildsölumarkaði, mögulegrar áhættu vegna samþættingar í starfseminni vegna kaupa á fyrirtækjum að undanförnu og þeirra áhrifa sem sveiflur íslensku krónunnar og breytingar í íslensku efnahagslífi geta haft á rekstur bankans," segir Kauphöllin.

Tryggingaálag á skuldabréf bankanna (CDS) var við lok viðskipta í gær 53 punktar á bréf Glitnis, 72 punktar á bréf Kaupþings banka og 63 punktar á bréf Landsbankans og hafði þá lækkað um tvo punkta frá því um morgunin hjá KB banka, einn punkt hjá Landsbankanum og staðið í stað hjá Glitni. Lítil hreyfing hefur verið á álaginu seinni hluta þessa mánaðar, eftir nokkrar sveiflur um hann miðjan.

olikr@frettabladid.is

# Atorka lýkur brátt við verkefni

**Hagnaður annars ársfjórðung er yfir væntingum markaðsaðila.**

Atorka Group mun halda áfram að styðja vöxt þeirra félaga sem eru í eignasafni félagsins. Magnús Jónsson, forstjóri fjárfestingafélagsins Atorku Group, segir að á næstu sex til tólf mánuðum ætli félagið sér að ljúka við eitt fyrirtækjaverkefni en það gæti falið í sér skráningu, sölu eða sameiningu við stærra félag.

Atorka hagnaðist um 856 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi. Meðaltalsspá greiningardeilda Glitnis og Landsbankans hljóðaði upp á að hagnaður félagsins yrði 399 milljónir króna á fjórðungnum. Alls nam hagnaður móðurfélagsins á fyrri hluta ársins tæpum 4,9 milljörðum króna samanborið við 418 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra.

Þetta er því rúm ellefuföld aukning á milli ára og nam arðsemi eigin fjár 95 prósentum á ársgrundvelli.

Meðal helstu eignarhluta eru Jarðboranir, Promens, Interbulk, NWF Group og Icepharma.

Heildareignir móðurfélagsins voru 32,6 milljarðar króna um mitt þetta ár og eigið fé tæpir sextán milljarðar króna. - eþa

# Eftirlitið braut stjórnsýslulög

**Samruni Senu og Dagsbrúnar gengur eftir vegna galla á málsmeðferð. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins harmar ákvörðun áfrýjunarnefndar.**

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fellt úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um bann við samruna Dagsbrúnar og Senu.

Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar byggist á því að andmælaréttar eignarhaldsfélagsins Diskssins, sem var móðurfélag Senu, hafi ekki verið gætt. Andmælarétturinn sé grundvallaratriði við meðferð samkeppnismála. Andmælarétturinn er tryggður í 13. grein stjórnsýslulaga. Þar segir að aðili máls eigi rétt á að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segist eðli málsins samkvæmt vera ósammála niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar. „Þarna gengur eftir samruni sem við teljum samkeppnishamlandi. Við teljum okkur hafa farið eftir réttum málsmeðferðarreglum í þessu efni."

Páll Gunnar segir Samkeppniseftirlitið skorta lagaheimildir til að taka málið til efnismeðferðar að nýju. „Við getum ekki tekið málið upp að nýju sem samrunamál. Hins vegar munum við í samræmi við skyldur okkar fylgjast með þessu fyrirtæki, eins og öðrum, með tilliti til annarra ákvæða samkeppnislaga."



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins er ósammála niðurstöðu áfrýjunarnefndar.

Í tilkynningu frá Dagsbrún til Kauphallarinnar segir að málinu sé að fullu lokið fyrir samkeppnisyfirvöldum. Því geti vinna við að samþætta rekstur Senu og Dagsbrúnar hafist. - jsk

# 13 ÁRA AFMÆLIS SPRENGJA

**Sprengjan er byrjuð • Fyrstir koma fyrstir fá**

## 0% VEXTIR

FYRSTA GREIÐSLA 1. OKTÓBER

**NÝR VEFUR**

Tölvulistinn hefur opnað nýjan og endurbættan vef til að sinna viðskiptavinum sínum á sem bestan máta, skoðið hann á www.tolvulistinn.is

13 ÁRA AFMÆLI TÖLVULISTANS

**ALLT Á FULLU**

SPRENGJAN ER BYRJUÐ OG ALLT Á FULLU. GEGGJUÐ TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ.

**SJÁUMST**

## ACER 5102

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **1.6Ghz AMD Turion 64 X2**<br>512KB flýtiminni, 1600MHz FSB+HT |
| Minni | **1GB Dual DDR2 533MHz**<br>Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harðdiskur | **80GB 5400RPM diskur**<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | **8xDVD±RW DL skrifari**<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | **15,4" WXGA CrystalBrite skjár**<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | **128MB ATI Radeon X1100**<br>Samnýtt.minni, PCI-Express 16x |
| Hátalarar | **High Definition hljóðkerfi**<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort**<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000**<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home - SP2**<br>Á íslensku eða ensku |
| Annað | **5 in 1 minnis-kortalesari**<br>Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |



VL12

* Samtals kr. 124.114

9.992

**VERÐ 119.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**TÖLVULISTINN**

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 13 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK | EGILSSTÖÐUM |
|---|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 | Miðvangi 2-4 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 | Sími 471 2400 |

| OPNUNARTÍMAR | |
|---|---|
| 31 ÁGÚST. | 9-19 |
| 1 SEPT. | 9-19 |
| 2 SEPT. | 10-18 |
| 3. SEPT. | 13-17 |

# skoðun

SJÓNARMIÐ
AUÐUNN ARNÓRSSON

Vandkvæði við að koma saman friðargæsluliði til að gæta vopnahlés í Líbanon:

## Óeining Evrópu

Síðastliðinn föstudag lýstu utanríkisráðherrar Evrópusambandsins því sem mikilvægum árangri, að samkomulag skyldi hafa náðst um framlag Evrópuríkjanna til að fylla raðir hins alþjóðlega friðargæsluliðs sem samkvæmt vopnahlésáætlun Sameinuðu þjóðanna á að gæta friðarins í Suður-Líbanon. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna sem boðið var á fundinn í Brussel, vottaði að með ákvörðuninni um að leggja alþjóðaliðinu til alls um sjö þúsund hermenn af 15.000 „axlaði Evrópusambandið ábyrgð“.

En sú eining um þetta vandasama verkefni sem ráðamenn ESB-ríkjanna létu í skína á þessum fundi er varla fyrir hendi þegar nánar er að gáð. Elmar Brok, þýzkur þingmaður á Evrópuþinginu sem gegnir formennsku í utanríkismálanefnd þess, lét hafa eftir sér að hið margra vikna „hringl“ í kringum leitina að evrópskum hermönnum í alþjóðlega friðargæsluliðið væri einfaldlega „neyðarlegt“.

Reyndar hefur trúverðugleiki Frakka sem forgönguþjóðar um að koma á friði í Líbanon - sem um hríð var undir nýlendustjórn þeirra - beðið hnekki eftir að þeir gáfu til kynna í byrjun ágúst að þeir væru reiðubúnir að senda allt að 5.000 hermenn til friðargæzlu þar, en bökkuðu svo með það og lofuðu í fyrstu aðeins 200 hermönnum til viðbótar þeim 200 frönsku liðsmönnum UNIFIL sem fyrir eru í Líbanon. Þegar upp var staðið verða frönsku hermennirnir alls tvö þúsund og hikið varð til þess að betri skikk var komið á starfsreglur þær sem friðargæsluliðunum mun ætlað að starfa eftir. En hringlið gróf undan forystutilkalli Frakka og undirstrikaði veikleika sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB-ríkjanna.

Hversu illa er ástatt um svonefnda sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins vottaði finnski utanríkisráðherrann Erkki Tuomioja í blaðaviðtali fyrir skemmstu, en á hann er hlustað af athygli í höfuðborgum Evrópu þessa dagana þar sem Finnar gegna formennskunni í sambandinu síðari helming ársins. Tuomioja sagði hina 24 kollega sína stunda óheilindalegt leynimakk og að þeir byggju sig undir ráðherraráðsfundi rétt eins og þeir væru að fara í „samningaviðræður við hugsanlega fjandsamleg lönd“. Hann kvartaði yfir því að hvert einasta skjal sem varðaði deilurnar í Miðausturlöndum væri „innan klukkustundar þekkt í Tel Aviv og sennilega Washington og Moskvu líka“. Útilokað væri að reka sameiginlega utanríkisstefnu, sem undir því nafni stæði, svo lengi sem svona háttaði til.

Reyndar var stofnun nýs varanlegs embættis utanríkisráðherra ESB ein af meginbreytingunum sem til stóð að gera á Evrópusambandinu með stjórnarskrársáttmálanum svonefnda, en eins og kunnugt er strandaði fullgilding hans eftir að meirihluti kjósenda í Frakklandi og Hollandi hafnaði honum í þjóðaratkvæðagreiðslum í fyrra. Vel er hægt að ímynda sér að slíkur yfirráðherra yrði fær um að samræma betur stefnu ESB-landanna í máli sem þessu. En að óbreyttu er sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna ESB enn í skötulíki, eins og dæmin sanna. Gleymdur er sá metnaðarfulli draumur Jacques Chirac Frakklandsforseta að Evrópa - les Evrópusambandið - gæti einn góðan veðurdag orðið trúverðugt „mótvægi“ við Bandaríkin í alþjóðakerfinu.

Engu að síður er metnaðurinn til að byggja upp sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu enn fyrir hendi innan ESB og aldrei að vita nema hann muni á endanum leiða af sér öllu stærri sigra en þann sem kynntur var sem slíkur í Brussel á föstudaginn.

Nýjar upplýsingaveitur á ensku:
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fer Árni fram?

Margir bíða óþreyjufullir eftir að Árni Johnsen upplýsi hvort hann ætli að bjóða sig fram til þingsetu á ný. Árna eru allir vegir færir, hann hefur fengið uppreist æru, en raunar vilja sumir lögspekingar meina að hann hafi ekki þurft sérstakt plagg frá dómsmálaráðherra til að teljast kjörgengur. Sjálfur er Árni þögull sem gröfin þegar hann er inntur eftir tíðindum af framboðsmálum en bæði eru kenningar uppi um að hann ætli fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn og eins að hann stefni á sérframboð. Raunar eru þeir til sem segjast hafa orð Árna sjálfs fyrir því að hann ætli fram fyrir flokkinn og setji stefnuna á sjálft fyrsta sætið.



### Klaufaleg tímasetning

Málið þykir óþægilegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Sérstaklega er talið óheppilegt að þrír þingmenn flokksins komu beint að því að hreinsa æru Árna. Benda menn á að betra hefði verið að láta Ólaf Ragnar Grímsson skrifa undir plaggið í staðinn fyrir að blanda Geir H. Haarde og Sólveigu Pétursdóttir inn í málið. Það gerir það frekar að flokkspólitísku máli. Hins vegar er sagt að ekki hafi verið hægt að bíða lengur eftir forsetanum, sem er í einkaerindum erlendis. Hann sé búinn að vera lengi í útlöndum og ekki von á honum heim aftur fyrr en í lok næstu viku. Þær ætla að verða afdrifaríkar, utanlandsferðir forsetans.



### Hvar fer Árni fram?

Einnig er beðið eftir ákvörðun annars Árna, Árna Mathiesen fjármálaráðherra, sem hefur verið sterklega orðaður við framboð í Suðurkjördæmi. Sé Árni Johnsen þögull sem gröfin er Árni Mathiesen þögull sem heill kirkjugarður. Vitað er að framboð eða ekki framboð nokkurra sjálfstæðismanna í kjördæminu er undir því komið hvort Árnarnir ætla fram eða ekki og á meðan fyrirætlanir þeirra nafnanna liggja ekki fyrir lifa hinir sömu í erfiðri óvissu.

bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Írland í góðum gír

Í DAG
UPPGANGUR Á EYJUNNI GRÆNU



ÞORVALDUR GYLFASON

*Írland logar af lífi og fjöri sem aldrei fyrr og er nú eitt ríkasta land heims og hefur safnað eignum í útlöndum, ekki skuldum.*

Mig hafði lengi þyrst í nothæfa skýringu á því, hvernig Írar töldu sér fært að standa utan Atlantshafsbandalagsins. Mig langaði að vita, hvers vegna rökin, sem urðu ofan á hér heima eftir stríðið, urðu undir á Írlandi eða komu þar jafnvel ekki til álita, þótt þau virtust legu landsins vegna hljóta að eiga við þar engu síður en hér. Og þá birtist tækifærið: ég var á fundi í London, og meðal fundarefnisins var fyrirlestur írska forsætisráðherrans um Írland og Atlantshafsbandalagið. Maðurinn talaði um efnið í klukkutíma eða lengur, en viðstaddir voru samt engu nær að lestrinum loknum. Írskur vinur minn skýrði málið fyrir mér nokkru síðar. Aðild Írlands að NATO kom aldrei til álita, sagði hann, vegna þess að Bretar voru þar og töldu rétt, að einnig Írar væru þar. Eftir sjálfstæðistökuna 1922 gerðu Írar nær alltaf allt þveröfugt við óskir Breta; önnur sjónarmið komust ekki að. Þarna var hún þá komin skýringin á því, hvers vegna Írar stóðu utan Atlantshafsbandalagsins og höfðu þar fyrir utan lagt sára fátækt á sjálfa sig með glórulausum sjálfsþurftarbúskap eins og einbeittustu meinlætamenn. Ýmsar umbætur eins og þær, sem þokuðu Bretum og öðrum fram á við á öldinni sem leið, létu á sér standa á Eyjunni grænu. Tíminn stóð í stað eins og ferðamenn um dreifðar byggðir Írlands gátu séð með eigin augum.

Stærsti stjórnmálaflokkur Írlands, Fianna Fáil, réð lögum og lofum um landið frá 1932 til 1973 og neyddist þá fyrst til að víkja um hríð fyrir öðrum flokkum. Flokkurinn var og er að ýmsu leyti líkur Sjálfstæðisflokknum (mottó: stétt með stétt, 40% fylgi) og hafði horfið frá sjálfsþurftarbúskaparstefnu sinni nokkrum árum fyrr, 1959, sama ár og Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, myndaði viðreisnarstjórnina hér heima, og beitti sér nú heldur fyrir frjálsum viðskiptum. Nú tóku hjólin að snúast. Írar gengu ásamt Bretum í Evrópusambandið 1973. Fianna Fáil var þá í stjórnarandstöðu. Óvildin í garð Breta dvínaði smátt og smátt, það fennti fyrir fornan fjandskap, og við það skapaðist í skjóli Evrópusambandsins svigrúm til gagngerra umskipta heima fyrir. Þau hafa orðið til þess, að Írland – gamla fátæktarbælið – skaut um aldamótin 2000 Bretlandi aftur fyrir sig á listanum yfir ríkustu lönd heims mælt í þjóðartekjum á mann og hefur síðan aukið forskotið. Írar köstuðu af sér viðjunum, sem nýlendukúgun Breta hafði lagt á þá og þeir höfðu síðan lagt hver á annan. Þeir hættu að velta sér upp úr gömlum misgerðum og tóku heldur til við að hreinsa til hjá sér. Þeir hættu að einblína á landbúnað og bjuggu heldur í haginn fyrir iðnað, verzlun og þjónustu. Áttundi hver vinnandi maður hefur flutzt úr landbúnaði í aðra vinnu síðan 1980. Hlutdeild landbúnaðar í mannaflanum 2003 var komin niður í 6%, hafði verið 18% 1980. Á sama tíma minnkaði hlutdeild landbúnaðar í mannafla Bretlands úr 3% í 1%. Írum er því vel stætt á að halda áfram á sömu braut.

Innreið Íra í nútímann tók á sig ýmsar myndir. Þeir hættu að beygja sig í einu og öllu fyrir kaþólsku kirkjunni, sem hafði áður haft mikil og ekki alltaf heppileg ítök í írsku þjóðlífi með því til dæmis að leggjast mjög gegn fóstureyðingum, getnaðarvörnum, hjónaskilnuðum og ýmsum öðrum nauðsynjum. Nokkur hneykslismál innan kirkjunnar drógu úr áhrifamætti hennar á vettvangi stjórnmálanna til farsældar fyrir írsku þjóðina. Ungir Írar, sem af fjárhagsástæðum höfðu flúið fátækt land, flykktust heim aftur. Ríkisstjórnin breiddi einnig út faðminn á móti erlendum fyrirtækjum, sem löðuðust að landinu meðal annars vegna þess, að Írar tala ensku. Útlendinga hefur drifið að úr ýmsum áttum. Írland logar af lífi og fjöri sem aldrei fyrr og er nú eitt ríkasta land heims og hefur safnað eignum í útlöndum, ekki skuldum. Það sér ekki enn fyrir endann á uppsveiflunni.

Fianna Fáil á umtalsverðan þátt í þessum gagngeru umskiptum, þótt flokkurinn hafi löngum logað stafnanna á milli og stundum klofnað vegna innbyrðis árekstra og ýmissa spillingarmála. Opinber rannsóknarnefnd sakfelldi formann flokksins 1979-1992 og forsætisráðherra fyrir mútuþægni. Sakfellingin veikti flokkinn, en helzti styrkur hans út á við, auk sinnaskiptanna 1959, er eftir sem áður öflugt innra skipulag og veik og sundruð andstaða af hálfu annarra flokka, Fine Gael og Verkamannaflokksins. Þeir líkjast aftur Framsóknarflokknum, Samfylkingunni og Vinstri grænum. Frændur eru frændum líkir.

## Matarmenning og þjóðarstolt

UMRÆÐAN
MATVÆLAVERÐ



KRISTÍN L. JÓNSDÓTTIR MIÐHVAMMI
KÚABÓNDI OG NEYTANDI

Síðustu vikur hefur margt verið rætt og ritað um matvælaverð á Íslandi, m.a. hugmyndir um að fella niður tolla til að auka enn frekar aðgengi og innflutning á landbúnaðarvörum sem alla daga flæða til landsins í gífurlegu magni, t.d. hveiti, matarolíum, eplum, kaffi og hrísgrjónum. Svokallaðir verndartollar á ákveðnar tegundir innfluttra landbúnaðarvara eru ekki gripnir úr lausu lofti, enda eru Íslendingar sannarlega alls ekki eina þjóðin sem kýs að nýta þá sem leið til að tryggja neytendum sínum aðgang að heimafengnum mat.

Eigin matvælaframleiðsla og matarmenning eru ein stoða sjálfstæðis í heimi þjóðanna og hluti af þjóðarstolti og menningu. Við búum á eyju í Atlantshafi og þrátt fyrir nútímatækni í samgöngum hlýtur öryggi þjóðarinnar og sjálfstæði m.a. að hvíla á því að við verðum ekki algjörlega ofurseld öðrum þjóðum varðandi þá frumþörf mannsins að afla sér matar. Verndartollarnir standa vörð um þann sjálfsagða rétt og öryggi íslenskra neytenda að geta boðið sjálfum sér, börnum sínum og gestum erlendum sem innlendum upp á íslenskan mat á íslenskri grund.

Æ ofan í æ, síðast nú í fréttum af matvörumarkaði í Bandaríkjunum, segja erlendir neytendur okkur þær fréttir að íslenskar landbúnaðarvörur séu eftirsóknarverðar en finnst okkur íslenskri þjóð verðugt að vernda þær? Ef breytt viðskiptaumhverfi, t.d. niðurfelling eða veruleg niðurfærsla tolla á þær matvörur sem við getum framleitt hér á eyjunni í úthafinu, verður til þess að framleiðsluvörur bænda, mjólkurfræðinga, kjötiðnaðarmanna og fjölda starfsfólks í matvælavinnslu verða verðfelldar og sviptar launagreiðslugetu og mögulegum rekstrargrundvelli hverfa íslenskar landbúnaðarvörur og þar með íslensku matur, ef fiskur er undanskilinn. Þá hafa íslenskir neytendur ekkert val um íslenska vöru eða erlenda heldur verða að éta það sem heimsmarkaður býður, hvað sem tautar eða raular. Hver verður íslensk matarmenning þá? Hvenær þykir fínt að vernda það sem íslenskt er, á það aðeins við urð og grjót, kletta, klungur og íslenskt tungutak eða kjósum við líka að venda og varðveita möguleika Íslands og þjóðarinnar til að skapa mat úr mold?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ÁHUGAMÁL VARÐ AÐ VIÐSKIPTAHUGMYND

Í vinnustofu Margrétar Júlíusdóttur er hægt að kaupa skartgripi eða búa þá til sjálfur.

HEIMILI 8



## LÍFLEGT OG LITRÍKT Í VETUR

Þægilegir bolir og skyrtur fást víða og henta vel í vinnu og skóla.

TÍSKA 2



## ALLT HITT

[ TÍSKA NÁM HEILSA HEIMILI ]



**Skoskt,** köflótt munstur verður heitt í vetur enda eru pils og jakkar í þeim litum þegar orðin áberandi.

**Nýja stafsetningarorðabókin** er komin út. Í bókinni eru ríflega 65.000 flettiorð og að auki um 8.000 undirflettiorð. Bókin kemur líklega að góðum notum í námi og starfi margra.

**Bandarískt** líftæknifyrirtæki segist hafa fundið leið til að rækta stofnfrumur án þess að skaða fósturvísa. Gott ef rétt reynist því miklar vonir hafa verið bundnar við að stofnfrumurannsóknir geti orðið til þess að lækningar finnist við fjölda sjúkdóma vegna þess eiginleika sem frumurnar hafa að geta breyst í hvers kyns vefi. Háværar gagnrýnisraddir hafa þó heyrst um að vísindarannsóknir eigi ekki bitna á öðru lífi.

**Egill Árnason** í Ármúla er með stórútsölu þessa dagana á ýmsu því sem vantar fyrir heimilið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 31. ágúst, 243. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.06 | 13.28 | 20.48 |
| Akureyri | 5.45 | 13.13 | 20.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Dögg Hjaltalín heldur mikið upp á sumarlega kjólinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dansar í blómakjól

***Dögg Hjaltalín, forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Avion Group, keypti sér fallegan kjól í búð í Glasgow sem selur notuð föt. Hún segist aðeins nota kjólinn við sérstök tilefni.***

„Ég er hrifin af þessum litríka og fallega kjól því hann er svo mikið sól og sumar,“ segir Dögg. „Ég get nú ekki sagt að það sé einhver ein sérstök saga á bak við hann frekar en flesta aðra kjóla sem ég á, en verður ekki alltaf til einhver saga á bak við flíkur sem maður notar bara við sérstök tilefni?“ segir hún spyrjandi.

Kjólinn fína keypti Dögg fyrir um það bil tveimur árum í búð í Glasgow sem selur notuð föt. „Búðin var í frekar ógeðslegu hverfi nálægt ánni, en kjóllinn er fallegur,“ segir hún en kjóllinn er eins og sést á myndinni með þremur pilsum. „Hann er þess vegna mjög hentugur til að dansa í,“ segir hún hlæjandi og bætir því við að hún dansi oft í honum.

Dögg segist sjálf ekki vera sérstaklega mikil áhugamanneskja um tísku. „Ég er ekki áhugamanneskja um nýjustu strauma og stefnur en ég hef áhuga á skemmtilegum fötum. Ég er eiginlega meira upptekin af minni eigin tísku en að elta eitthvað annað.“ Aðspurð segir hún það vera nokkuð misjafnt hvort hún eyði miklum peningum í föt. „Ég versla stundum mikið þegar ég fer til útlanda og á marga skemmtilega kjóla frá mismunandi tímabilum og ýmsum heimsálfum,“ segir Dögg.

*valgeir@frettabladid.is*



## Háir hælar eru heitir

ÞYKKBOTNA KVENSKÓR KOMA STERKIR INN Í ÁR.

Háir þykkbotna kvenskór eru meðal þess sem þykir heitast í ár, að því er fram kemur á vefsíðu Vogue, en þar eru talin upp föt og fylgihlutir sem talin eru ómissandi hluti af tískunni. Í vetur er kannski ekki ákjósanlegt að klæðast opnum skóm eins og þeim sem sjást hér á myndinni, þeir henta betur á sumrin, en alltaf má grípa í lokaða skó til að verjast kuldabola. Háhæla skór þykja fara vel við stutta kjóla og pils, sem eru með því vinsælasta um þessar mundir.





**Nú eru tískuverslanir** fullar af fallegum frökkum og kápum fyrir haustið. Það er gott að eiga eins og eina kápu fyrir veturinn enda passa þær við öll tækifæri.


HLÝJAR
Í VETUR
HÚFUR SEM HLÆJA
Skólavörðustíg 18
www.hsh.ehf.is

NÝ VERSLUN SPÖNGINNI
Velkomin
Loðfóðruð stígvél

Stærðir 25-35 Verð kr: 4.795.-

Með hverju keyptu pari fylgja inniskór að eigin vali á barnið!
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240


Skólabyrjun í Flash
Geggjuð helgartilboð
Úlpur áður 5990 nú 3990
Peysur áður 4990 nú 2990
Gallabuxur 50% afsláttur
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Topshop, Smáralind.
1.990 krónur.

Topshop, Smáralind.
1.990 krónur.

Zara, Smáralind.
1.695 krónur.

Zara, Smáralind.
1.595 krónur.

Zara, Smáralind.
5.495 krónur.

Blend, Smáralind.
1.990 krónur.

Zara, Smáralind.
2.295 krónur.



Vero Moda, Smáralind.
2.490 krónur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Líflegt og litríkt

***Vetrartískan er fjölbreytt og fallega boli má finna í flestum litum.***

Þægilegir bolir og skyrtur sem henta vel í vinnuna og skólann fást víða og þurfa ekki að kosta mjög mikið. Fjölmargar verslanir eru farnar að selja fína bómullarboli á þúsund til þrjú þúsund krónur og það getur vel verið sniðugt að kaupa boli í ódýrari kantinum og geta í staðinn endurnýjað oftar. Bómullarbolir og skyrtur fást í öllum litum og það er um að gera að leyfa litagleðinni að ráða ferðinni við innkaupin.



Topshop, Smáralind.
3.490 krónur.

Vero Moda, Smáralind.
2.790 krónur.

Blend, Smáralind.
2.990 krónur.

Vero Moda, Smáralind.
2.490 krónur.



# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Skotgrafarfrakkinn ómissandi

Á hverju ári og í hverri árstíð er einhver klæðnaður eða fylgihlutur meira ómissandi en annar. Í fyrra voru það pilsin víðu, í sumar espadrillur en í vetur er það gamli góði rykfrakkinn sem er ómissandi. Hann á sér hins vegar langa sögu en það var Englendingurinn Thomas Burberry, stofnandi Burberry-fyrirtækisins, sem fann upp þennan fatnað árið 1870. Frakkinn var úr sterku efni sem ekki krumpaðist og var að auki vatnshelt, hugsað fyrir þá sem stunduðu veiðar. Þetta efni var ofið sérstaklega þétt og Burberry fékk seinna einkaleyfi á það. Efnið hlaut nafnið gabardín og átti langa lífdaga fyrir sér.

Í lok nítjándu aldar var efnið notað fyrir enska herinn í Suður-Afríku en endanleg útgáfa rykfrakkans kemur þó ekki fram fyrr en í heimstyrjöldinni fyrri undir nafninu „trench coat“ sem þýðir í raun skotgrafarfrakki, og dró nafn sitt af skotgröfum hermannanna þar sem þeir notuðu þessa frakka. Á þessum tíma fylgdi honum belti með járnhringjum sem voru til þess að hengja í handsprengjur.Uppruni og nafngift rykfrakkans er því langt frá því að vera rómantísk. Frakkinn þótti svo upplögð yfirhöfn að hermennirnir skiluðu ekki frökkunum eftir stríð. Þetta hratt af stað nýrri tísku og aðrir fataframleiðendur fóru að hanna frakka. Burberry hélt þó sérstöðu sinni og kynnti árið 1924 hið fræga skoska köflótta fóður sem enn í dag er sérkenni Burberrys. Rykfrakkinn varð eins og gallabuxurnar ómissandi í klæðaskápinn, notaður af konum og körlum, í seinni tíð í ótrúlegum litum og sniðum. Líklega má þó segja að kvikmyndaiðnaðurinn hafi átt sinn þátt í að gera þessa flík svo vinsæla. Gary Cooper reið á vaðið 1935 í Today we Live. Humphrey Bogart var ógleymanlegur í Casablanca 1942, Meryl Streep var í einum í Kramer gegn Kramer og Brad Pitt skellir sér meira að segja í frakka í Ocean's Twelve á síðasta ári. Þær eru líka óteljandi stjörnurnar sem hafa í gegnum tíðina látið sjá sig í „trench coat“ eins og Greta Garbo, Katherine Hepburn, Jane Fonda og Catherine Deneuve, svo einhverjar séu nefndar.

Í dag eru það frægustu hönnuðir í heimi tískunnar sem hafa tekið að láni gamlar hugmyndir Thomas Burberry og endurhanna á hverju ári nýjar útgáfur af rykfrökkum. Einna duglegastur er Jean-Paul Gaultier sem hefur frá 1983 hannað fjölmarga frakka, allt frá stuttum til síðra, aðra í kjólformi, enn aðra boleró. Annar sem í vetur hefur hannað nýjan frakka er Karl Lagerfeld hjá Chanel. Svo er auðvitað hægt að fá sér einn á 70 evrur hjá H&M sem á hverju ári býður upp á nýja frakka.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Giesele Bundchen er hæst launaðasta og ein áhrifamesta fyrirsætan í dag að mati Forbes. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Bundchen þénar mest

***Þetta kemur fram í Forbes tímaritinu en þetta er annað árið í röð sem hún trónir á toppnum.***

Giesele Bundschen, sem nýlega varð 26 ára, hefur verið áberandi bæði í tískutímaritum og slúðurblöðum á síðustu árum. Hún hefur landað hverjum risasamningnum á fætur öðrum og ekki skemmdi samband hennar við leikarann Leonardo DiCaprio sem blöðin þreytast seint á að fjalla um hvort sé enn í gangi.

Útlit er fyrir frekari annir hjá Bundchen. Næst flýgur hún til Sao Polo í myndatöku fyrir Nivea. Í kjölfarið situr hún fyrir í auglýsingaherferðum fyrirtækja á borð við Liverpool, Stefanel og Tug. Samkvæmt heimasíðu Vogue gengur sá orðrómur að hún muni einnig skrifa undir samning við stóran skartgripaframleiðanda sem einnig mun fela í sér hönnun á hennar eigin línu.

Bundchen er um þessar mundir í Porto Alagre í Brasilíu ásamt systur sinni sem nýverið eignaðist barn. Hún ætti að hafa efni á ágætis skírnargjöf. *- tg*

# Nýtt á varirnar frá Lancôme

MIKIÐ ER UM NÝJUNGAR Í VARAGLOSSUM OG -BLÝÖNTUM HJÁ LANCOME.

Juicy Gelée varaglossið frá Lancome er selt í litlum sætum krukkum og er fáanlegt í mörgum litum.

Olían í glossinu er mjög glansandi og meira fljótandi og klístrast ekki eins og þær olíur sem nú eru notaðar í varagloss. Olían tryggir mýkt varanna og glossið tryggir rakagjöf í fjórar klukkustundir.

Einnig eru komnar nýjar tegundir af Juicy Tubes glossi; Juicy Tubes Plump, Juicy Tubes Swirl, sem er gloss með þremur mismunandi litum, og Juicy Tubes Pure.

Enn fremur eru átta nýir og ferskir litir komnir á markað í Contour Pro varablýöntunum. *- lkg*



Contour Pro varablýantur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Lífræn og rakagefandi sturtusápa fyrir allar húðgerðir
Dr.Fischer



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




SKÓR
NÝ VERSLUN SPÖNGINNI
Velkomin

Stærðir 40-46
verð kr: 3.995.-

Stærðir 36-41
verð kr: 4.545.-

Stærðir 37-40.1/2
verð kr: 9.995.-

Stærðir 36-41
verð kr: 9.695.-
Gabor
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240



allt
matur
Alla föstudaga



Útsala
Síðustu dagar útsölunnar
30-60% afsláttur

Undirföt-Sundföt-Náttföt
Selena
Síðumúla 3, s.553 7355



Við spáum úlpuveðri


ÚTSÖLUMARKAÐUR
66 NORÐUR
Faxafeni 12, 108 Reykjavík. Opið 8-18 virka daga og 10-16 laugardaga. www.66north.is



Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea





Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

# Öðruvísi gallabuxur

***Stíll og snið gallabuxna fyrir karlmenn hefur verið að breytast nokkuð að undanförnu.***

Verslanir sem selja gallabuxur virðast alveg vera hættar að selja eingöngu hinar týpísku bláu gallabuxur. Úrvalið hefur verið að aukast mikið að undanförnu og stílsniðið einnig. Allt í einu eru litaðar gallabuxur orðnar áberandi og útvíðar gallabuxur er nær algjörlega horfnar meðal karlmanna. Hvítar gallabuxur, svartar, rauðar, grænar og jafnvel fjólubláar hafa sést á vappi um götur landsins og engum þykir það neitt sérstakt tiltökumál.

Breytingin á sniðinu fyrir karlana er ekki síðri. Buxurnar eru orðnar þrengri og oft úr teygjuefni. Allt útvítt virðist nær harðbannað og meira að segja „boot cut" sniðið líka. Beint og niðurþröngt eru ríkjandi þessa stundina og virðist það vera að falla ágætlega í kramið hjá flestum.

Nú er ekkert annað í stöðunni en að prófa sig aðeins áfram og finna hvað hentar hverjum og einum. Það er allt í lagi að taka smá áhættur en það verður að passa að manni líði vel í því sem maður klæðist.

*steinthor@frettabladid.is*






Skart
sem tekið er eftir
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



Debra Messing mætti í hvítu sem er tískulitur í ár.


Simon Cowell sést hér í svörtum smóking ásamt Terri Seymour sem klæddist stuttum rauðlitum kjól.


Tyra Banks mætti í þessum fallega svarta síðkjól.

# Rautt áberandi á Emmy

***Margt kom á óvart í fatavali stjarnanna þegar þær mættu til leiks á Emmy-verðlaunahátíðina.***

Hvítur og fjólublár, sem eru tískulitir vetrarins, voru áberandi í ár þegar leikkonur á borð við Helen Mirren, Evu Longoria og Debra Messing skörtuðu sínu fegursta á Emmy-verðlaunaafhendingunni sem haldin var í 58. skipti á sunnudaginn var.

Það kom þó á óvart hversu margar stjörnur kusu að klæðast rauðu, en sjónvarpsþáttastjórnandinn Cat Deeley, fyrirsætan og leikkona Heidi Klum og leikkonan Ming Nanga voru allar í kjólum í þeim lit og þóttu bera af á rauða dreglinum. Þá voru margar í fremur stuttum kjólum, en síðir galakjólar hafa verið áberandi í gegnum tíðina.

Stór hluti karlpeningsins mætti í hefðbundnum smóking að vanda, þar á meðal leikarinn Kiefer Sutherland sem vann verðlaun fyrir besta leik karla í dramatísku hlutverki og Simon Cowell úr þáttunum American Idol og X-Factor, enda hefur hann ekki haft sama frjálsræði í fatavali og starfssystur hans. *- re*

Erum að taka upp haustvörurnar

verð 10.990 kr.
verð 14.990 kr.
verð 11.990 kr.
verð 17.990 kr.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
EURO SKO
Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420

Haustið er komið

Dalakofinn
Firði
Fjarðargötu 13-15
Hafnarfirði
s. 555 4295

ENGLAKROPPAR

ÞÚ NÆRÐ ÁRANGRI HJÁ OKKUR
4. 6 OG 8 VIKNA ÁTAK Í BOÐI
LOSUM ÞIG VIÐ APPELSÍNUHÚÐ
GRENNUM, STINNUM, AFEITRUM
ÓKEYPIS PRUFUTÍMI
FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI
PANTAÐU TÍMA NÚNA Í SÍMA 587-3750
ENGLAKROPPAR
STÓRHÖFÐA 17



Blanx
tannhvíttunartyggjó*
Tyggðu blettina burt og verðu þig gegn tannskemmdum
*Inniheldur m.a. xylitol, natron og heimskautamosa, sem vinna á tannblettum eftir matarleifar, kaffi, te og nikótín, draga úr tannskemmdum og gefa ferskan andardrátt.
Fæst aðeins í verslunum Lyf og Heilsu og Lyfjavals

**Eyrnatappar** henta vel þeim námsmönnum sem illa þola umhverfishljóð við lærdóminn.





Það er tilbreyting að vera í skóla úti við. Hér eru kennarar og nemendur úr Norðlingaskóla að prófa plássið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lært í skógarlundi

***Útikennslustofa sem nýtist öllum leik- og grunnskólum hefur verið tekin í notkun.***

Kennslustofan nýja er staðsett steinsnar frá Elliðavatnsbænum í Heiðmörk. Hún er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og er samstarfsverkefni Skógræktarfélagsins, Náttúruskóla Reykjavíkur og Vinnuskóla Reykjavíkur.

Að sögn Herdísar Friðriksdóttur, verkefnastjóra hjá Skógræktarfélaginu, hafa margir sýnt því áhuga að nota þessa aðstöðu og einnig námsefnið sem Náttúruskólinn hefur útbúið. Það er fyrir öll skólastig og er í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, heimilisfræði og íþróttum. Verkefnin verða aðgengileg á heimasíðunni www.natturuskoli.is.

Helena Óladóttir er verkefnastjóri hjá Náttúruskólanum og hún lýsir enn betur aðstöðunni í skóginum. „Við erum með þrjú svæði sem við ætlum til kennslu. Í einu er bekkur, í öðru plankar í hring og eldstæði í miðjunni og þriðja svæðið er undir þaki. Allt er þetta frekar frumstætt.“

Nú er Helena beðin að lýsa aðferðunum sem beitt verður við kennsluna og tekur dæmi um verkefni í íslensku sem prófað var í fyrstu kennslustund. Það fólst í því að börnin fengu lítinn pappírsramma sem þau lögðu á jörðina eða hvar sem var, jafnvel hengdu uppi í tré og skoðuðu það sem lenti innan hans. Þar áttu þau að fá hugmyndir að þremur nafnorðum, lýsingarorðum og samsettum orðum. „Þetta gátu verið orð eins og trjágrein, sandkorn, fuglaskítur eða hvað annað sem lenti inni í ramma hvers og eins,“ nefnir Helena sem dæmi. „Þarna vorum við bæði að skoða það sem finnst í náttúrunni og tengja það við íslenskuna. Svo var farið í að fallbeygja orðin, skrifa þau í eintölu og fleirtölu og margt fleira.“

*gun@frettabladid.is*



Gaman er að skoða það sem fellur niður úr trjánum þegar þau eru hrist. MYND/HERDÍS



Móðurmálið lært úti í náttúrunni og myndlistin líka. MYND/HERDÍS

# Listin gefur lífsfyllingu

***Mynd-Mál er skóli sem staðsettur er að Látraströnd 7 á Seltjarnarnesi. Þar ræður Rúna Gísladóttir ríkjum.***



Nemendur á listanámskeiði. MYND/VALLI

Rúna er myndlistarmaður sem hefur breytt bílskúrnum á heimili sínu í huggulega vinnustofu. Þar er skólinn hennar Mynd-Mál að hefja 22. starfsár sitt þann 25. september. Hún kveðst halda 8-10 vikna námskeið í myndlist þar sem nemendur geti valið um olíuliti, vatnsliti og akrýl að vinna með.

„Við tökum fyrir skemmtileg verkefni og reynum ýmiskonar tækni,“ segir hún. „Leysum stundum upp fleti, breytum uppbyggingu og prófum ólík efni með olíunni og akrýllitunum.“

Rúna segir fólk almennt mjög áhugasamt um myndlist og tengir námskeiðin líka listsýningarferðum. „Við skoðum hvað er spennandi að gerast í kringum okkur,“ segir hún „og svo fjöllum við um listina og sögu hennar. Hvernig fólk hefur smitast hvert af öðru og stefnur orðið til. Margir hafa talað um að það opni þeim nýja sýn á myndlistina að kynnast henni frá þessari hlið og skoða hana með stuðningi.“



„Við tökum fyrir skemmtileg verkefni og reynum ýmiskonar tækni,“ segir Rúna um námskeiðin í Mynd-Máli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúna kveðst vera með fimm til átta saman í hóp á námskeiðunum. Það sé hæfilegur fjöldi til að ná að spjalla. Hún segir fólk ánægt með að læra eitthvað skemmtilegt sem geti orðið tómstundaiðja og segir suma vinna markvisst að því að koma sér upp áhugamáli áður en þeir fari á eftirlaun. „Það verða ekki allir snillingar enda er það ekkert endilega markmiðið hjá fólki,“ segir hún. „Aðalatriðið er að njóta myndlistar og eignast áhugamál sem gefur lífsfyllingu.“

*- gg*



Íslensk erfðagreining.

## Vísindamenn ÍE kenna

***Háskóli Íslands og Íslensk erfðagreining efna til samstarfs.***

Nemendum við Háskóla Íslands gefst í haust tækifæri til að sækja námskeið í mannerfðafræði í umsjón vísindamanna og sérfræðinga Íslenskrar erfðagreiningar og Háskóla Íslands. Námskeiðið er liður í samstarfi Íslenskrar erfðagreiningar og háskólans en viljayfirlýsing um frekara samstarf var undirrituð í vikunni af Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, og Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands. www.hi.is.


**Einstakt enskunámskeið**

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

allt tilboð
Alla föstudaga

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð fljónusta.

**Nýtt!!** 3. vikna hraðnámskeið hefst **22. september**
**Nýtt!!** 6. vikna námskeið **3. okt. (dagnámskeið)**
**Nýtt!!** 6. vikna námskeið **4. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja flátttöku félagsmanna sinna á námskei›inu.

Englakórinn

**ENGLAKÓRINN**
TÓNLISTARUPPELDI FYRIR BÖRN
3JA TIL 7 ára

**Kóræfingartími:**
Laugardagar kl.11.00-11.45.................3ja til 4ra
Laugardagar kl.12.00-12.45.............4ra til 7 ára

**Kennsluefni:** öndun, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð,hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.

**Staður:** Tónlistarskóli Kópavogs

**Kennarar:** Natalía Chow(M.A) og Julian Hewlett(B. A.)

**Skráning:** laugardaginn 2. september kl.11.00-12.00 í Tónlistarskóla Kópavogs.
Kórgjaldið greiðist við skráningu.
Fyrirspurn má senda á netfangið:
nataliachow89@msn.com
eða í síma 555-1346/699-4613

**Góður koddi** er mikilvægur fyrir góðan svefn. Fjölmargar tegundir kodda fást í verslunum og því ætti hver og einn að finna einhvern við sitt hæfi.



















Róbert vill bæta enn frekar þjónustuna við íbúa Sveitarfélagsins Voga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Betra fjölskyldusamfélag

***Stefnt er að því að taka upp nýja heilsustefnu í grunnskóla Sveitarfélagsins Voga til að bæta þjónustu við íbúa enn frekar.***

„Í leikskólanum hefur heilsustefna verið rekin um nokkurt skeið, sem miðar að því að bæta mataræði og efla hreyfingu meðal leikskólabarna. Okkur þótti kjörið að innleiða það í grunnskólann vegna þess hversu vel hefur tekist til,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga, um nýju heilsustefnuna sem áætlað er að taka upp í skólanum á þessu ári.

„Líkt og í leikskólanum viljum við draga úr neyslu sykurs og unninna matvara án þess þó að fara út í einhverjar öfgar,“ heldur Róbert áfram. „Með því móti viljum við huga að fjölbreyttu mataræði og hafa fasta matmálstíma, sem eru jafnframt nýttir til að skapa róandi andrúmsloft og ná fram ákveðnum aga í skólastarfinu,“ bætir hann við.

Að sögn Róberts hefur meiri áhersla verið lögð á hreyfingu í leikskólanum heldur en almennt tíðkast og það verði tekið upp í grunnskólanum. „Grunnskólabörn eru þegar í mikilli hreyfingu, bæði í íþróttakennslu og sundi, en okkur langar til að leggja enn meira upp úr henni,“ útskýrir hann og segir að meðal annars verði ókeypis í sund fyrir börn og ungmenni undir 18 ára aldri.

„Stefnan byggir á þeirri heildarhugmynd að sveitarfélagið sé fjölskylduvænt samfélag,“ segir Róbert. „Hluti af því er að gera Voga fyrsta sveitarfélagið sem býður grunnskólabörnum upp á gjaldfrjálsa máltíð í hádeginu. Við vonumst eftir því að foreldrar geti þannig nýtt peninginn sem sparast, um 30.000 kr., í íþróttir og tómstundir barnanna. Þetta er því í raun ákveðin skattalækkun á fjölskyldufólk.“

Róbert segir að miklar vonir séu bundnar við tilraunina, bæði innan sveitarfélagsins sem og annarra skólafélaga þar sem fulltrúar bíði spenntir eftir því að sjá hvernig til takist að innleiða nýju stefnuna.

*roald@frettabladid.is*



Ný rannsókn sýnir fram á mikilvægi þess að neyta D-vítamínríkrar fæðu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# D-vítamín styrkir bein

***Nýjar rannsóknir benda til þess að D-vítamínríkt fæði hjálpi til við að styrkja beinin.***

Gerð var rannsókn á 230 miðaldra og eldri karlmönnum í Svíþjóð þar sem rannsökuð voru líkamleg áhrif af D-vítamínríkri fæðu. Niðurstöðurnar bentu til þess að karlmennirnir sem fengu nóg af D-vítamíni úr fæðu sinni voru að jafnaði með sterkari bein en þeir sem borðuðu D-vítamínsnauðari fæðu. Svo virðist sem D-vítamínið nýtist þeim best sem virðast vera með ættartengda áhættu á beingisnun.

Hingað til hefur verið talið að mannfólkið fái D-vítamín að mestu leyti frá sólarljósi en D-vítamín í fæðu hafi minna að segja. Sænska rannsóknin sýnir nú fram á að nauðsynlegt er að gæta að D-vítamínmagni í fæðunni enda hefur vítamínið jákvæð áhrif á beinin í líkamanum. *- jóa*

# Bóluefni gegn alnæmi

***Sænskt bóluefni gegn alnæmi lofar góðu.***

Sænskir vísindamenn segja niðurstöður rannsóknar á bóluefni gegn alnæmi lofa góðu. Bóluefnið er öruggt og fékk svörun frá ónæmiskerfi líkamans í 90 prósentum tilfella þeirra fjörutíu Svía sem tóku þátt í tilrauninni.

Um er að ræða svokallað DNA-mótefni sem virkjar ónæmiskerfi líkamans og leiðir það af sér að annað mótefni myndast sem hjálpar til við að styrkja ónæmiskerfið. Rannsóknir eru enn á fyrstu stigum og er meðal annars verið að athuga þær aukaverkanir sem bóluefnið kann að valda.



Fyrstu rannsóknir á bóluefni gegn alnæmi lofa góðu.

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Mikilvægur morgunmatur

Þetta með morgunmatinn er kannski farið að hljóma eins og gömlu tugga, en þetta er gömul og góð tugga! Ef þú vilt auka efnaskiptin og hafa næga orku yfir daginn er nauðsynlegt að borða morgunmat innan við klukkustund frá því þú vaknar. Með því að gera það dregurðu líka úr líkum á að blóðsykurinn falli þegar líða fer á daginn. Þegar blóðsykurinn fellur fer okkur að líða eins og við þurfum að borða strax og mikið og þá verður skyndibiti eða önnur óhollusta oft fyrir valinu.

**Sjö mínútur fyrir vellíðan**

Flest erum við að flýta okkur á morgana og það er algengasta afsökunin fyrir því að borða ekki morgunmat, en þetta þarf ekki að vera stór máltíð. Skyrdós og banana/epli/pera er flottur morgunverður og tekur innan við 5 mínútur að snæða. En ef þið hafið 7 mínútur mæli ég eindregið með hafragraut, morgungraut Gabríels úr bankabygginu frá Móður jörð (uppskrift aftan á bankabyggspokanum) eða kjarngóðri brauðsneið og ávexti.

**Margfaldaðu efnaskiptin**

Þegar við höfum nært okkur í morgunsárið er líkaminn kominn í gang. Líkaminn byrjar að starfa eðlilega og efnaskiptin komast á gott skrið. Ef við nærum okkur ekki fyrr en 2-3 tímum eftir að við vöknum (ég tala nú ekki um lengri tíma) er „vélin" bara í hægagangi og líkaminn heldur í alla orku sem hann hefur. Ef þú borðar hins vegar morgunmat og svo á þriggja tíma fresti yfir daginn, nærðu að búa til framúrskarandi túrbóvél úr líkamanum, eins og ég hef áður talað um, sem brennir hitaeiningum margfalt hraðar en þegar aðeins er borðað tvisvar til þrisvar yfir daginn og fyrsta máltíðin kannski ekki fyrr en á miðjum degi. Með þessum hætti stjórnar þú þinni eigin brennslu, ekki aðeins með reglulegri hreyfingu, heldur einnig með reglulegum máltíðum og blessuðum morgunmatnum.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt jákvæð áhrif þess að borða morgunmat.

Hér eru nokkur atriði:

- Þar sem efnaskiptin aukast dregur þú úr líkum á offitu og of háu kólesteróli.
- Þú eykur minnisgetu þína.
- Þú dregur úr líkum á því að borða yfir þig og að langa í sætindi, vegna jafnvægis á blóðsykri. Minni líkur á að þú borðir umfram þörf yfir daginn.
- Frammistaða barna og unglinga í skólum batnar.

**Lítil lyst á morgnana?**

Ef þú átt erfitt með að borða á morgnana mæli ég með að þú byrjir á ávaxtasafa, helst nýkreistum úr safavél, eða góðum næringardrykk eins og Build-up eða öðrum slíkum. Þá getur líka verið mikilvægt að hafa morgunmatinn spennandi, sérstaklega fyrir þá sem eru að reyna að venja sig á hann. Ekki enda í skál af sykruðu morgunkorni eða sætabrauði!

Hér eru því nokkrar spennandi hugmyndir að morgunmat:

- Smurðu heilhveiti- eða speltortillu með lífrænu hnetusmjöri og agúrku eða banana og drekktu glas af undanrennu með.
- Skerðu epli og banana smátt niður og blandaðu því saman við 3-4 msk af léttkotasælu eða skyri.
- Pískaðu saman þremur eggjahvítum á móti einni eggjarauðu, bættu við smá sjávarsalti og jafnvel kanil og þurrsteiktu á pönnu. Smá salsasósa til hliðar ef þú vilt.
- Blandaðu smátt skornum gulrótum og handfylli af rúsínum út í tvær msk af hummus.
- Blandaðu ósöltuðum hnetum að eigin vali og lífrænum döðlum saman við 3-4 msk léttkotasælu eða skyr.

Möguleikarnir eru endalausir, en mundu að velja næringarríkt fæði.

**Enginn varinn gegn sjúkdómum**

Okkur finnst við kannski vera heilög þegar ekkert amar að okkur og ólíklegt að einhverjir sjúkdómar fari að hrjá okkur, en það er skammt stórra högga á milli. Mundu bara að þú getur haft mikil áhrif á líkamlega vellíðan þína í framtíðinni með því að veita þessu athygli og gera þessar venjur að þínum.

Verði þér að góðu í fyrramálið og þú munt eiga góðan dag!

*Kær kveðja, Borghildur*



Bretar ætla að skera upp herör gegn offitu og koma þjóðinni í betra form fyrir Ólympíuleikana 2012.
LJÓSMYND: NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Þjóðarátak gegn offitu

***Breska ríkisstjórnin tekur beinan þátt í baráttunni gegn offitu.***

Frá árinu 2003 hefur offitutilfellum meðal fullorðinna í Bretlandi fjölgað um 38%. Áætlanir gera ráð fyrir að árið 2010 verði 30% karla of feit, 22% stúlkna og 19% drengja. Stúlkur undir 11 ára aldri eru taldar vera í sérstökum áhættuhópi.

Í ljósi þessa hefur breska ríkisstjórnin farið þess á leit við Caroline Flint þjóðheilsuráðherra að hún verði ráðherra líkamshreysti. Markmið hennar er að fá fólk til að bæta heilsubætandi hreyfingu inn í daginn sinn til að þjóðin verði hraustari fyrir Ólympíuleikana 2012. „Það er áríðandi að fólk átti sig á því að það þarf ekki að leggja mikla hreyfingu á sig til að stórbæta heilsuna. Fólk má ekki halda að það eina sem dugi sé að vera í ræktinni fimm sinnum í viku og að ef það geti það ekki sé ekkert annað hægt að gera. Það er fjarri sanni."

Nú þegar fara milljarðar af almannafé í baráttuna gegn offitu í Bretlandi og þó að sumir telji ríkisstjórnina ekki eiga að taka beinan þátt í þeirri baráttu gæti það forðað heilbrigðiskerfinu frá fjárhagslegu slysi.

Meðal þess sem yfirvöld brýna fyrir Bretum er að borða reglulega, fá sér ávexti og grænmeti að minnsta kosti 5 sinnum á dag, forðast sykur- og fituríkan mat, gæta hófs í áfengisneyslu, hreyfa sig að lágmarki 30 mínútur á dag og neyta ekki minna en 6 gramma af salti á dag.

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

SVÆÐAMEÐFERÐARNÁM

VIÐURKENNT AF SVÆÐAMEÐFERÐARNÁM ÍSLANDS. FAGLÆÐUR KENNARI MEÐ MENNTUN FRÁ DANMERKU OG YFIR 19 ÁRA REYNSLU OG FAGLÆÐIR LEIÐBEINENDUR. FORNÁM BYRJAR ÞRIÐJUDAGINN 05.09"2006. ÖRFÁ PLÁSS LAUS.

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 552-1850 OG Í 896-9653 EINNIG MÁ SJÁ FLEIRI NÁMSKEIÐ Á **www.heilsusetur.is**




Esther Helga Guðmundsdóttir, ráðgjafi

**mfm miðstöðin**

Meðferðar og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar.
Ármúla 15, Reykjavík Sími 568 3868
www.matarfikn.is

**Frá hömluleysi til heilsu!**

✓ Borðar þú stundum meira en þú hefur ákveðið?
✓ Felur þú hvernig þú borðar?
✓ Hafa matarvenjur þínar hamlandi áhrif á líf þitt?
✓ **Finnst þér þú hafir reynt allt, en átt enn í vanda með mat?**

**Við bjóðum upp á greiningu, einstaklingsmiðaða meðferð og fræðslu.**

**Námskeið að hefjast, upplýsingar í síma 568 3868 eða matarfikn@matarfikn.is**


# Hinn fullkomni þjálfari!

Life Fitness – vænstu þess besta

X9i

■ Allt að 50% meiri hitaeininganotkun



ARGUS 06-0350

Life Fitness
þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is

# Einkaþjálfaranám

***Íþróttaakademían býður upp á níu mánaða langt einkaþjálfaranám sem hefst 11. september.***

Nám í einkaþjálfun er ætlað þeim sem vilja koma sér í gott form ásamt því að miðla og kenna öðrum og gera einkaþjálfun að sínu starfi. Námið kemur þeim líka vel sem þegar hafa tekið til við einkaþjálfun því farið er djúpt í þá þætti sem nauðsynlegt er að kunna skil á í starfinu. Það eru þættir eins og næringarfræði, þol- og styrktarþjálfun, lífeðlisfræði, líffærafræði, samskiptatækni, sálfræði og mælingar.

Í upphafi námsins setur hver einstaklingur sér persónuleg markmið sem hann ætlar sér að ná á þessum níu mánuðum og allir fá æfingaprógramm og næringarráðgjöf í byrjun. Auk þess fara allir í fitu-, ummáls- og blóðþrýstingsmælingu, ásamt þol- og þrekprófi.



Hægt er líka að verða sinn eigin einkaþjálfari.

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

YOGASTÖÐ VESTURBÆJAR
WWW.YOGAWEST.IS


# Tai chi – Kung Fu

Hugræn teygjuleikfimi - Heilsumeðferð

Einkatímar - Hópatímar



Tilboð í heilsute og greiningu í svæðisnuddi.

**Lítil box** eru hentug undir ýmsa smáhluti á heimilinu í stað þess að hafa þá uppi á öllum borðum og hillum. Þau er líka tilvalin fyrir smádótið í barnaherbergjunum.








# Áhugamál varð að viðskiptahugmynd

***Margrét Júlíusdóttur handverkskona hefur opnað vinnustofu í Ármúla í Reykjavík.***

„Ég er með opna vinnustofu og öllum áhugasömum er velkomið að líta inn,“ segir Margrét sem er nýr eigandi Emm handverks/vinnustofu, sem er til húsa á þriðju hæð í Ármúla 44.

Að hennar sögn er hægt að kaupa tilbúnar vörur, annað hvort nikkelfría skartgripi úr perlum eða málmi svo dæmi sé tekið eða tækifæriskort. „Fólk getur einnig keypt vörur til föndurgerðar, sem það getur tekið með sér eða sett saman á staðnum,“ bætir hún við. „Í síðara tilvikinu fær það aðgang að verkfærum, sem hér eru til staðar, til að gera skartgrip frá grunni og leiðsögn gegn gjaldi.“



Þessir fallegu eyrnalokkar eru á meðal þeirra skartgripa sem fást í Emm handverki/vinnustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Að sögn Margrétar á opnun Emm handverks/vinnustofu sér nokkuð langa sögu. „Ég hef haft mikinn áhuga á handverki alveg frá því að ég var krakki og hef varið mestum frítíma mínum í handverk,“ útskýrir hún og bætir við að fjölskyldan hafi notið góðs af.

Margrét bjó um tíma á Akureyri, þar sem hún keypti lítið fyrirtæki sem framleiddi muni úr gifsi og ól önn fyrir fjölskyldunni með gifsmunagerð, sem hún segist hafa notið fram í fingurgóma. „Vegna vinnuslyss neyddist ég því miður til að draga mig út úr rekstrinum og í kjölfarið leiddist ég út í kortagerðina,“ segir hún.



Margrét Júlíusdóttur lét gamlan draum rætast þegar hún opnaði vinnustofuna í Ármúla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Eins og hér sést fást fallegir skartgripir hjá Margréti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Margrét segist loks hafa komist í kynni við hollenskt fyrirtæki sem selur meðal annars vörur til föndurgerðar og gerðist söluaðili þess hérlendis. „Röð tilviljana átti þátt í því að ég opnaði vinnustofuna í Ármúla,“ segir hún. „Þannig varð áhugamálið að viðskiptahugmynd.“

*roald@frettabladid.is*




Kjartan Guðjónsson

síðasta sýningarhelgi

Opið laugardaga kl. 11-16
Opið sunnudaga kl. 14-16

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Gallerii Fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



Nýjar upplýsingaveitur á ensku:

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Skrautgrös - Strandreyr og randagras

Þrátt fyrir að líklega séu grösin í meirihluta þegar að því kemur að telja upp einstakar plöntur í garðinum, þá munum við sjaldan eftir því að minnast á þau. Grasflötin er bara eitthvað svo sjálfsögð í öllum görðum og við erum yfirleitt lítið að pæla í því að hún er í raun stærsta blómabeðið, með tugi plantna á hverjum fermetra. Við höldum þeim einfaldlega niðri með reglulegum slætti og snyrtingu og tökum því sjaldan eftir því hve hver einstök grasjurt er í sjálfu sér snotur og merkileg þegar hún fær að vaxa fullt út eins og eðli hennar stendur til. En að hafa óslegnar grasflatir í görðum er fremur óheppilegt fyrirkomulag, nema þegar garðurinn er það stór að hann bjóði upp á rými fyrir úthaga sem ekki er gengið um. Þar sem umferð er bælist grasið og áferðin á blettinum verður bara „vanrækt og sóðaleg“. Við viljum hafa grasflatirnar snöggslegnar til að þær þoli að þá umferð sem lendir á þessu takmarkaða svæði.

### Skrautgrös í tísku

Aftur á móti hefur lengi verið vinsælt að hafa stakstæða brúska af skrautlegum grösum hér og hvar innan um fjölæru plönturnar eða á áberandi stöðum. Eiginlega má segja að skrautgrös hafi komist í tísku á undanförnum árum og varla þykir nokkur garður gjaldgengur nema að hann skarti að minnsta kosti tveim til þrem tegundum skrautgrasa. Tegundaúrvalið í gróðrarstöðvunum hér er fjölbreytt, allt frá einærum tegundum eins og silkibyggi og héraskotti, sem fara vel innan um sumarblómin, upp í hávaxnar fjölærar tegundir eins og gulbambus og randagras.

### Randagras – strandreyr í dulargervi

Randagrasið hefur notið vinsælda í íslenskum görðum í marga áratugi. Það er harðgert, hávaxið og hefur breið ljósgræn blöð með hvítum eða gulleitum langröndum. Brúskar af því lýsa upp og gefa sérstaka rýmdartilfinningu í garðinum. Randagrasið er afbrigði af strandreyr, Phalaris arundinacea, stórvaxinni grastegund sem algeng er við deiglur, fen og vætulönd víða um Evrópu. Strandreyrinn hefur reyndar fengið mikla eftirtekt á síðustu árum vegna þess hve auðræktaður hann er og notagildi hans er fjölbreytt. Hann þykir úrvals fóðurgras með margfalda afkastagetu á hektara miðað við aðrar grastegundir. En einnig þykir hann vera mjög vænlegur framleiðandi til orkuvinnslu, pappírsgerðar og þilplötupressunar. Hér á landi hefur strandreyr verið ræktaður í nokkrum mæli sem hráefni í svepparæktarbeð. Til skamms tíma var hægt að sjá nokkuð stórar breiður af strandreyr í Vatnsmýrinni austan við Njarðargötu í Reykjavík. Strandreyrinn sjálfur verður um tveggja metra hár en afbrigði hans, randagrasið, nær sjaldan að hefja sig yfir hálfan annan metra.

### Dafnar best í deigri mold

Í görðum dafnar randagrasið best í frjórri, nokkuð deigri sandmold. Það skríður töluvert til hliðanna og getur fyrr en varir myndað víðfeðmar breiður ef ekki er verið á varðbergi. Einfalt er að rækta randagrasið í víðum plasthólkum sem ná að minnsta kosti hálfan metra niður í moldina. En líka er auðvelt að stinga utan úr því eftir þörfum þegar okkur finnst það vera að fara út fyrir sín mörk. Hinar sérkennilegu rendur randagrassins stafa ekki af veirusýkingu en eru upphaflega tilkomnar vegna einhverra vaxtartruflana í strandreyrnum. Grænukornin vantar í röndunum þótt blöðin þroskist annars eðlilega. Þetta fyrirbæri kemur víða fyrir hjá öðrum grastegundum, en helst sjaldan stöðugt nema menn taki „randagrösin“ sérstaklega til ræktunar og fjölgi þeim síðan með skiptingu. Fræplöntur af þeim verða yfirleitt í engu frábrugðnar viðkomandi tegund. Það kemur líka fyrir að rendurnar byrji að hverfa í jöðrum randagrashnausanna. Komi það fyrir þarf að skera græni stráin burt með rót. Ef það er ekki gert, taka þau yfirhöndina og röndótti hluti plöntunnar visnar smám saman burt.

### Stakir brúskar

Randagras nýtur sín best ef það hefur dökkan bakgrunn eða þar sem það gefur tilfinningu fyrir upphafi að óendanlegu rými einhvers staðar í forgrunni. Það fer vel við tjarnir og við stíga. Það fer best sem einstakir brúskar á 50-60 cm ferfleti. Það fer betur á að hafa brúskana vel aðskilda. Þar sem randagrasið vex í breiðu er erfitt að halda því í skefjum og því hættir þá til að mynda leiðinlega beðju. Randagrasið blómgast í júlí. Punturinn er fremur smágerður og léttur miðað við breið blöðin. Hann er fallega purpurableikur með útstæð smáöx þegar blómin opnast en lokar sér þétt saman og lýsist eftir blómgun. Hér á landi verður randagras um 150 cm hátt og þrífst vel hvort sem er á sólríkum stað eða í skugga. Það þolir umplöntun á öllum tímum árs, ef það er flutt til á sumrin er best að klippa ofan af því og flytja bara rótarhnausinn. Þá rætir það sig fljótt og sprettur upp aftur á nokkrum dögum.



Ný glös og glasabakkar eru meðal þess sem haustlisti Lauru Ashley býður.

# Körfur, glös og kerti

***Haustvörurnar streyma inn hjá Lauru Ashley í Faxafeni 14.***

„Við fáum nýjar vörur hálfsmánaðarlega,“ segir Rósa Björg Óladóttir, verslunarstjóri í Lauru Ashley, sem er til húsa inni í Z-brautum og gluggatjöldum. Rósa segir haustlistann einnig kominn með mörgum fögrum hlutum sem auðvelt sé að panta. Spurð um helstu nýjungar nefnir hún sem dæmi glös, glasamottur og körfur og segir líka aukna áherslu lagða á húsgögn þetta haustið. „Svo er að koma ljósatími og við mætum honum með úrvali af yndislegum kertum og lömpum.“



Kertatíminn er að renna upp.



Körfur undir dagblöð og hannyrðir koma sér alltaf vel.

## Stóllinn

### Endalausir möguleikar

„Multi-chair“ stóllinn var hannaður af Joe Colombo árið 1970 og fór í framleiðslu sama ár. Stóllinn samanstendur í raun af tveimur pullum eða sessum sem hægt er að nota saman eða hvora í sínu lagi. Hægt er að sveigja þær til og frá til að móta stólinn allt eftir því hvað maður kýs á hverjum tíma.



# Nýtískuleg hönnun

***Vinsældir loftkælingar í sumarhúsum hafa aukist nokkuð upp á síðkastið, íslensk veðrátta býður þó ekki endilega upp á loftkælingin sjálf sé mikið notuð heldur þykir tæknin nýtast mjög vel við að hita upp húsin.***

Loftkælikerfi þykja mjög hentug til þess að halda hita á öllum gerðum sumarhúsa allt árið um kring. Þykja kerfin orkusparneytin og með notkun þeirra getur rafmagnsreikningurinn lækkað umtalsvert miðað við hefðbundna rafmagnsofnakyndingu.

Artel fyrirtækið sem framleiðir loftkælikerfi hefur lagt mikið upp úr hönnun og útliti tækjanna. Í stað stórra klunnalegra tækja líkt og þau sem hanga uppi á vegg í flestum hótelherbergjum erlendis, hefur fyrirtækið hannað nýtískuleg tæki með það að leiðarljósi að passa vel inn á nútímaleg heimili. Þannig minnir Artel Vita loftkælingin fremur á plasmaskjá en nokkuð annað. Með tækinu kemur fjarstýring þar sem hægt er að stilla hitastigið í húsinu. Alkul Celsius er söluaðili þessara fallegu tækja hérlendis.

- vör



Artel Vita loftkælikerfin minna helst á plasmasjónvörp.

# Að þrífa uppþvottavél

***Þarfasta þjóninn í eldhúsinu þarf líka að þrífa.***

Loksins keyptir þú uppþvottavélina sem þig hefur langað að eignast í mörg ár. Nú þarftu aldrei aftur að þrífa neitt í eldhúsinu. Nema auðvitað uppþvottavélina sjálfa.

Uppþvottavélar safna í sig miklum óhreinindum og það er ekki heiglum hent að þrífa þær, þó að heita vatnið og sápan séu vissulega til staðar. En skánin sem myndast þegar matarolíur og sápan sameinast er næstum því óávinnanleg. Ef þú setur reglulega einn bolla af hvítu ediki í vélina og lætur hana ganga heilan þvott án leirtaus kemur þú í veg fyrir að skánin byggist upp.

Annar möguleiki er að nota sítrussýruduft. Þá er sápuhólfið í vélinni fyllt með því og hún svo látin ganga heilan hring án leirtaus.



Uppþvottavélar geta orðið óttalega sóðalegar að innan.




# NOTALEGHEIT Í BAÐI

*Baðker er hægt að fá í hinum ýmsu stærðum og gerðum*

SJÁ SÍÐU 6





# ELDHÚS ÚR AFGÖNGUM

*Thorsten Henn smíðaði eldhúsinnréttingu úr parketafgöngum og límtrésplötum*

SJÁ SÍÐU 2

[ SÉRBLAÐ UM ELDHÚS OG BAÐHERBERGI – FIMMTUDAGUR 31. ÁGÚST 2006 ]

# eldhús og bað



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT


ELDHÚS ÚR AFGÖNGUM
*Innrétting úr parketafgöngum og límtrésplötum* SÍÐA 2

ELDHÚS OG BORÐSTOFA SAMEINUÐ
*Allsherjar eldhúsyfirhalning* SÍÐA 4

NUDD OG NOTALEGHEIT Í BAÐI
*Baðker í ýmsum stærðum og gerðum* SÍÐA 6

LÍF OG FJÖR VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ
*Fáðu þér sæti* SÍÐA 8





HUGAÐ AÐ HVERJU SMÁATRIÐI
*300 fermetra einbýlishús endurbætt* SÍÐA 10

STÍLL YFIR STURTUKLEFUM
*Sturtan í mörgum myndum* SÍÐA 14





Einstakar innréttingar

- hannaðar að þínum þörfum

Innanhússarkitektar hanna fyrir þig allar innréttingar og aðstoða þig við val á tækjum, gólfefnum, flísum, lýsingu og öllu því sem prýðir fallegt heimili.

Við sérsmíðum allar innréttingar og þær koma samsettar og tilbúnar til uppsetningar. Útvegum iðnaðarmenn og fylgjum verkinu eftir allt til loka.

HANÁK INNRÉTTINGAR

HEIMILIÐ Í HEILD

www.heild.is

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200 · heild@heild.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




Lóa, Thorsten og sonur þeirra, Jökull Hrafn, í eldhúsinu. Thorsten segir það að vissu leyti miðpunkt hússins og mikilvægt að hafa það opið til að þurfa ekki að fara frá matargestunum meðan verið er að elda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Lítið er um lokaðar hirslur í eldhúsinu. Hér hefur verið smíðuð hillueining á milli burðarbita og skorsteins.

# Eldhús úr afgöngum

Thorsten Henn smíðaði eldhúsinnréttingu úr parketafgöngum og límtrésplötum. Lítið er um lokaðar hirslur og engin uppþvottavél.

Thorsten Henn ljósmyndari og Lovísa Lóa Sigurðardóttir listakona hafa staðið í endurbótum á húsinu sínu við Bergstaðastræti undanfarin ár. Innviði heimilis þeirra ber vott um þeirra eigin handbragð enda hafa þau smíðað, flísalagt og hannað það að miklu leyti án utanaðkomandi aðstoðar.

Eldhúsinnréttingin er til dæmis smíðuð frá grunni af Thorsten sjálfum. „Einu tilbúnu innréttingarnar sem okkur fundust flottar kostuðu milljón eða meira án tækja og við vildum ekki borga svo mikið fyrir eldhúsið. Það er í litlu rými þannig að það hefði hvort eð er þurft að sérsmíða innréttinguna. Þetta var ekkert vesen, tók mig nokkrar nætur," segir Thorsten brosandi.

„Fæturnir eru afgangar af eikarparketi sem ég límdi saman. Restin er svo smíðuð úr eikarlímtrésplötum. Eik er sígildur viður, hún er aldrei í hátísku en fer heldur aldrei úr tísku. Við erum með mikið af eik inni hjá okkur, hún á að virka næstu þrjátíu árin allavega." Thorsten. „Það er ekkert mál að þrífa plöturnar, það þarf bara að olíubera þær einu sinni á ári. Ef það lendir matarolía eða eitthvað svoleiðis á borðinu þá er henni bara nuddað inn í timbrið. Þetta er ekkert meira mál en að vera með plastklædda plötu. Það eina er að blautir málmpottar geta skilið eftir sig svart far."

Innréttingin er mjög opin og lítið um lokaðar hirslur. Til dæmis eru engir efri skápar. „Mér finnst þetta bara fallegra, það er nú engin önnur ástæða. Eldhúsáhöldin þurfa reyndar að vera nógu flott til að vera fyrir allra augum," segir Thorsten og bætir við að hann og Lóa séu heldur ekki með neina uppþvottavél. „Við erum bæði svo undarleg að okkur finnst gaman að vaska upp. Þar sem flestir Íslendingar eru með uppþvottavél er úrvalið af tvöföldum vöskum hér mjög lítið og ég þurfti að sérpanta vaskinn okkar frá Þýskalandi. Það er ekkert verra en lítill vaskur ef maður er ekki með uppþvottavél."

Ólíkt mörgum eldhúsum þar sem vaskurinn er undir glugganum er þar vinnuborð hjá Lóu og Thorsten. „1950 eða 1960 voru konur heimavinnandi og gátu staðið við uppvaskið og horft út á börnin leika sér. Þess vegna voru vaskar undir glugga. Við vildum frekar hafa vinnuborð þar til að geta nýtt dagsbirtuna," segir Thorsten að lokum. *- elí*




Skiltinu fyrir ofan eldhúsvaskinn bjargaði Thorsten frá því að lenda á ruslahaugunum þegar verið var að gera upp Nóatúnverslun bak við gömlu vinnustofuna hans.



Thorsten flamberar grænmeti með pernot á gaseldavélinni. Hann segir ekki hægt að elda á neinu öðru eftir að hafa prófað gasið einu sinni.



Innréttingin er hlýleg og glæsileg. Frekar en að setja vaskinn undir gluggann er þar stórt vinnuborð.

## Á netinu..

fundum við stórskemmtilega netverslun sem heitir Generate, og selur mest nýja hönnun fyrir heimilið. Slóðin þar er www.gnr8.biz, og kennir þar ýmissa grasa. Bæði er þar heimsþekkt hönnun ásamt nýrri og spennandi hönnun sem á eflaust eftir að vekja heimsathygli. Allir sem hafa brennandi áhuga á hönnun ættu að kíkja á þessa verslun og aldrei að vita nema þar leynist einmitt hluturinn sem maður hefur látið sig dreyma um.













# 25% AFSLÁTTUR

Vegna hagstæðra samninga við Lineadecor getum við nú boðið **allar** pantaðar eldhúsinnréttingar með 25% afslætti út september

Á mynd:
Rivo + Uvo hnota og háháglanshurðar. Fleiri lita- og viðartegundir fáanlegar.



lineadecor®

Það eru nánast engin takmörk fyrir möguleikum í hönnun og skipulagi á draumaeldhúsinu þínu. Hjá Lineadecor stendur úrvalið á milli 25 gerða af eldhúsum, allt frá nútímalegum til klassískra innréttinga, ljósra sem dökkra og endalausra samsetninga lita, forms og mismunandi lausna sem eru sérsniðnar að þörfum þínum.

Verðið kitlar, útlitið heillar og gæðin eru ósvikin hjá Lineadecor. Láttu drauminn rætast, kíktu í heimsókn og leyfðu okkur veita þér innblástur og létta þér verkið.

Hlökkum til að sjá þig!



Rafha ehf

Opið
Virka daga 09-18
Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# Lífgað upp á baðherbergið

Handklæði geta verið til margra hluta nytsamleg.

Handklæði eru ómissandi á öll baðherbergi hvort sem þau eru einungis notuð til þess að þurrka sér með eða höfð til skrauts. Handklæði geta verið í öllum stærðum, gerðum og litum allt eftir því hvað hver og einn vill en þó að þessi hvítu venjulegu komi alltaf að góðum notum er oft skemmtilegra að hafa þau í einhverjum líflegum lit eða með fallegu mynstri ef að þau eru hugsuð sem punt.







# Eldhús og borðstofa á einum og sama stað

Svanhildur Rósa Friðriksdóttir viðskiptafræðingur hjá Símanum og Eyjólfur Þór Jónasson tölvunarfræðingur hjá Landsbankanum endurnýjuðu eldhúsið sitt þegar fjölgaði í fjölskyldunni.

„Ég var gripin svaðalegri hreiðurgerð þegar ég var barnshafandi af Friðrik Helga, syni okkar Eyva, eins og algengt er hjá verðandi mæðrum. Ég vildi meðal annars færa eldhúsið í nútímalegra horf en innréttingin og fleira voru í gamaldags stíl," segir Rósa um tilurð róttækra breytinga sem gerðar voru á eldhúsi hjónanna.

„Tilgangurinn var meðal annars að fjölga hirslum og hressa upp á eldhúsið með allsherjar yfirhalningu," heldur Rósa áfram. „Innréttingin hafði margsinnis verið máluð í gegnum tíðina í óteljandi litum; bláu, bleiku og gulu, þannig að komið var þykkt málningarlag á hana. Okkur þótti því tímabært að skipta henni út."

Rósa og Eyjólfur völdu sér fallega eikareldhúsinnréttingu frá HTH og gráar gólfflísar frá Agli Árnasyni þar sem þau vildu hafa bjart umhorfs í eldhúsinu og skapa tilfinningu fyrir góðu rými. Þar sem eldhúsið er tiltölulega stórt fannst þeim tilvalið að sameina eldhús og borðstofu í eitt og komu því fallegu gömlu borðstofusetti fyrir í eldhúsinu, þar sem fjölskyldan snæðir nú saman kvölds og morgna auk þess sem gestum er boðið í mat.

Nýr ofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél voru einnig keypt en sú gamla endaði uppi í sumarbústað hjá foreldrum Eyjólfs, ásamt eikarplötunni af upprunalegu eldhúsinnréttingunni.

Að sögn Rósu var verkið tímafrekt og hún þakkar sínum sæla fyrir að þeim skyldi hafa lokið tveimur vikum áður en Friðrik Helgi fæddist þar sem ekki hefði verið heilsusamlegt fyrir nýfætt barnið að vera í öllu rykinu. Eyjólfur flísalagði með aðstoð vinar síns en starfsmaður HTH setti upp innréttinguna og er útkoman afar glæsileg. *- rve*



Rósa, Eyjólfur og sonurinn Friðrik Helgi hafa það náðugt í stofunni heima, en foreldrarnir vörpuðu öndinni léttar þegar ljóst var að eldhúsið yrði tilbúið áður en nýfæddur sonurinn kæmi heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN




Fyrir breytingarnar. Gamla innréttingin var gerð í kringum 1960 og hafði verið máluð margsinnis í gegnum tíðina þannig að þykkt málningarlag var á henni. Hjónin sáu ekki annað í stöðunni en að losa sig við hana. MYND/SVANHILDUR RÓSA FRIÐRIKSDÓTTIR



Hér sést Eyjólfur að störfum í eldhúsinu. Það tók nokkra mánuði að koma því í núverandi mynd enda var nánast öllu skipt út. MYND/SVAHILDUR RÓSA FRIÐRIKSDÓTTIR




Þessi myndarlegi háfur fæst í Bræðrunum Ormsson, þar sem flest nýju eldhústækin voru keypt. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Stór gluggi gerir það að verkum að ávallt er bjart inni í eldhúsinu en hjónin máluðu allt í ljósu til að ýta enn frekar undir áhrifin. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Ísskápur frá Bræðrunum Ormsson er krómaður og ljær eldhúsinu ákveðinn nýtískulegan blæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Eldavélin úr Bræðrunum Ormsson, en sú gamla fékk að fjúka ásamt uppþvottavél sem var ofan í innréttingunni en ekki framan á eins og tíðkast. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Við þetta fallega borðstofuborð snæðir fjölskyldan saman, en þar sem eldhúsið er 15 fermetra stórt ákváðu þau að sameina eldhús og borðstofu í eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



# Allt að 70% afsláttur

# STÓRÚTSALA







Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki - heitir pottar - pallaefni

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - www.egillarnason.is



# Baðherbergið í lit

## Með málningu og litríkum flísum er hægt að hleypa lífi í baðherbergið.

Flestum hættir til að velja hvíta og látalausa liti inn á baðherbergið. Helst er að fólk láti það eftir sér að nota liti í handklæðum og tannburstum. Yfirleitt er það vegna þess að fólk telur liti örva, en það leitar hvíldar á baðherberginu. En hvað getur verið meira hressandi en að stíga á fætur á morgnana og demba sér í sturtu í skærgula baðherberginu? Eða hugsa um hafið og himininn í fagurbláu baðherbergi? Tilvalið er að hefja ævintýrið með því að mála nokkra fleti á baðherberginu þar til rétti liturinn er fundinn. Þá er hægt að vera ögn djarfari og ráðast í að flísaleggja í allavega litum og útbúa jafnvel flott mynstur á veggina.







# Nudd og notalegheit í baði

## Baðker er hægt að fá í hinum ýmsu stærðum og gerðum.

Á þessum tímum lífsgæðakapphlaups, stress, kvíða og vaxandi kreppu er nauðsynlegt að geta slakað á. Fáir staðir eru jafn fullkomnir til þess og baðherbergið. Þar getur þú læst að þér, látið renna í heitt bað, dundað þér við að hella freyðibaði og olíum í vatnið.

Töluvert úrval er af baðkerum í verslunum landsins. Þar má fá allt frá kerum með gamaldags útlit fyrir þá sem það vilja og allt upp í hátækni hornbaðker með margs konar nuddi, ljósum, hátölurum og útvarpi. Þá ætti manni aldeilis aldrei að leiðast.

Lögun baðherbergja er einnig misjöfn og því eru baðker til í mismunandi stærðum og lögunum, allt eftir óskum.



Valið á baðkari skiptir miklu máli því sjaldan getur þú slakað meira á og verið jafn laus við áreiti og í baði. NORDICPHOTOS/GETTY

Baðker með fimm hornum sem gæti hentað í lítil baðherbergi. Í þessari línu eru baðkerin alla vega í laginu og einnig er hægt að fá þau í hinum ýmsu litum, með munstri og fleiru. Baðkerið fæst hjá Agli Árnasyni.





Nýtt og gamalt kallast á í þessu baðkari frá sturta.is. Útlitið er gamaldags en karinu fylgir öldunudd.



Tveggja manna hornbaðkar með nuddi. Hönnunin er skemmtileg enda er gluggi á karinu. Því fylgja einnig ljós og margs konar nudd. Þetta kar fæst hjá Tengi í Kópavogi.



Fallega hannað baðkar úr Alessi-línunni frá Agli Árnasyni.



Nuddbaðkar frá Sturta.is. Breytileg tíðni á nuddi, öldunudd, loftstillir á nuddi, útvarp, hátalari, ljós, blöndunartæki, hreinsibúnaður, handsturta og höfuðpúði.



Hlýleg hönnun Normans Fosters minnir á gamla tíð jafnframt því að vera nútímaleg. Baðkerið fæst hjá Agli Árnasyni.



Hornbaðkar frá sturta.is. Breytileg tíðni á nuddi, útvarp, hátalari, ljós, öldunudd, blöndunartæki, hreinsibúnaður, loftstillir, handsturta og höfuðpúði.







## KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



**d line**

Heimsklassa hönnun

**ASETA**

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is





# Líf og fjör við eldhúsborðið

Eldhússtólar geta verið af ýmsum gerðum.

Víða má finna fallega og létta stóla í eldhúsið. Oft er erfitt að gera upp á milli stóla þegar margt er í boði en það er ekkert sem segir að allir stólarnir í eldhúsinu þurfi að vera eins. Skemmtilegt getur verið að blanda saman stólum af ýmsum gerðum og hafa þá ýmist gamaldags eða nýtískulega. Þá geta allir í fjölskyldunni átt sinn uppáhaldsstól við eldhúsborðið og notið þess að sitja þar saman.



Tekk-Company, 14.500 kr.

Habitat, 11.900



Tekk-Company, 37.500 kr.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Tekk-Company 14.000 kr.

Tekk-Company, 14.500 kr.

Tekk-Company, 24.500 kr.

Habitat, 11.900 kr.

Ikea, 4.990 kr.

Ikea, 5.950 kr.

Ikea, 6.990 kr.

Habitat, 9.990 kr.

Ikea, 1.990 kr.

## Pastellitir

Pastellitir fara öllum og fegra umhverfi sitt. Í eldhúsinu gefa pastellitaðir munir umhverfinu gamaldags útlit og vinalegt yfirbragð. Bleikur er þar fremstur í flokki enda hefur til skamms tíma bleiki Smeg ísskápurinn hlotið talsverðra vinsælda. Bleikur er líka litur sem eldist vel og ætti fólk því að vera óhrætt við að fjárfesta í hrærivél, kaffivél, eða uppþvottavél í þessum fallega lit. Ef menn eru ekki svo hugaðir að sleppa sér í bleika litnum þá er hægt að hleypa honum inn í eldhúsið í bollum, skálum og könnum.



# Margmiðlunarstöð í eldhúsið

Tölvur og tækni eru ætíð að renna meira saman við hið daglega líf heimilisins. Nú er hægt að setja upp margmiðlunarstöð í eldhúsið til að gera verkin þægilegri.

Miðpunktur heimilisins er gjarnan eldhúsið þar sem heimilisfólkið kemur saman og gestum er gjarnan boðið. Þar sem tölvutæknin er nýtt í æ ríkari mæli er hún að sjálfsögðu farin að teygja anga sína inn í eldhúsið. Með Küppersbusch Media Profi margmiðlunarstöðinni er tækni morgundagsins nýtt til að gera eldhúsverkin þægilegri og skemmtilegri. Margmiðlunarstöðin er í raun fullkomin tölva með hljóðkerfi og snertiskjá og er hægt að setja upp t.d. fyrir ofan ofninn eða í grunnan efri skáp þar sem stöðin er sérsniðin að stöðluðum innréttingaeiningum.

Í stöðinni er fullkomið uppskriftakerfi þar sem mögulegt er að skrá inn hvað til er í ísskápnum og með aðstoð internetsins eða forskráðra uppskrifta er hægt að finna uppskrift við hæfi úr því sem til er. Auk uppskriftar og leiðbeininga koma upp gagnlegar ábendingar, næringarinnihald og jafnvel vínmeðmæli. Hægt er að horfa á DVD-mynd eða hlusta á tónlist af geisladiski, vafra, kíkja á fréttir á internetinu, líta á veðurspá dagsins eða horfa á sjónvarpið. Einnig er að finna skipulagsdagbók, dagatal og reiknivél.





Margmiðlunarstöðinni er hægt að koma haganlega fyrir í eldhúsinnréttingunni.




habitat

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

# Hugað að hverju smáatriði

Kristrún Þórðardóttir réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar hún fór út í gagngerar endurbætur á 300 fermetra einbýlishúsi í Vesturbænum.

Kristrún hafði unnið sem sérkennari í Hofsstaðaskóla um nokkurt skeið þegar henni fannst þörf á að breyta um stefnu í lífinu. Hún tók sig til og fór að læra höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð. Ein umskipti kölluðu á önnur og Kristrún réðst í kjölfarið út í stórtækar breytingar á heimili sínu niðri við sjó vestur í bæ.

Einbýlishúsið sem Kristrún býr í ásamt labradorhundinum Bjarti var teiknað af arkitektinum Geirharði Þorsteinssyni og byggt á árunum 1976 til 1978. Húsið var áður í eigu Leifs Ingólfssonar í Söginni, eins og hann var gjarnan kallaður vegna trésmíða- og innflutningsfyrirtækis sem hann rak á árum áður. Húsið er tæpir 300 fermetrar að stærð og skiptist í tvær samliggjandi íbúðir.

Að sögn Kristrúnar var húsnæðið illa farið af steypuskemmdum þegar hún tók við því árið 1999. „Vegna þess var nýr kantur settur á húsið og skipt um þak, það er að segja undirlag og grasþökur," segir Kristrún. „Múrinn var einnig lagaður til, 60 fermetra pallur byggður að aftan með potti, skipt um alla glugga og stétt að framanverðu tekin í gegn. Verkið tók í það heila rúm tvö ár."

Eftir að húsið hafði verið tekið í gegn að utan réðist Kristrún í endurbætur á því innanverðu. „Ég lét það verða mitt fyrsta verk að lagfæra loftið í holinu og slétta alla hraunaða veggi," segir hún. „Nokkrir rimlaveggir voru brotnir niður til að stækka alrýmið sem fyrir var enn frekar."

Eldhúsið var því næst tekið í gegn en að sögn Kristrúnar var það nokkuð vandasamt verk, þar sem hún vildi ekki eyðileggja heildarmynd hússins. „Arkitektúrinn er nefnilega margbrotinn og tímalaus og allt upphugsað niður í smæstu atriði af Geirharði og upphaflegum byggingaraðilum," útskýrir Kristrún og bætir við að af þeirri ástæðu hafi hún viljað hafa eldhúsið í tiltölulega einföldum stíl. Ennfremur var skipt um allar hurðir í húsinu, viðarþiljur fjarlægðar úr forstofu, veggir múraðir upp á nýtt og sérstök lýsing sett í loftið. Þá voru baðherbergin tvö aðeins eftir, annars vegar gestasnyrting sem liggur út frá forstofunni og fjölskyldubaðherbergi á neðri hæð, en Kristrún ákvað að samræma útlit herbergjanna tveggja og leggja hita í gólfin.

Ætlunarverkið virðist hafa heppnast vel ef marka má meðfylgjandi myndir þar sem baðherbergi, eldhús og afgangur þessa þrjátíu ára gamla húss lítur út fyrir að vera glænýr. *- rve*



Hornhillur tengja saman eldhúsið og borðkrókinn. Í hillunum eru geymdar bækur, kínverskt mokkabollastell sem afi Kristrúnar keypti á fornsölu á Englandi á stríðsárunum handa eiginkonu sinni og Tívolí-græjur.



Pallurinn er 60 fermetra stór og segir Kristrún dásamlegt að vera þar á veturna þegar stjörnunar lýsa upp himininn. Potturinn er frá fyrirtækinu Trefjum í Hafnarfirði en það var eigendum þess þeim Önnu og Auðuni að þakka að fest voru kaup á honum.



Eldhúsið er hjarta hússins og er opið inn stofuna. Það skipti Kristrúnu töluverðu máli að eldhúsið væri sem best úr garði gert þar sem henni finnst gaman að elda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Borðstofuborð úr Tekkhúsinu. Skálin er búin til af Ásdísi Einarsdóttur listakonu og gefin Kristrúnu í afmælisgjöf. Kertastjakarnir eru úr búi foreldra Kristrúnar og loftljósið er listilega sett saman úr kristöllum og ljær stofunni ákveðinn glæsileika sem passar vel við arkitektúr hússins.



Kristrún vildi að sturtan félli sem best að baðherberginu en þar var fyrir baðskápur sem var fjarlægður.



Fremst í „brúnni" eða nánar tiltekið af svölunum er stórkostlegt útsýni til allra átta en það er eins og stefnt sé á Keili.



Í sjónvarpsstofunni er ekki bara þægilegt að láta þreytuna líða úr sér fyrir fram skjáinn heldur einnig gott að lesa og njóta einstaks útsýnisins.



Húsið þarfnaðist algjörrar yfirhalningar þar sem það var illa farið af steypuskemmdum og var nánast múrað upp á nýtt.



Hér sést eldhúsið, en með breytingum á því og öðru hefur húsið endurheimt fyrri reisn.



Gestasnyrtingin þarfnaðist gagngerra breytinga og er Kristrún mjög ánægð með hvernig til tókst. Snyrtingin er nú stílhrein og björt.



Fjölskyldubaðherbergið. Vaskurinn er í laginu eins og skip sem á vel við þar sem húsið er skipslaga. Vaskurinn var keyptur í Agli Árnasyni ásamt öðrum hreinlætistækjum og baðflísum.



Hér sjást Kristrún og hundurinn Bjartur en þau una sér vel í húsinu og eru þess fegin að öllum framkvæmdum skuli loks vera lokið. Sófi og húsgögn á neðri hæð eru að mestu leyti úr Tekkhúsinu en sebraskinnið er frá Namibíu í Afríku þar sem Kristrún bjó um nokkurra ára skeið.




pipar / SIA

RÝMI

Hf. Ofnasmiðjan | Reykjavík | Háteigsvegi 7 | sími: 511 1100
Akureyri | Draupnisgata 4 | sími: 466 3311 | www.rymi.is

# Fallegar og notalegar á baðið

Fátt er óþægilegra á morgnana en að koma hálfsofandi inn á bað og stíga á ískaldar gólfflísar. Þykkar og góðar mottur geta verið ágætis leið til að forðast gólfkuldann.

Fallegar baðmottur geta sett mikinn svip á baðherbergið. Einnig er hægt að fá handklæði og þvottapoka í stíl við motturnar og jafnvel ýmsa smáhluti í sama lit svo allt passi saman. Skemmtilegt er að hafa mottur og annað smálegt í öðrum lit en er á innréttingum og flísum til þess að lífga upp á baðherbergið. Þykkar, fallegar og litríka baðmottur fást víða og þurfa alls ekki að kosta svo mikið.


Tekk Company, Bæjarlind. 2.900 krónur.


Tekk Company, Bæjarlind. 5.900 krónur.


Habitat, Askalind. 3.900 krónur.


Debenhams, Smáralind. 3.290 krónur.


Ormsson, Smáralind. 4.490 krónur.
FRÉTTABLADID/VILHELM


Ormsson, Smáralind. 4.990 krónur.




Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

KORTER

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is




## Gott andrúmsloft á baðherberginu

Einfalt er að halda baðherberginu smekklegu með nokkrum fallegum vel völdum hlutum. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga þegar keyptir eru munir inn á baðherbergið sem bæði skreyta og gera gagn.

1. Hafðu handklæðin bara í einum eða tveimur litum, og haltu þig við sama mynstrið. Annars lítur baðherbergið út eins og þvottahús. Baðmottan ætti að vera í stíl við handklæðin.

2. Vandaðu valið á sturtuhenginu. Gegnsætt sturtuhengi opnar og stækkar lítið baðherbergi, á meðan litað þarf að samræmast litasamsetningunni.

3. Hengdu upp hillu fyrir ofan klósettið fyrir hluti eins og samanbrotna þvottapoka. Notaðu litlar körfur fyrir hluti eins og sápur eða auka rakblöð.

4. Settu pappírsþurrkur í körfu sem er í stíl við tannburstaglasið og sápudiskinn.


allt heimili
Alla fimmtudaga




# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta veisla

**LAXATARTAR**
með sýrðum rjóma og hrærðu eggi

**HVALUR**
með piparsósu og basilkartöflumauki

**LAMBA-TVENNA**
hryggur og skanki með tómötum, ólífum og fáfnisgrasi

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu

**6.350 kr.**

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

**REYKT ÝSA**
með smjörsteiktum vorlauk og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu

**5.950 kr.**

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið. Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli.*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**
*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**
*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

# Fullkomin baðherbergislýsing

* Settu ljósaperur allt í kringum spegilinn á baðherberginu. Þær gefa jafna birtu allan hringinn.

* Hafðu mismunandi rofa fyrir hvert ljós svo auðvelt sé að breyta stemningunni. En slökktu samt á öllum ljósum þegar þú ferð í bað og kveiktu á kertum í staðinn.

* Njóttu dagsljóssins til hins ýtrasta. Taktu niður gluggatjöld og annað sem skyggir á dagsbirtuna. Ef þér finnst eins og einhver geti séð inn til þín þá getur þú sett filmu í gluggann.

* Reyndu að hafa lýsingu sem þægilegasta fyrst á morgnana þannig að þú farir ekki pirruð/aður í vinnuna. Síðan er gott að hafa sterka lýsingu þegar þarf að plokka óæskileg hár eða taka sig til fyrir kvöld í bænum.

* Ef þú ert bara með eitt ljós á baðherberginu þá er alls ekki óvitlaust að setja dimmara á það.

* Settu fullt af litlum ljósum með lágan straum í loftið. Þannig baðar ljósið veggina.



## Sígild hönnun

Þetta stóra og sérstaklega fallega baðker er eftir hönnuðinn Marc Newson og heitir einfaldlega The Newson Bath. Hönnuðurinn segist hafa fengið innblásturinn af stórum súkkulaðibita þegar hann hannaði þetta baðker, eins og mjúkar línur þess og freistandi dýpt gefa til kynna. Hann segist þó hafa reynt að hafa hönnunina sem einfaldasta enda þurfi að hugsa eins og arkitekt þegar hreinlætistæki séu hönnuð, því ekki sé hægt að færa þau til eins og önnur húsgögn. Hann hannaði baðkerið fyrir fyrirtækið Ideal Standard sem taldi að kerið myndi aðeins seljast tímabundið, en raunin er sú að það er eitt vinsælasta baðker sem fyrirtækið hefur framleitt.





Hreinar og náttúrulegar línur prýða klefa frá IFÖ og einfalda daglega notkun. Hann fæst í Tengi.

# Stíll yfir sturtuklefunum

Fyrirferðamesta tækið á baðherberginu er oftar en ekki sturtan eða baðkarið. Úrvalið er gríðarlegt og því betra að skoða sig vel um áður en fest eru kaup á slíku.

Sumir vilja baðkör í sín hús, aðrir sturtuklefa og enn aðrir hvoru tveggja.

Þegar sturtuklefi skal keyptur er sannarlega úr mörgu að velja. Verslanir liggja þó ekki með allar gerðirnar á lager en eru þess viljugri að panta eftir óskum hvers og eins, bæði eftir bæklingum og myndum og upplýsingum á netinu. Hægt er að fá hvort heldur sem er heila klefa eða veggi og botna.

Hjá sturtu.is á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði eru fluttir inn sturtuklefar frá Kína af öllum stærðum og gerðum, lagaðir að evrópskum stöðlum. Þeir byggjast á tvenns konar útfærslum, með rafmagni og án.

Án rafmagns er vatnsþrýstingurinn það helsta sem hægt er að stjórna en í rafmagnsklefunum er lýsing plús díóðuskrautlýsing, hátalarar og útvarp, vifta og gufubað, ásamt jóniskum sveppahreinsi sem kveikt er á nokkrum sinnum í mánuði til að koma í veg fyrir bakteríumyndun í klefanum.

Í Baðheimum á Fosshálsi eru bæði danskir og þýskir sturtuklefar. Þó Baðheimar sé bara fjögurra ára fyrirtæki þá er komin lengri reynsla á vörumerkin þeirra því Poulsen seldi þau áður. Þýska merkið er Dusar og þar er um vandaða klefa að ræða í mörgum verðflokkum.

Tengi á Smiðjuveginum selur meðal annars sænska sturtuklefa með merkinu IFÖ. Þar er áhersla lögð á sígilda og vandaða hönnun. Í prófunum er klefahurðunum rennt um 40.000 sinnum til að kanna endinguna en það jafngildir daglegri notkun fjögurra manna fjölskyldu í 20 ár.

*- gun*



Sturta í lofti, handsturta, blöndunartæki, sæti, loftljós, bakljós, gufa, punktanudd, heildarnudd, loftræsting, upplýst talnaborð, hita/tímastillingar, útvarp, stöðvaleitari í útvarpi, hátalari, fjarstýring, grunnur botn, hreinsibúnaður, 5mm hert gler. Fæst hjá sturta.is.



Einfaldur og ódýr klefi frá Dusar. Hann fæst í Baðheimum á Fosshálsi.



Þessi hreinlegi klefi úr hágæðagleri er 1.5 metrar á breidd og rúmur einn á dýpt. Hann er þýskur af gerðinni Dusar og fæst í Baðheimum.



Sturta í lofti, handsturta, blöndunartæki, sæti, loftljós, bakljós, gufa, punktanudd, loftræsting, upplýst talnaborð, hita/tímastillingar, útvarp, hátalari, fjarstýring, grunnur botn, hreinsibúnaður, 5 mm hert gler. Kínverskur klefi hjá sturta.is.



Sturta í lofti, handsturta, sæti, punktanudd, fótanudd, sætisnudd, blöndunartæki, djúpur botn, hert gler. Kínverskur klefi hjá sturta.is.



Góð ending og sígild hönnun er aðalsmerki sænska framleiðandans IFÖ sem Tengi hefur umboð fyrir.

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Faxafeni 10

# GK

## Reykjavík

**Ótrúlegt verð**

Full búð af fatnaði
frá GK Reykjavík

Opið:
mán.- lau. 10.00-18.00
sun. 12.00-18.00

Vörumerkjalagerinn
**534 4450**
Faxafeni 10

# **NÝTT** TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT!




**VEGGFÓÐUR.**

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS







**Götusmiðjan**
Til staðar fyrir fólk

Starfsfólk vantar í vaktavinnu á meðferðarheimili götusmiðjunnar á Akurhóli. Upplýsingar gefur Bergur í s. 566 6100, Fyrirspurnir og umsóknir sendast til bergur@gotusmidjan.is eða mummi@gotusmidjan.is

**Snæland Video**

Ert þú 20 ára eða eldri og vilt góðan vinnutíma/ dagvinnu og góð laun! Hafðu samband við okkur. Einnig vantar í nokkur hlutastörf með skóla. Áhugasamir hringi í 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

**Hjólbarðaþjónustan Lágmúla 9.**
**Óskum eftir að ráða laghentan starfsmann á þjónustuverkstæði okkar í Lágmúla 9.**
**Upplýsingar í síma. 899 2844**

**Sportbar.is**
**Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu á Sportbar Hverfisgötu 46. 20 ára og eldri.**
**Upplýsingar gefur Ásta í s. 865 6202.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**SUBWAY**

**Dagvinna-Subway Hringbraut**
**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is.**
**Nánari upplýsingar í síma 530 7004.**

**SUBWAY**

**Dagvinna-Subway Borgatúni**
**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 11-15, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í s. 696 7011.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.**
**Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 07:00 - 13:00 eða frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.**

**Helgarvinna**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.**

**Veitingahúsið Vegamót**
**óskar eftir hressum þjónum í fullt starf og hlutastarf í vetur.**
**Uppl. á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf á virkum dögum og um helgar.**
**Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.**

**Atvinna Atvinna!!!**
**Duglegt starfsfólk vantar á kassa**
**Fullt starf í boði.**
**Upplýsingar gefur Ívar Skeifunni 13 eða í síma 820-8003**
**Rúmfatalagerinn.**

**Office 1 Superstore**
**óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í verslunum okkar í Skeifunni og Smáralind. Góð laun í boði, eðlilegur vinnutími, góður starfsandi og gott vinnuumhverfi.**
**Umsóknir sendist á bjarni@office.is**

**Trésmiðir og verkamenn vanir byggingavinnu**
**Óska eftir trésmiðum og verkamönnum í byggingarvinnu á Höfuðborgar- svæðinu.**
**Upplýsingar í síma 892 9661.**

**Starfsmenn í pökkun og á lager**
**Íslenskt sjávarfang óskar eftir að ráða röska starfsmenn (konur eða karla) í pökkun og lagerstörf.**
**Nánari upplýsingar í s. 567 7040.**

**Íslenskt Sjávarfang**

**Lyngási 12**

**210 Garðabæ**

**Pracownicy do pakowania ryb i obowiazko, z tym zwiazanych**
**Íslenskt sjávarfang poszukuje energicznych pracownikón (kobiet lub mezczyzn) Do pakow ryb i obowiazkow z tym zwiazanych.**
**Blizsze informacje pod telefonem 567 7040 Íslenskt sjávarfang, Lyngási 12 Garðabæ. Íslenskt sjávarfang jest firma rozprowadzaj, a produkty rybne na rynku krajowym. Firma wkadzie szczególny nacisk na wysol poziom rozprowadzanych.**

**Lagerstarf og vörumeðhöndlun**
**Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, geisladiskum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30.**
**Nánari upplýsingar veitir Júlíus á staðnum, að Skútuvogi 9.**

**Bílstjóri með meirapróf!**
**Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bílstjóra með meirapróf.**
**Uppl. í s. 840 8486.**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir meiraprófsbílstjóra á vörubíl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0877 og 892 0525.**

**ÍTALÍA**

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía vantar aðstoðarmann í eldhús. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.**
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**
**Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.**

**Kaffihús Laugavegi 24**
**Óskar eftir að ráða kaffibarþjóna, þjóna í sal og starfsfól í eldhús. Krafist er stundvísi og dugnaðar.**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 12 & 18.**

### Skemmtileg og lærdómsrík störf!
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Europris, Starfsfólk óskast, uppl. sima 511 3322 og 533 3360, Europris

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. vinnutími er frá kl 07-13/13-18.30. einnig er unnið aðra hverja helgi. áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 864 7887.

LausarstöðurfyrirMatreiðslumeistara. Vantar 3 matreiðslumeistara með minnst 5 til 7 ára reynslu. Sérhæfingar er krafist í suður indverskri matargerð. Störfin eru á mjög vinsælu veitingahúsi sem þjónustar um 200 manns daglega. Reynsla í Tandúri og mikil þekking á indverskri matargerð, Austur og Vestur strandar matargerð og indverskri sjávarrétta matreiðslu er mikill kostur, ásamt hefðbundinni íslenskri matargerð, sérstaklega í sjávarréttum. Hafið samband við Sigurbjörn Þ. Sigurðsson í síma 8633470.

### Bakarí - kaffihús, Skipholti
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Óskum eftir að ráða vanan gröfumann sem getur unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 893 2000.

### Bakaríið Kornið
Starfsfólk óskast í Bakaríið Kornið - Hjallabrekku 2. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

### Gröfumaður
E.R. Gröfur óska eftir að ráða vélamann á beltagröfu til vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 1301.

### Dekkja og smurverkstæði
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Ekki yngri en 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. This is a future job for people older then 25. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560.

Óskum eftir að ráða, bílamálara, réttingarmann eða áhugasaman aðstoðarmann. Uppl. gefur Jón í s. 568 5360 & 892 5712.

### Bakari Ísafjörður
Óska eftir bakara sem allra fyrst. Uppl. gefur Sævar í s. 896 2846.

Fyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir að ráða verkstjóra, æskilegt er að viðkomandi sé iðnmenntaður en þó ekki skilyrði. Nánari uppl. gefur Sverrir í s. 659 3062.

Okkur vantar duglegan og reyklausan starfkraft í afgreiðslu á líkamsræktarstöð. Veggsport, sími 898 9081 & 898 8071.

### Afgreiðsla
Starfsmann vantar til afgreiðslustarfa. Þyrfti að geta byrjað fljótlega. Nánari uppl. í s. 699 1705. Gæðafæði ehf.

Afgreiðslustarf í fatahreinsun. Vinnutími mánud.-fimtud. 10-18 föstud.10-18.30 uppl. í s. 699 7878, pálmi.

### Garðabær bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Bílstjóri. Okkar bráðvantar bílstjóra í útkeyrslu á vörum fyrirtækisins, þarf að hafa meirapróf. Uppl. um starfið veitir Helga starfsmannastjóri í s. 511 1100. Ofnasmiðjan/Rými hf. Háteigsvegi 7.

### Starfskraftur óskast í sveit
Óska eftir að ráða starfskraft í garðyrkjustörf og önnur störf í sveit. Húsnæði á staðnum. Uppl í s.865 5613

### Eldri maður óskast
Eldri maður óskast í slátt. Uppl í s.865 5613

## Atvinna óskast

Handlaginn maður óskar eftir vinnu, flísar, málun ofl. ofl. Gamalt og nýtt. Uppl. í s. 862 1559.

Er öryrki, get tekið að mér ýmis viðvik. Er á góðum bíl, er sjálfur afi og hef þótt standa mig vel sem slíkur get þess vegna tekið að mér barnapössun. Uppl. í s. 553 1760 eða 892 2001.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjallrásin 1+1**



**Konur: 595-5555**
**Karlar: 908-5555**
langlífasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótið...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555

### Símaspjall 908 2444.
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Ung kona með mikinn áhuga á samneyti kynjanna og töluverða sýniþörf hefur hljóðritað athygliverða auglýsingu þar sem hún kemur á framfæri ósk sinni um að kynnast karlmanni. Auglýsinguna má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8761.

Símaspjall við yndislegu dömurnar á Rauða Torginu. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535-9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## KENNSLA

**DANSDEILD ÍR**
**DANSÁRIÐ 2006-2007**
**KENNSLA HEFST 5 SEPTEMBER**

**DANSINN GLEÐUR**
**KOMIÐ OG NJÓTIÐ HANS MEÐ OKKUR.**



**KENNUM BARNADANSA, GÖMLUDANSA, SUÐUR-AMERÍSKA OG STANDARD DANSA.**

BYRJENDUR OG FRAMHALD
BÖRN, UNGLINGAR OG FULLORÐNIR
TÖKUM YNGST 3 ÁRA

FAGLÆRÐIR KENNARAR OG MEÐLIMIR DÍ
RAKEL GUÐMUNDSDÓTTIR
NÍELS EINARSSON
ESTHER INGA NÍELSDÓTTIR

**ÍR HEIMILIÐ, SKÓGARSEL 12 SÍMAR 587 7080 OG 662 6900**
**www.ir-dans.com**

## ATVINNA

**Neglur & List**
Neglur & List óska eftir að ráða naglafræðing, fótaðgerðarfræðing og nuddara í fullt starf og hlutastarf
**Umsóknir á negluroglist.is**

**BM ráðgjöf**
www.bm.is
**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

## Það vantar:

Starfsfólk í sal. – Kvöldvinna

Kokk – Dag- og kvöldvinna Góð Laun í boði

**Banthai** Uppl. 896 3536

## Rafvirkjar - rafvirkjanemar

Rafrún ehf. óskar að ráða rafvirkja og eða rafvirkjanema til starfa sem fyrst, mikil vinna framundan.

Umsækjendur hafi samband við skrifstofu Rafrúnar ehf. að Gjótuhrauni 8 Hafnarfirði, í síma 555 6060 - 898 1014 -

898 1014 eða sendi umsókn í tölvupósti **rafrun@rafrun.is**.

## Jöfnunarstyrkur til náms

**- Umsóknarfrestur er til 15. október 2006 -**

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2006-2007 er til **15. október** nk. Sækja má um styrkinn á heimasíðu LÍN. Móttaka umsókna hefst í september nk.

**Lánasjóður íslenskra námsmanna**
**Námsstyrkjanefnd**

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**

Kjöreign ehf

SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG KL.18-20




**BARÐAVOGUR 34**

Gott og sérlega vel staðsett einbýlishús, kjallari, hæð og ris ásamt sérbyggðum bílskúr. Innréttuð sér 2ja til 3ja herb. íbúð í kjallara.
**Mikið endurnýjuð eign.**
**ATH. SKIPTI Á MINNI OG ÓDÝRARI EIGN MÖGULEG.**

**Finnbogi tekur á móti áhugasömum í dag milli kl. 18 - 20**

Kristinn Valur Wiium, Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson, Sölumaður Sími: 8964090

## TÓNSKÓLI
SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigi 1 - IS - 105 Reykjavík

Nemendur mæti með stundaskrár sínar á morgun, 1. september sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **Engjateigur 1** | **kl. 15:30** |
| **Hraunberg 2** | **kl. 16:30** |
| **Ársel** | **kl. 16:30** |

Nokkur pláss laus í eftirtöldum greinum:
Einsöng, Blokkflautuleik og píanó Suzuki (5 ára).

Skólastjóri

## Akraneskaupstaður

## Starf byggingarfulltrúa hjá Akraneskaupstað er laust til umsóknar.

Um verksvið byggingarfulltrúa og kröfur til menntunar er vísað til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 svo og byggingarreglugerðar. Byggingarfulltrúi er hluti af starfsliði tækni- og umhverfissviðs kaupstaðarins og gegnir fleiri störfum innan sviðsins eftir því sem verkefni og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Tækni- og umhverfissvið hefur umsjón með hönnun og undirbúningi + framkvæmda á vegum bæjarins, bygginga- og framkvæmdaeftirliti, skipulagsmálum, umsjón með eignasjóði, landupplýsingakerfi o.fl.
Nánari upplýsingar um verkefni tækni- og umhverfissviðs er að finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar: **www.akranes.is**.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Umsækjendur skulu uppfylla skilyrði 48. og 49. greina skipulags- og byggingarlaga.
- Æskileg starfsreynsla 5- 10 ár.
- Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun CAD-kerfa.
- Gerð er krafa um sjálfstæi og skipulögð vinnubrögð og góða samskiptahæfileika.

**Áður auglýstur umskóknarfrestur sem var til 31. ágúst hefur verið framlengdur t.o.m. 15. september n.k.**

Umsóknum skal skilað á skrifstofur Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 3. hæð, 300 Akranesi.

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs í síma 433 1050.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Salaskóla

- **Mötuneyti Salaskóla auglýsir eftir kokki og aðstoðarmanni í mötuneytið.**

Áhugasamir hafi samband við Hrefnu Björk, skólastjóra, í síma 570 4600 eða **hrefna@salaskoli.is.**
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

## VEISLAN
VEITINGAELDHÚS

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST SEM FYRST Í FULLT STARF**

SKEMMTILEGT OG FJÖLBREYTT STARF HJÁ VEISLUNNI

Umsækjandi þarf að vera snyrtilegur, með mikla þjónustulund, skipulagður og stundvís. Áhugasamir komi niðrí Veislu á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi. Eða hríngið í síma 5612031

www.veislan.is

**MATREIÐSLUMENN ÓSKAST Í AUKAVINNU**

Hafið samband við Bjarna í síma 561 2031 / 821 1033.

## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Salaskóla

## Ertu 30+

- **Hentar þér að vinna frá 13-17 ?**
- **Hentar þér að vera í fríi á kvöldin og um helgar ?**
- **Hentar þér að vinna í skapandi umhverfi ?**
- **Hentar þér að taka ábyrgð ?**
- **Viltu að þitt vinnuframlag skipti máli ?**
- **Viltu vinna í góðum starfsanda ?**

Hafðu endilega samband við okkur, við leitum að fólki eins og þér til starfa í Dægradvöl.
Áhugasamir hafi samband við Hrefnu Björk s: 570 4600 eða **hrefna@salaskoli.is**
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

## Mest
lesna tímaritið*

birta

*Gallup Október 2005

FASTEIGNASALAN **GIMLI** **570 4800**
*Árni Stefánsson, lögg. fast.sali*
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

**SUMARHÚS VIÐ HAFNARSKÓG BORGARFIRÐI**



Á sérlega skemmtilegu og kjarrivöxnu svæði erum við með til sölu sumarhús sem er tilbúið til afhendingar. Húsið skilast fullbúið að utan og fokhelt að innan, með 80 fm sólpalli, hringinn í kringum húsið. Kalt vatn ásamt rafmagni að lóðarmörkum, heitt vatn er á svæðinu en eftir er að leggja að lóðarmörkum. Innan hússins er gert ráð fyrir tveimur svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi og stofu samtals um 68 fm, auk um 30 fm svefnlofts. Virkilega góð staðsetning, stutt frá Borgarnesi. **Verð 12,8 millj.**



**Vantar ykkur heimilislega, skammtíma gistingu fyrir erlenda gesti?**

Höfum í boði snyrtilegar 2ja herbergja íbúðir í hjarta borgarinnar.
Íbúðirnar eru búnar öllum helstu þægindum og þráðlausri nettengingu.

Uppl. í síma 690 9447 eða **www.this.is/theplace**

Einstök kjör; allt að 95% lánshlutfall

# HELLUVAÐ 1-5, Norðlingaholti

PG-VERK

**Dæmi um greiðslukjör á 4ra herbergja íbúð**

| | |
|---|---|
| Útborgun (eigið fé) | kr. 1.280.000,- |
| Lán frá Íbúðalánasjóði (40 ára lán) | kr. 17.000.000,- |
| Lán frá sparisjóði (40 ára lán) | kr. 2.050.000,- |
| Lán frá seljanda (20 ára lán) | kr. 5.070.000,- |
| Heildarverð íbúðar | kr. 25.400.000,- |
| Greiðslubyrði 128 þús. á mánuði. | |

*miðað er við fasta vexti 4,7% frá Íbúðalánasjóði, 5,4% frá sparisjóðum og 6,9% frá seljanda.

4ra-5 herbergja glæsilegar, fullbúnar íbúðir (án gólfefna) í lyftuhúsi. Örstutt er í frábær útivistarsvæði eins og Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðavatn. Sérinngangur er í allar íbúðir og sértimurverönd fylgir íbúðum á jarðhæð.

**Sölumenn Eignamiðlunar - veita nánari upplýsinga**



## EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*

allt tilboð

Alla föstudaga

allt hús

Alla mánudaga

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali

sími 565 8000 - 533 6050

www.hofdi.is

## FJALLALIND 81 - KÓP.
## Opið hús kl. 17 - 19 í dag





Glæsilegt parhús á tveimur hæðum á skjólríkum og barnvænum stað. Húsið er skráð 165,1 fm og bílskúrinn 37,1 fm. samtals 202,2 fm. Fullbúið hús á vandaðan máta, eikarhurðir, parket og flísar á gólfum, innfeld halogenlýsing í loftum, upptekin viðarloft, gólfhiti í forstofu, eldhúsi og baði. **Verð 45 millj. Sigurður tekur vel á móti þér.**

## MIÐVANGUR 10, 2. HÆÐ.
## Opið hús kl. 17 - 19 í dag.





Til sýnis í dag björt og falleg 5-herbergja 150 fm íbúð á 2. hæð í 9 íbúða stigagangi í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Búið er að klæða húsið að utan. Yfirbyggðar svalir (sólstofa). Skápar í öllum herbergjum. Snyrtileg sameign. Þetta er fjölskylduvænt hverfi. **Verð 24,9 millj.** Helgi og Karen sýna öllum áhugasömum íbúðina í dag kl. 17-19. (bjalla merkt 201)

**Einbýlishús í Fossvogi til sölu.**

Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða, netfang: runolfur@hofdi.is

# Opið hús - Tunguseli 7, 2.hæð t.h.
## Í dag fimmtudag frá kl. 18:00 til 21







Falleg 3ja herb. 88,6 fm útsýnisíbúð á 2. hæð í Seljahverfinu, rétt við Ölduselsskóla. Íbúðin var öll tekin í gegn f.tveimur árum. Uppþvottav.og ísskápur geta fylgt. **Verð 18,5 millj. Sölum.Þórey s.6991988**

**Anna Þórdís í síma 6927595 tekur vel á móti ykkur.**

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

HÓLL www.holl.is

## DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR

AUGLÝSIR EFTIR HRESSUM OG ÁHUGASÖMUM STRÁKUM

· Drengjakórinn 8-12 ára
· Undirbúningsdeild 6-7 ára (45 mín. á viku)

Meðal verkefna í vetur:
· Jólatónleikar í Hallgrímskirkju
· Upptökur og útgáfa á geisladiski
· Vortónleikar í Hallgrímskirkju
· Söngferðalag innanlands í byrjun júní 2007

Innritun og prufusöngur fer fram í Hallgrímskirkju mánudaginn 4. september frá kl. 17.00-19.00
Æfingar í Hallgrímskirkju mánudaga og miðvikudaga kl. 17.00-18.45
Nánari upplýsingar í síma 896-4914 og 862-0065.
Heimasíða kórsins er www.drengjakor.is



Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

## Stöðuverðir

**Bílastæðasjóður óskar eftir að ráða stöðuverði til starfa**

**Starfssvið**
- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Álagning aukastöðugjalda og stöðvunarbrotagjalda
- Ritun umsagnar vegna stöðvunarbrota
- Samskipti við viðskiptavini og starfsmenn Bílastæðasjóðs

**Hæfniskröfur**
- Ökuréttindi
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og áræðni
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

**Annað**
Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Til greina kemur að ráða í hlutastarf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 10. september n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Stöðuvörður", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á haukura@reykjavik.is. Nánari upplýsingar veitir Haukur Ástvaldsson aðalvarðstjóri í síma 585-4500.

Bílastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar. Megintilgangur er að stýra nýtingu bílastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum miðborgarinnar vel staðsett skammtímastæði þar sem nauðsyn krefur. Bílastæðasjóður fer jafnframt með eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda.


# AUGLÝSING
# UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.**

## Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

**1 Efri-Reykir í Biskupstungum, Bláskógabyggð**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Efri-Reykja. Í breytingunni felst að um 30 ha svæði breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið afmarkast af Laugarvatnsvegi að sunnan, Brúará að norðan og núverandi svæðum fyrir frístundabyggð að austan og vestan. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta svæðisins er auglýst samhliða.

**2 Lækjarhvammur í Laugardal, Bláskógabyggð**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvamms. Í breytingunni felst að um 90 ha svæði verður að svæði fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Svæðið afmarkast af Grafará að norðan, Urriðalæk að sunnan og núverandi frístundabyggð að austan. Á svæðinu er þegar nokkur frístundahús en tillaga að deiliskipulagi um 60 nýrra frístundahúsalóða er einnig auglýst samhliða.

## Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

**3 Efri-Reykir í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Laugaflöt, frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja. Gert ráð fyrir 8 frístundalóðum á svæði ofan Laugavatnsvegar (þjóðvegar nr. 37) og liggur upp að Gunnarsbraut, sunnan frístundabyggðarinnar Efri-Reykjaskógur. Lóðirnar eru 5.913 m² - 6.437 m² að stærð og er leyfilegt að byggja allt að 100 m² frístundahús á hverju þeirra auk allt að 10 m² geymslu. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

**4 Vatnsleysa í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Íbúðarhús**
Tillaga að deiliskipulagi tveggja íbúðarhúsalóða í landi Vatnsleysu. Lóðirnar eru rétt norðan við bæjartorfu Vatnsleysu, með aðkomu frá þjóðvegi nr. 356 um núverandi tenginu sem liggur að fjárhúsi. Heimilt verður að reisa allt að 280 m² íbúðarhús.

**5 Lækjarhvammur í Laugardal, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lækjarhvamms. Skipulagssvæðið er um 52 ha að stærð og afmarkast af Grafará í norðri, af vegi og eldri frístundalóðum í austri, af vegi og eldri frístundalóðum meðfram Urriðalæk í suðri og af skurðum í vestri. Gert er ráð fyrir um 60 frístundalóðum 4.800 m²-11.200 m² að stærð og er heimilt að reisa allt að 120 m² frístundahús og allt að 30 m² aukahús. Aðkoma að svæðinu er frá Laugarvatnsvegi (nr. 37) í gegnum heimreið að bænum Lækjarhvammi. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

**6 Hallkellshólar í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á Skógarholti í landi Hallkelshóla í Grímsnesi. Gert ráð fyrir 96 frístundalóðum á um 108 ha svæði rétt norð-austan við bæinn Hallkelshólar. Lóðirnar eru á bilinu 5.042 – 9.933 m² að stærð þar sem heimilt verður að reisa 50 – 200 m² frístundahús auk allt að 25 m² aukahús. Aðkoma að svæðinu verður frá Biskupstungnabraut um nýja tengingu á móts við Höskuldslæk.

**7 Votamýri á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppis. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Votumýrar á Skeiðum.
Svæðið sem er um 2,5 ha að stærð og afmarkast af landamerkjum Votumýrar og Hlemmiskeiðs til norðurs, aðkomuvegi að Votumýri til suðvesturs og þegar byggðri lóð til norð-vesturs. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum sem báðar eru 12.600 m² að stærð þar sem heimilt er að byggja 40-100 m² frístundahús og 50 m² sambyggða geymslu og gestahús.

## Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

**8 Snorrastaðir í Laugardal, Bláskógabyggð. Skógarbrekka, frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi landi í Snorrastaða II, svæði sem kallast Skógarbrekka. Gert er ráð fyrir að lóðin Skógarbrekka sem er 15.000 m² að stærð skiptist niður í þrjár minni lóðir þar sem heimilt verður að reisa allt að 100 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús. Tvö frístundahús eru á lóðinni í dag.

**9 Ásgarður í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Ásborgir, íbúðarsvæði.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarhúsahverfisins Ásborgir. Í tillögunni felst annars vegar að lóð nr. 30 stækkar um tæpa 500 m² á kostnað lóðar nr. 32, og hins vegar að byggingarreitir lóða í innri hring stækka auk þess sem bindandi lína við götu fellur niður.

**10 Bjarnastaðir í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Tjarnholtsmýri, frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Tjarnholtsmýri í landi Bjarnastaða 1. Í tillögunni felst að lóðum nr. 13 (10,1 ha) og 15 (9,5 ha) er skipt niður í fjórar lóðir, þ.e. lóð 13 (2,71 ha), 13a (7,39 ha), 15 (2,50 ha) og 15a (7,0 ha).

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 31. ágúst til 28. september 2006. Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 12. október 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**
**25. ágúst 2006**


Það er gott að búa á austurlandi

# Melgerði 7, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU & LEIGU













## 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð. Íbúðirnar verða afhentar kaupendum á árinu 2006 og 2007

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

| 2 herb. verð frá KR. 12.950.000* | 3 herb. verð frá KR. 16.550.000* | 4 herb. verð frá KR. 18.750.000* |
|---|---|---|

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS
567 3400

HÓLL Tákn um traust
475 8000

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044

# ÞRASTARHÖFÐI - MOSFELLSBÆ

## OPIÐ HÚS MILLI 18 OG 20 Í DAG












Ný glæsileg einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi í Þrastarhöfða Mosfellsbæ. Um er að ræða sjö hús frá 235-250 fm að stærð sem geta fengist afhent með stuttum fyrirvara. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.

**Sölumenn Atli s:899 1178 og Valdimar s:897 9929 verða á staðnum**

www.eignastyring.is

**FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR**
**FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR**

RE/MAX

*enginn í heimi selur fleiri fasteignir...*

**www.remax.is**

*Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.*

domus
FASTEIGNASALA

Hafnarstræti 91, Akureyri I **sími** 460 4100

## LANGAMÝRI - 600 AKUREYRI







Bókaðu skoðun

Domus kynnir mjög fallegt og nýlega endurnýjað 122,2 fm 5 herbergja parhús á tveimur hæðum við Löngumýri á Akureyri. Eignin skiptist þannig að á neðri hæð er forstofa, hol, þvottahús, geymsla, gestasnyrting, herbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Á efri hæð eru tvö herbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. **Nánari upplýsingar veitir Kristján Gestsson löggiltur fasteignasali í síma 664 6017 eða kristjan@domus.is**

Kristján Gestsson
löggiltur fasteignasali
kristjan@domus.is
síma 664 6017



Verð 24,5 millj.

Frum

## SJÓNARHORN



Fimmvörðuhálsinn er vinsæl gönguleið en það getur verið hrikalegt að feta sig niður Heljarkamb. Stórfenglegt útsýni og mögnuð náttúrufegurð róa taugarnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Sjálfstraust og streita

**UMRÆÐAN**
STREITA



**GUÐJÓN BERGMANN**
RITHÖFUNDUR OG JÓGAKENNARI

*Frekari lausn getur því falist í því að fólk nái betri stjórn á hugsunum sínum.*

Í gegnum tíðina hafa margir leitað til mín og kvartað undan streitu og kvíða. Bæði þessi hugtök, streita og kvíði, eru í hugum marga óræð og fólki finnst erfitt að skilgreina þau. Í þessari grein langar mig fyrst og fremst að beina sjónum mínum að streitu og mögulegum lausnum á þeim kvilla.

Ég vil byrja á því að taka fram að ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði. Þó hafa þær aðferðir sem ég hef kennt fólki í gegnum tíðina hjálpað mörgum til að draga úr streitu. Meðal þeirra aðferða sem ég hef kennt eru einfaldar slökunar-, öndunar- og einbeitingaræfingar. Þeir sem hafa notað þessar æfingar reglulega hafa fundið mikinn mun á sér. Streitan hefur ekki endilega horfið alveg en hún hefur í mörgum tilfellum orðið viðráðanlegri. Þó að streita eigi sér væntanlega að hluta til líffræðilega skýringar eru flestir sammála um að huglægar orsakir séu fleiri. Hugarfar þeirra sem þjást af streitu og kvíða kristallast oft í setningunni: „Ég ræð ekki við þetta.“ Slík hugsun kemur oft fram í því að fólk dregur sig smám saman í hlé og treystir sér síður til að taka þátt í lífinu. Hugsunin verður þess því miður valdandi að mjög hæft fólk dregur úr sér kjarkinn og lokar sig af fyrir umheiminum.

Frekari lausn getur því falist í því að fólk nái betri stjórn á hugsunum sínum. Auk þeirra aðferða sem ég nefndi hér að ofan hef ég kennt fólki að tala öðruvísi við sjálft sig, hugsa öðruvísi og hafa skýrari framtíðarsýn. Efling á sjálfstrausti einstaklings og aukin jákvæð hugsun getur haft veruleg áhrif til hins betra og dregið úr streitu og spennu. Með það í huga hef ég gert töluverðar breytingar á kennslu minni á síðustu mánuðum. Jafnvel þótt líkamsæfingarnar sem ég var að kenna í jógastöð minni hafi skilað miklum andlegum og líkamlegum árangri hef ég nú ákveðið að einbeita mér að því að kenna fólki þær huglægu aðferðir sem skila mestum árangri í baráttu við kvíða og streitu. Þetta hef ég ákveðið að gera í gegnum fyrirlestra, námskeið og bókaútgáfu.

Öll sú reynsla sem ég hef viðað að mér í gegnum árin mun nú vonandi koma fleira fólki að góðum notum, ekki aðeins þeim sem hafa áhuga á jógaiðkun. Stjórn hugans er vandasamt verkefni en ég er fullviss um að allir geti bætt sig töluvert í þeirri iðkun ef þær læra áhrifaríkar aðferðir og umfram allt noti þær reglulega.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## AF NETINU

**Trúgirni**
Á maður að trúa að ráðherra á Íslandi bregðist svo alvarlega grundvallarskyldum sínum - hvað þá þegar um er að tefla dýrustu og umdeildustu framkvæmd Íslandssögunnar? Það er vert að undirstrika að athugasemdirnar voru svo grafalvarlegar að Orkumálastjóri sendi þær þegar í stað til iðnaðarráðuneytisins. Hann stóð undir sínum skyldum meðan ráðherrann brást hennar.
**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**

**Grænn Illugi**
Kannski var þetta líka of óheppilegur sannleikur fyrir Illuga Gunnarsson, varaformann stjórnar Landsvirkjunar, en í Íslandi í dag í síðustu viku staðhæfði hann að ekkert nýtt hefði komið fram í athugasemdum Gríms sem ekki hefði komið fram í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Til að sanna hið gagnstæða nægir að nefna grun Gríms um jarðhita í sprungum undir stíflustæðum Kárahnjúkavirkjunar og má heita undarlegt að varaformaðurinn skuli ekki vita þetta. Var varaformaðurinn vísvitandi að segja ósatt eða er hann bara svona grænn?
**Dofri Hermannsson á dofri.is**

**Senuþjófar**
Það vita reyndar allir sem þekkja pólitíska loftið vestanhafs að stjörnur Demókrataflokksins eru Clinton-hjónin. Á flokksþinginu í júlí 2004, þar sem Kerry var útnefndur til verka sem frambjóðandi flokksins gegn Bush í heimaborginni Boston, voru þau aðalleikarar - stálu sviðsljósinu með stæl.
**Stefán Fr. Stefánsson á sus.is**

**Einmenningsferðalangur**
Ég kom út úr skápnum sem einmenningsferðalangur árið sem ég bjó úti í Þýskalandi. Það eru nokkur ár síðan og ég held að það sé óhætt að segja að mér líði miklu betur í dag eftir að ég ákvað að vera heiðarlegur við sjálfan mig og aðra. Ég skildi allt í einu fegurðina við það að flakka og þvælast einn án þess að vera utan í hóp af fólki allan tímann. Félagsskap má svo leita uppi þegar þörfin kemur í stað þess að dröslast með hann allan tímann.
**Árni Helgason á arnihelgason.blogspot.com**

**Fjármögnun til útlanda**
Þessi lántaka Landsbankans í Bandaríkjunum hlýtur að teljast hið besta mál fyrir hann og allan íslenska fjármálamarkaðinn. Efasemdir um endurfjármögnun íslensku bankanna virðist ekki hafa átt við nein rök að styðjast. Það vekur þó vissulega athygli (í það minnsta leikmanns eins og mín) að fjármögnun íslensku bankanna virðist að þó nokkru marki vera að færast vestur um haf, í dollara.
**G. Tómas Gunnarsson á 49beaverbrook.blog.is**

**Opinber hjálpsemi**
Ég held að ein af mörgum afleiðingum þessarar tilbeiðslu okkar á „stóra bróður“ sé sú að margir geri lítið til að hjálpa t.d fátækum, sjúkum og öðrum slíkum. Af hverju segi ég það? Jú, það er innprentað í okkur frá blautu barnsbeini að þeir sem minna megi sín, eða þurfi á einhverskonar aðstoð að halda, eigi að vera sinnt af „hinu opinbera“. „Ríkið“ á að hjálpa þeim. Afleiðingin er sú að einstaklingum finnst það frekar en ella vera vandamál einhvers annars en þeirra sjálfra að aðstoða.
**Sindri Guðjónsson á ihald.is**

BLUE LAGOON
ICELAND



NÝ BLUE LAGOON VERSLUN
Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Höfum opnað nýja og glæsilega verslun þar sem boðið
er upp á spa orkumeðferðir fyrir hendur og fætur.
Opnunartilboð á andlitslínu

Sími 420-8859
www.bluelagoon.is

# Faglegt samstarf í málum innflytjenda

**UMRÆÐAN**
INNFLYTJENDUR



**TOSHIKI TOMA**
PRESTUR INNFLYTJENDA

Þegar bæta á aðstæður ákveðinna hópa í samfélaginu er jafnan lögð áhersla á mikilvægi samstarfs hagsmunaaðila og opinberra stofnanna. Þetta á ekki hvað síst við í málum sem varða innflytjendur á Íslandi. Það er eftirsóknarvert og afar mikilvægt að aðilar sem koma að málefnum innflytjenda skiptist á upplýsingum og fræði hver annan á faglegan hátt.

Fyrir rúmum 10 árum var óformlegur samstarfshópur um innflytjendamál settur á fót með það að markmiði að auka samskipti og samvinnu. Framan af var hópurinn m.a. skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar og Leikskóla Reykjavíkur, fulltrúa Félagsþjónustu- eða Miðstöðvar nýbúa (sem varð Alþjóðahús árið 2001) en síðar bættust Félagsmálaráðuneyti, Landlæknisembættið og Útlendingastofnun við, ásamt fleirum. Starf hópsins er af hinu góða og hann á hrós skilið.

Mig langar þó líka að benda á að samstarf birtist í mörgum myndum; í samstarfi felst einnig að geta rætt vandamál og bera virðingu fyrir starfsstöðu og sjónarmiðum allra aðila. Þegar um réttindi fólks er að ræða, t.d. réttindi erlendra kvenna sem mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum síðustu daga, þá er eðlilegt að menn skipist í sveitir, sem gróflega má deila í verndara og „ákærendur“. Þetta þarf ekki að vera slæmt í sjálfu sér - ólík sjónarmið er alls staðar að finna og opin umræða um samfélag og stjórnsýslu er einkenni virks lýðræðis. Sjónarmið hins opinbera - „ákærandans“ - er ekki alltaf neikvætt en stjórnvöld eru oft gagnrýnd, sem er óhjákvæmilegt og eðli máls samkvæmt.

Skoðanaskipti og opin umræða eru nauðsynleg tæki til að komast að kjarna málsins og finna bestu lausnirnar. Raunverulegt faglegt samstarf byggir á hreinskilnum samskiptum en því miður finnst mér það stundum brenna við að opinberar stofnanir virðast taka gagnrýni sem persónulegri móðgun og draga úr samstarfi við gagnrýnisraddir, í stað þess að auka það til að finna raunhæfar lausnir á vandamálunum. Hið opinbera verður að geta tekið gagnrýni og notað hana til að bæta þjónustu sína. Ef samstarfsaðilar hika við að vekja máls á því sem má bæta í opinberri þjónustu vegna þess að þeir óttast að missa samvinnuflöt við hið opinbera þá er ekki um raunverulegt samstarf að ræða. Í innflytjendamálum eru það ekki bara útlendingarnir sem tapa þegar samstarfið er einungis á yfirborðinu, heldur samfélagið allt.

Ég ætla ekki að benda á neina ákveðna aðila í þessu samhengi en vil minna starfsmenn opinberra stofnana á að hlutverk þeirra er þjónusta við borgarana og þar með talið að taka við málefnalegri gagnrýni og vinna að úrbótum á grundvelli hennar. Þetta á við um okkur öll sem vinnum að samfélagsmálum. Hvað varðar málefni erlendra kvenna eru Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun mikið í umræðunni en ég trúi að stofnanirnar bregðist við á faglegan, sanngjarnan og mannúðlegan hátt.

# Blaðamaður fer á gönuhlaup

**UMRÆÐAN**
SAMKYNHNEIGÐ



**JÓN VALUR JENSSON**

*Vissulega hafa sumir, jafnvel læknar, talað um samkynhneigð sem heilsufarsröskun. En auglýsingin ræddi málið ekki á þeim nótum.*

Guðm. Steingrímsson á oft góða spretti í Bakþönkum. En 19/8 geysist þessi Pegasus fram úr sjálfum sér, angraður af auglýsingu Samvinnuhóps kristinna trúfélaga þar sem hann kvað því „lýst í grófum dráttum hvernig lækna megi samkynhneigð“. Gengur grein hans öll út frá þeirri forsendu hans.

En hvað sagði auglýsingin? Textinn var eins stuttur og verða mátti. ‚Frjáls úr viðjum samkynhneigðar‘ var yfirskriftin. Á eftir fylgdu 5 erlendar vefslóðir og ein íslenzk (Kirkju.net/index.php/jon) auk texta: „Á meðan þúsundir ganga niður Laugaveginn til að fagna samkynhneigð, eru þúsundir manna um allan heim að fagna frelsi frá því sem þeir kalla fjötra samkynhneigðar. Já, það er til önnur og betri leið. Fjölmörg hjálparsamtök starfa nú um heiminn sem hjálpa þeim sem vilja losna úr viðjum samkynhneigðar.“ Einnig þessi orð Richards Cohen: „Fólk getur breytt kynhneigð sinni og gerir það. Ég hef gert það og hjálpað öðrum til að gera það sama.“

Hvar er minnzt á lækningu í þessum texta? Hvergi! GS meðhöndlar því staðreyndir gróflega og gerir eigin skáldsýn að grundvelli háðsádeilu. Dagfarsprúður maður tekur á sig gervi Don Kíkóta og heggur í vind. Þar bregður hann nafngreindum sómamönnum um ergi, sem áður hét, og lágu þyngstu viðurlög við þvílíkum áburði í Grágás. Klínir í þokkabót háðungarnafni á Betelsöfnuð. Fæ ég ekki varizt þeim grun að GS hafi misst stjórn á sér þegar hann tók trú á eigin hugsmíð. Sýnir það gæfumuninn á góðri trú og vondri.

Vissulega hafa sumir, jafnvel læknar, talað um samkynhneigð sem heilsufarsröskun. En auglýsingin ræddi málið ekki á þeim nótum. Taka ber fram til að forðast misskilning, að undir ærnum þrýstingi aðgerðahóps samkynhneigðra felldu samtök bandarískra geðlækna (APA) úr gildi skilgreiningu sína á samkynhneigð sem geðröskun árið 1973, með heilum 3.600 atkvæðum í því 25.000 manna félagi. 1977 var skoðanakönnun meðal 10.000 félagsmanna APA. „Af þeim sem svöruðu kváðust 69% álíta ‚samkynhneigð sjúklega umbreytingu (pathological adaptation), andstætt eðlilegu tilbrigði (normal variation),‘ 18% voru því ósammála, 13% óvissir“ (‚Sick Again? Psychiatrists vote on gays‘, Time, 20.2. 1978, s. 102). Vitaskuld er þetta álit fárra hér á landi. Eru ekki íslenzkir lesendur miklu betur upplýstir en svo, eftir áralanga, ítarlega fræðslu gagnmenntaðra fjölmiðlamanna um efnið? Nema hvað.

Það undarlega gerðist 12. þ.m. að dr. Gerald P. Koocher, forseti bandarísku sálfræðingasamtakanna, lýsti yfir stuðningi við meðhöndlun þeirra sem aðþrengdir eru vegna óviljugrar löngunar sinnar til sama kyns. Leggur hann áherzlu á að virða beri valfrelsi manna til að fara í meðferð til að minnka aðdrátt þeirra til sama kyns og styrkja möguleika þeirra til gagnkynhneigðar, svo fremi þeir hafi óþvingaðir kosið að fara í meðferðina. Í ljósi þess hve þetta viðhorf læknisins er „ógeðslegt“, eins og GS gæti orðað það, má heita eðlilegt að fjölmiðlar okkar þögðu allir um þessa yfirlýsingu sem hefði komið flatt upp á fjölda Íslendinga og sjálfan landlækni.

Vona ég nú að grein mín hafi róandi áhrif á Guðmund og stilli strengi hans til að leika æ fegur af fingrum fram í andagift sinni.

**AF NETINU**

### Vakandi foreldrar

Um leið og skólar hefjast fer allt í gang á ný einnig glæpamennska sem iðkuð er af glæpamönnum undir nafninu fíkniefnasalar. Lögregla fær ekki rönd við reist og þessir glæpamenn ganga lausir ár eftir ár við sína iðju og sánka að sér sínýjum viðskiptavinum úr hópi barna og ungmenna. Sjálf set ég samasemmerki milli þessarra manna og barnaníðinga sé engan mun þar á. Vakandi foreldrar er einn varnarveggur gagnvart slíku og þvi fleiri sem eru vakandi því betra. Foreldrar verið vakandi um hvað börnin aðhafast því meiri afskiptasemi er alla jafna betri en minni gagnvart því að stemma stigu við vanda í upphafi og uppgötva hann.

**Guðrún María á gmaria.blog.is/**

### Vandi Vinstri-grænna

Vandi Vinstri-grænna er að stefna þeirra er í flestum tilfellum jaðarstefna sem gera má ráð fyrir að höfði nær eingöngu til þröngs hóps á vinstri væng stjórnmálanna. Stefna þeirra mun sennilega seint höfða til fjöldans nema þá kannski ef allt færi bókstaflega norður og niður í efnahagsmálum og helmingur þjóðarinnar yrði atvinnulaus eða eitthvað þvíumlíkt. Líkt og gerðist í Þýzkalandi í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar. Við einhverjar slíkar aðstæður ná öfgafullar jaðarstefnur helzt árangri. Það veltur þó vitaskuld allt á vinstri-grænum hvernig þeir halda á málum hvernig fylgi þeirra þróast á næstu mánuðum.

**Hjörtur J. Guðmundsson á ihald.is**

# *Leiðarahöfundur á villigötum*

**VIÐBRÖGÐ**
MEINT OLÍUVERÐSAMRÁÐ



**RAGNAR H. HALL**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Að undanförnu hefur Fréttablaðið fært landsmönnum fréttir og hugleiðingar pistlahöfunda og ýmissa annarra í þjóðfélaginu um meðferð ákæruvaldsins á máli sem varðar ætlað brot olíufélaga á samkeppnislögum. Skrifin nú að undanförnu hafa að mestu snúist um þá „kröfu“ ýmissa aðila í þjóðfélaginu að þeir sem staðið hafi að slíkum brotum eigi að sæta ákæru og refsingum enda þótt hin ætluðu brot hafi verið framin af félögum sem þeir störfuðu hjá.

Undirritaður hefur frá upphafi rannsóknar á þessu máli verið skipaður verjandi eins af forstjórum félaganna, og oft hefur það valdið mér nokkurri furðu hvernig skrif af þessu tagi virðast snúast um „nauðsyn“ þess að menn taki sjálfir út refsingu. Menn virðast ekki hafa vilja – eða kunnáttu – til að fara yfir það hver grundvöllur slíkrar refsiábyrgðar er, heldur fjalla sífellt um málið út frá einhverju sem þeim sjálfum „finnst“ að eigi að gilda.

Fram til þessa hef ég ekki séð ástæðu til að eltast við slík skrif, enda væri það til að æra óstöðugan að standa í slíku. Ég sé mig hins vegar knúinn til að koma á framfæri örfáum athugasemdum við sjónarmið Jóns Kaldal í ritstjórnargrein í Fréttablaðinu í dag, 30. ágúst 2006.

Ég leyfi mér í fullri vinsemd að benda leiðarahöfundinum á þá grundvallarreglu, að óheimilt er að refsa manni fyrir háttsemi hans nema til þess sé skýr heimild í lögum. Það nægir með öðrum orðum ekki, að einhverjum, jafnvel blaðamanni, finnist nauðsynlegt að viðkomandi taki út refsingu fyrir háttsemina. Samkvæmt okkar réttarskipan fer ríkissaksóknari með ákæruvald í refsimálum – jafnvel þótt einhverjum finnist að einhverjir aðrir, t. d. fjölmiðlar, ættu að fara með það. Embætti ríkissaksóknara er bundið af lagafyrirmælum um það, hvernig með þetta vald skuli farið. Ein af grundvallarreglunum um það atriði felur í sér að ákæra skuli ekki gefin út nema því aðeins að ákæruvaldið telji meiri líkur en minni á því að sakfellt verði á grundvelli ákærunnar.

*Ég leyfi mér í fullri vinsemd að benda leiðarahöfundinum á þá grundvallarreglu, að óheimilt er að refsa manni fyrir háttsemi hans nema til þess sé skýr heimild í lögum.*

Af þessum einföldu reglum sést að ákæruvaldið hefur skyldu til að fara yfir mál þannig að fyrst er skoðað hvað viðkomandi hefur gert (eða eftir atvikum látið ógert) og síðan er farið yfir það hvort sú háttsemi er lýst refsiverð í settum lögum. Refsiheimild verður að vera fyrir hendi í settum lögum – að öðrum kosti verður manni ekki refsað. Komist ákæruvaldið að þeirri niðurstöðu að refsiheimild nái ekki til háttseminnar á ekki að gefa út neina ákæru.

Leiðarahöfundurinn Jón Kaldal skautar létt yfir þetta í áðurnefndri forystugrein sinni. Hann beinlínis snuprar saksóknarann sem er að vinna í málinu fyrir það að hann skuli yfirleitt vera að velta því fyrir sér hvort einhver nothæf refsiheimild sé fyrir hendi svo að hægt sé að gefa út ákæru í málinu. Hann vitnar til orða saksóknarans um þá staðreynd að í nágrannalöndunum séu ekki fordæmi fyrir því að einstaklingar séu sóttir til saka vegna brota lögaðila á samkeppnislögum. Klykkir leiðarahöfundurinn út með því að benda saksóknaranum á að fyrst þetta sé svona í nágrannalöndunum skuli hann bara líta vestur um haf, þar séu einstaklingarnir látnir sæta refsingum í svona málum.

Leiðarahöfundurinn telur það með öðrum orðum engu máli skipta eftir hvaða lögum sé farið. Saksóknarinn var í viðtalinu sem vitnað var til að vísa til lagaframkvæmdar annars staðar þar sem lögin eru eins og hjá okkur á þessu sviði. Leiðarahöfundurinn vill saksókn á einhverjum allt öðrum grundvelli.

Skrif af þessu tagi eru að mínu áliti ekki boðleg hjá dagblaði sem borið er í hvert hús á landinu og ætlast er til að tekið sé alvarlega.

# Matarverð skýrir ekki verðlagningu veitinga- og gistihúsa

**UMRÆÐAN**
VERÐLAG



**HARALDUR BENEDIKTSSON**
FORMAÐUR BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, birti nýverið niðurstöður könnunar sem gerð var á margvíslegri þjónustu í löndum ESB. Ef niðurstöður könnunarinnar eru bornar saman við veruleikann hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er greitt allt upp í 90% hærra verð fyrir ýmiss konar þjónustu en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Mér þykir merkilegt hve lítið hefur verið fjallað um þennan mikla verðmun. Ég minnist þess ekki að kallað hafi verið eftir róttækum breytingum eða verðlækkun eins og í umræðunni um matarverð á Íslandi, þar sem menn keppast hver um annan þveran við að skattyrðast út í bændur.

### Makalausar skýringar

Skýringar Samtaka ferðaþjónustunnar á orsök þess að verðlag veitinga- og gistiþjónustu sé 91% (77% m.v. 15 eldri ESB-ríki) hærra hér en meðaltal ESB segir til um eru um margt makalausar. Framkvæmdastjóri samtakanna kennir að sjálfsögðu matarverðinu um. Af umræðunni að dæma virðist sem matarverð á Íslandi sé undirrót alls þess sem aflaga fer í samfélaginu. Ég bíð spenntur eftir því að sjá hvernig öðrum tekst að heimfæra háa verðlagningu á flutningaþjónustu og samgöngum upp á bændur.

Þessi málflutningur nær auðvitað ekki nokkurri átt og það má senda margar ályktanir Samtaka ferðaþjónustunnar um landbúnaðarkerfið beint til föðurhúsanna. Það er nefnilega ekki hægt að rökstyðja hátt verð á gistingu á Íslandi með háu matarverði, jafnvel þótt bændur gæfu þessum aðilum alla sína framleiðslu.

Bændur hafa undanfarið óverðskuldað verið gerðir að blóraböggli í umræðunni um hátt matarverð hérlendis. Samanburður sýnir, svo ekki verður um villst, að íslenskar búvörur eru hlutfallslega ódýrari í samanburði við ESB-löndin en innflutt matvæli.

### Áhugaverð verðlagning

Í umræðunni um hátt matarverð hérlendis hefur því verið haldið fram að hægt sé að verðleggja ýmsar vörur á Íslandi hátt í skjóli verndartolla landbúnaðarvara. Ef þetta er rétt hlýtur einhver að vera að græða vel. Hvers vegna þarf verslun næstum jafn margar krónur fyrir að selja eitt lambalæri og bóndi fær fyrir tólf mánaða starf? Verslunin fær meira að segja vöruna afhenta og oft sér framleiðandinn um að koma henni fyrir í versluninni. Framleiðandanum er einnig gert að koma og sækja það sem ekki selst af vörunni. Þannig tekur hann einnig á sig alla vörurýrnun, ekki verslunin. Þetta fyrirkomulag sviptir neytandann möguleika á því að kaupa á tilboðsverði þá vöru sem komin er nærri síðasta söludegi, eins og víða þekkist.

*Það er nefnilega ekki hægt að rökstyðja hátt verð á gistingu á Íslandi með háu matarverði, jafnvel þótt bændur gæfu þessum aðilum alla sína framleiðslu.*

Kaup á íslenskum búvörum nema innan við 6% af útgjöldum heimilanna í landinu. Af hverjum 10.000 kr. sem varið er til kaupa á vöru og þjónustu fara innan við 600 kr. til kaupa á íslenskum landbúnaðarvörum. Verðlag þeirra getur því tæpast verið eina orsök þess að fólki finnst buddan tæmast hratt. Því síður getur það útskýrt verðlagningu veitinga- og gistihúsa á Íslandi.


ENNEMM / SÍA / NM23177
Skjárinn kynnir algjöra byltingu
Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegum myndgæðum
SkjárBíó
Aðeins í SkjáBíói getur þú leigt nýjustu bíómyndirnar og fengið ókeypis barnaefni með einum takka á fjarstýringunni
SkjárHeimur
SkjárHeimur veitir þér aðgang að yfir 60 erlendum sjónvarps-stöðvum. Þú velur þinn pakka og fyrsti mánuðurinn er frír!
SkjárSport
SkjárSport sýnir skemmtilegasta fótbolta í heimi og allt að 5 leiki á sama tíma
SkjárEinn
Auðvitað fylgir uppáhaldssjónvarpsstöðin þín, SkjárEinn, með – og allt í stafrænum gæðum.
Þú færð myndlykil Skjásins FRÍTT ef þú ert með ADSL hjá Símanum.
Fáðu þér Skjáinn strax í dag, í síma 800 7000.
Skjárinn
– á þínu valdi!
Fáðu nánari upplýsingar á skjarinn.is
SKJÁREINN
SKJÁRBÍÓ
SKJÁRSPORT
SKJÁRHEIMUR

**JOHN FORD LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1973.**

*„Hefndin er eigin böðull.“*

***Bandaríski leikstjórinn var hefndinni kunnur enda algengt leiðarstef í vestrum hans.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST:

# Díana prinsessa deyr í bílslysi

Heimurinn stóð sem kyrr á þessum degi árið 1997 þegar það fréttist að Díana prinsessa af Wales hefði látist í bílslysi í París. Díana lést af áverkum sínum skömmu eftir slysið. Hún var 36 ára gömul.

Dodi Al Fayed, ástmaður hennar, var með henni í bílnum og lést samstundis, sem og bílstjórinn en hann var ölvaður og missti stjórn á bifreiðinni. Bíllinn var á ofsahraða þar sem skötuhjúin voru á flótta undan ljósmyndurum. Sá eini sem komst lífs af var lífvörður prinsessunnar, Trevor Rees Jones, en hann var líka sá eini í bílnum sem var í bílbelti.

Díana Francas Spencer fæddist 1. júlí árið 1961. Prinsarnir Andrés og Játvarður, yngri bræður Karls, voru meðal leikfélaga hennar í æsku. Árið 1975 hlaut faðir hennar jarlsnafnbót og Díana var þaðan í frá kölluð lafði Díana Spencer. Að námi loknu starfaði hún sem kennari í einu úthverfa London.

Árið 1980 felldu Díana og Karl Bretaprins saman hugi og ári síðar voru þau trúlofuð. Þau gengu í það heilaga í júlí sama ár. Þau eignuðust tvo syni á næstu þremur árum. Í áranna rás fjaraði hins vegar undan ástinni og hjónin skildu árið 1992.

Díana var ávallt elskuð af almenningi sem og fjölmiðlum, enda stóðu ljósmyndarar vörð um hana dag og nótt. Og fyrir kaldhæðni örlaganna kostaði það hana lífið.



**DÍANA PRINSESSA AF WALES.**

## MERKISATBURÐIR

**1888** Fyrsta fórnarlamb Kobba kviðristu fellur í valinn. Á nokkrum mánuðum féllu fimm konur fyrir hendi manns sem aldrei fannst.

**1897** Thomas Alva Edison fær einkaleyfi á fyrstu kvikmyndasýningarvélinni.

**1919** Jóhann Sigurjónsson skáld andast, 39 ára gamall.

**1944** Breski herinn kemst yfir hina svokölluðu Gotalínu á Ítalíu og hrekur ítalska herinn til baka.

**1955** William G. Cobb sýnir fyrstu bifreiðina sem knúin er af sólarorku.

**1980** Verkalýðshreyfingin Samstaða er stofnuð í skipasmíðastöðinni í Gdansk í Póllandi. Forystumaður hennar, Lech Walesa, eignaðist síðar peysu frá Íslandi.

# Nýr ritstjóri Grapevine

„Ég hlakka mikið til að takast á við þessa áskorun,“ segir Sveinn Birkir Björnsson, nýráðinn ritstjóri götublaðsins Reykjavík Grapevine. Hann hefur þó starfað við blaðið í eitt ár og meðal annars ritstýrði hann tveimur tölublöðum Grapevine í sumar. Sveinn tekur við ritstjórninni af Bart Cameron sem heldur til Bandaríkjanna til að elta ástina eins og fyrrverandi samstarfsmenn hans orða það.

Sveinn er á þrítugsaldri og hefur verið í heimspekinámi við háskóla íslands í fimm ár. Hann er búinn með eitt ár í blaða- og fréttamennsku við háskólann og hyggst halda því námi áfram „ Ég ætla að taka mér ársfrí frá námi á meðan ég er að koma mér í gang hjá blaðinu, svo held ég áfram með námið samhliða starfinu,“ segir Sveinn. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á Grapevine í kjölfar ritstjóraskiptinga en Sveinn er ánægður með blaðið í þeirri mynd sem það er í dag. „Við erum búnir að vera í mikilli uppsveiflu þetta sumarið og því engin ástæða til breytinga. Grapevine er alhliða menningarblað sem ætlað er ferðamönnum og með sérstakar áherslur á ferðaþjónustu.“

Bart er þó ekki alveg horfinn frá Grapevine því hann mun alfarið sjá um útgáfu Grapevine í kringum Airwaves-hátíðina en þá mun koma út blað daglega sem mun fjalla um tónleika og atburði á tónlistarhátíðinni. **- áp**



**SVEINN BIRKIR BJÖRNSSON** Nýráðinn ritstjóri götublaðsins Grapevine og tekur við af Bart Cameron sem hefur ritstýrt blaðinu undanfarið eitt og hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/



**ÖRN ARNARSON** Er yfirleitt í útlöndum við æfingar á afmælisdaginn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÖRN ARNARSON SUNDKAPPI: HÁLFÞRÍTUGUR Í DAG

# Þarf ekki nýja sundskýlu í afmælisgjöf þetta árið

Það væru ýkjur að segja að Örn Arnarson, landsins besti sundmaður, stæði í ströngu við afmælisundirbúning þegar blaðamaður slær á þráðinn. Hann er þvert á móti rólegur í tíðinni, enda ekki sérstaklega mikið afmælisbarn að eigin sögn. „Það má kannski segja að þetta sé hálfgert stórafmæli, en ég geri nú ekki ráð fyrir miklu húllumhæi,“ segir Örn, sem segir þó ekki loku fyrir það skotið að hann hendi í eins og eina köku fyrir nánustu vini og vandamenn. „Það er alltaf gaman að fá fólk í heimsókn á tyllidögum,“ segir hann.

Örn segir ekki neinn sérstakan afmælisdag standa upp úr í minningunni, hann sé líka sjaldnast heima til að halda upp á hann með fjölskyldunni. „Þetta er eitt af þeim fáu skiptum sem ég er heima á afmælisdaginn. Yfirleitt er ég í útlöndum við æfingar.“ Hann æfir daglega og á ekki von á því að fá að slaka á í heita pottinum í tilefni dagsins. „Ef eitthvað er verð ég ábyggilega látinn púla meira,“ segir hann og hlær. „Það verða engin grið gefinn þótt ég eigi afmæli.“

Hvað afmælisgjafir snertir stendur Örn á gati. „Það hafa margir verið að spyrja mig að þessu undanfarnar tvær vikur en mér dettur eiginlega ekkert í hug. Ég er afskaplega nægjusamur og er bara ánægður með það sem ég á,“ segir hann. Hann vill þó ekki meina að það sé sérstaklega erfitt að velja gjafir handa honum en segist þó alls ekki þurfa á nýrri sundskýlu að halda. „Það er í góðu lagi með allan sundbúnað svo fólk þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því.“



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Samúelsdóttir**

Eskihlíð 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar B7, Landspítalanum í Fossvogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Sigríður Erlingsdóttir Willson**
**Samúel Örn Erlingsson** **Ragna Ragnarsdóttir**
**Brynjúlfur Erlingsson** **Margrét Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# 80 ára afmæli

**Magnús Þ.Jóhannsson**
á Hólmavík verður 80 ára
þann 4. september og
**Sigrún Hjartardóttir**
verður 80 ára þann 5. desember

**Af því tilefni bjóða þau öllum ættingum og vinum að koma og gleðjast með sér laugardaginn 2. september í Félagsheimilinu á Hólmavík frá kl. 15.00 til 18.00.**

## JARÐARFARIR

**14.00** **Þorbjörg Jónsdóttir**, frá Geitarvík, Borgarfirði eystra, verður jarðsungin frá Bakkagerðiskirkju.

**15.00** **Kristín Guðmundsdóttir (Didda)**, Steinagerði 1, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**15.00** **Sigurður Rúnar Þórisson** verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

**15.00** **Þorsteinn Kristjánsson**, Efstasundi 22, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

**15.00** **Ásta Kristinsdóttir**, Bláhömrum 2, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

## AFMÆLI



**Vernharður Linnet** djassgeggjari er 62 ára.



**Sigrún Sól Ólafsdóttir** leikkona er 38 ára.

**Grétar Jónasson** framkvæmdastjóri Félags fasteignasala er 40 ára.



**Ingibjörg Stefánsdóttir** leikkona er 34 ára.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Stórútsala á húsgögnum





**Ótrúlegt verð, já nú á allt að seljast td. Sófasett, hornsófar, tungusófar borðstofuborð, borðstofustólar, skenkir, skápar, sófaborð, hornborð, körfuskenkir, stakir stólar, kommóður, skinn-mottur, lampar, hillur, speglar, kertastjakar, Innskotsborð og margt fleira...**

**Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-16**





GP gæðahúsgögn

**Dalshrauni 1** **Sími 565 1234**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Að ganga uppreistur

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** BIÐUR UM ANNAN SÉNS.



Syndaregistrið mitt er langt og svo skrautlegt að ég á bágt með að bera höfuðið hátt og horfast í augu við fólk. Lögbrot mín eru þó góðu heilli öll fyrnd enda hef ég ætíð gætt þess að stela aðeins því sem er steini léttara. Skuldir mínar við samfélagið eru því að fullu uppgreiddar ef frá eru taldar ógreiddar stöðumælasektir og vangoldin bifreiðagjöld.

Ég get því ekki leitað á náðir yfirvalda og fengið þau til að létta af mér byrðum sektarinnar og strjúka burt flekkina sem eigin subbuskapur og dómgreindarleysi hefur skilið eftir á mannorði mínu.

Mér finnst samt að allir eigi að fá annað tækifæri og þá ekki síst ég sjálfur enda á ég margt ógert í lífinu og þætti vænt um að geta athafnað mig án þess að fortíðin sé mér stöðugt fjötur um fót.

Gallinn við þetta allt saman er að fyrirgefning synda minna er flóknara ferli en svo að þær verði afskrifaðar með undirskrift þriggja einstaklinga. Þeir sem ég hef brotið gegn eru töluvert fleiri og eru þar fyrir utan margir hverjir tregir til að fyrirgefa mér og veita uppreist æru vegna þess að ég hef ekki sýnt iðrun.

Iðrunin er auðvitað forsenda fyrirgefningarinnar en ég er það forhertur að ég sé eftir því einu að hafa verið staðinn að verki og látinn gjalda fyrir gjörðir mínar, hegðun og framkomu. Afglöp mín íþyngja mér samt sem áður, líklega fyrst og fremst vegna þess að þau hafa gert mig að hornkerlingu í samfélagi mannanna.

Mér þætti samt betra ef ég gæti gengið uppreistur með nýskrúbbaða æru og bið hér með þá sem ég hef brotið á náðarsamlega um fyrirgefningu. Verst samt að hugur fylgir ekki máli og ég geri þetta aðeins með eigin hagsmuni að leiðarljósi þannig að uppreistin mun varla veita mér neina hugarró. Það gerist ekki fyrr en iðrunin kemur frá hjartanu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
SALTAÐ FOLALDAKJÖT
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT 373 kg KR. MERKT VERÐ 679 KR.
SALTAÐ FOLALDAKJÖT 373 kg KR. MERKT VERÐ 679 KR.
45% afsláttur við kassann
680g/720 ml
BAUNIR/GULRÆTUR 98 KR. 680g
KARTÖFLUMÚS 500g
4x 125g pokar
Potato mash
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
4x125g (500g) 159 KR.
KF HANGIKJÖT
Úrbeinaður og kofareyktur hangiframpartur
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
30% afsláttur við kassann
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR 1259 kg KR. Merkt verð 1799 KR.
Ekkert bruðl!
Ferskur Bónus ávaxtasafi
Florida
1 lítra brúsi 129 KR.
Kornbrauð
KÍLÓBRAUÐ 98 KR. 26 SNEIÐAR
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Kílóverð nú: 773 KR. Verð áður 967 KR.
SKÓLA OSTUR
OSTA OG SMJÖRSALAN SF. 20% LÆGRA VERÐ
Lamba lærið
Villi krydd
30% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
VILLI LAMBALÆRI 1299 kg KR. Merkt verð 1855 KR.
Í bústið með berjunum!
VATNSMELÓNUR
GULAR MELÓNUR 89 KR. KÍLÓVERÐ
Gott á milli mála!
Frosin ber
Kílópakkningar
SILVA MIX
1 kíló BERJABLAND 298
HEILT KÍLÓ af frosnum skógarberjum
Munið: Blái liturinn er fyrir þarmaganginn!
HEILT KÍLÓ af frosnum jarðarberjum
Munið: Rauði liturinn er fyrir nýrnaganginn!
FROSIN JARÐARBER 198 KÍLÓVERÐ
EURO SHOPPER
www.bonus.is

**!** **Kl. 10.00**
*Sýningu Karinar Leening á Café Karólínu á Akureyri lýkur á morgun föstudag. Sýningin ber titilinn „Rauðhetta, dýrkonur og aðrar verur í undurfögrum óbyggðum“.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Galdrafræði á Ströndum

Áhugafólk um fjölkynngi og sögu stefnir vestur á Strandir um helgina því félagið Vestfirðir á miðöldum stendur fyrir ráðstefnu á Laugarhóli í Bjarnarfirði þar sem rætt verður um galdra, ára og tröll og nornir frá ólíkum hliðum. Ráðstefnan er opin öllum meðan húsrúm leyfir en ýmis krassandi efni verða þar til umfjöllunar. Markmið ráðstefnunnar er að fjalla um galdur í samfélögum fyrri aldra og undirbúa rannsóknarverkefni um galdur og samfélag á Vestfjörðum.

Ráðstefnan verður sett á Galdrasafninu á Hólmavík á morgun en síðar um daginn flytur Helga Kress erindi um samband karlmennsku, kvennafars og fjölkynngi í Íslendingasögunum og Sverrir Jakobsson veltir fyrir sér galdri og forspám í ríkisvaldslausum samfélögum. Á laugardag taka íslenskir og erlendir fræðimenn á tröllum, nornum, djöflum og öðrum árum með fræðatólum sínum og stíga Helgi Þorláksson, Magnús Rafnsson og Ólína Þorvarðardóttir meðal annarra í pontu en eftir hátíðarkvöldverð mæta félagarnir Megas og Súkkat og leika fyrir gesti.

Á sunnudaginn gefst gestum kostur á að ferðast um slóðir Guðsgjafarþulu og heimsækja Djúpavík og Trékyllisvík en ferð sú er ekki á eiginlegri dagskrá ráðstefnunnar.



**SVERRIR JAKOBSSON, SAGNFRÆÐINGUR** Ræðir um galdur og forspár í ríkisvaldslausum samfélögum á galdraráðstefnu á Ströndum.

## > Ekki missa af…

**Pakkhúsi postulanna** í Hafnarhúsinu. Ellefu íslenskir listamenn hafa yfirtekið húsið og stefna á allsherjar **myndlistarreifi** út langt fram í október.

tónleikum hljómsveitarinnar **Reykjavík!** sem leikur listir sínar ásamt **Slugs, Bent** og félögum í **Smekkleysu** kl. 17 og á **Café Amsterdam** kl. 21.

leikritinu **Afgöngum** eftir **Agnar Jón Egilsson** sem verður frumsýnt í Austurbæ annað kvöld.


Brottnámið úr kvennabúrinu – W. A. Mozart

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

SITJI GUÐS ENGLAR
Frumsýning fös. 29/9 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sun. 10/9 uppselt, sun. 17/9, fös. 22/9, lau. 23/9. Aðeins nokkrar sýningar í haust.

FAGNAÐUR
Sun. 24/9.

KASSINN KL. 20:00

DOUBLE NORA
Sýning frá Natori-leikhúsinu í Japan.
lau. 2/9, sun. 3/9.

PÉTUR GAUTUR
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau.16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9, fös. 22/9, lau. 30/9.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR
Frumsýning lau. 9/9 uppselt, fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.- ÞRI.
AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 2/9 kl. 20 Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 Lau 9/9 kl. 20
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20

EYFI STÓRTÓNLEIKAR
Fös 1/9 kl. 20
Fös 1/9 kl. 22

MANNAKORN
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Þri 5/9 kl. 20
Þri 5/9 kl. 22

HÖRÐUR TORFA
AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30
Fös 8/9 kl. 22

PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

Sunnudaginn 3.september verður opið hús í Borgarleikhúsinu milli 15-17. Fjölbreytt dagskrá og léttar veitingar. Allir velkomnir.

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




**VIGDÍS ARNA JÓNSDÓTTIR** Nýtur þess að mæta á tangóhátíð þótt hún dansi ekki sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skipt um skó og skap

**Vart finnst beittara vopn gegn haustnæðingi og vetrarkulda en suðrænn taktur tangósins. Í dag hefst tangóhátíð þar sem lærðir og leiknir sýna listir sínar og allir áhugasamir geta kynnt sér kærkomið meðal gegn hversdagsleikanum.**

Vigdís Arna Jónsdóttir, starfsmaður Kramhússins sem stendur að hátíðinni ásamt Tangófélaginu, útskýrir að þetta sé í fjórða sinn sem hátíðin Tango in Iceland er haldin en í ár sé hún með mun veglegra sniði en áður. „Nú verða haldin fjögur tangókvöld eða kvöldskemmtanir með tónlistarfólki, dönsurum og opnu dansgólfi fyrir alla sem vilja.“

Carlos Quilici bandoneonleikari og argentínski gítarleikarinn Javier Fioramonti ríða á vaðið í Iðnó í kvöld kl. 21 og kennarar hátíðarinnar, Cecilia Gonzalez, Donato Juarez, Pablo Inza og Moira Castellano frá Argentínu og Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya frá Íslandi, stíga á stokk en þau munu standa fyrir námskeiðum í Kramhúsinu og Iðnó meðan á hátíðinni stendur.

„Bryndís og Hany eru aðalsprauturnar í Tangófélaginu,“ útskýrir Vigdís Arna. „Þessi hátíð væri ekki til staðar ef ekki væri fyrir þeirra kraft.“ Vigdís segir að áhugi á tangódansi hérlendis og erlendis hafi aukist verulega síðustu árin og tangó sé orðinn nokkurs konar lífsstíll. „Almennt hefur verið mikil danssveifla hér á landi en argentínski tangóinn hefur verið að festa meiri rætur í Evrópu. Nú eru haldnar tangóhátíðir víðs vegar um Evrópu og fólk er duglegt að ferðast á milli. Fólk finnur sér leið út úr hversdagsleikanum í tangódansi, þegar þú skiptir um skó þá skiptir þú um skap - þú tekur ekki vandamálin með þér út á gólfið.“

Félagsskapurinn í kringum dansinn skiptir líka miklu því eins og Vigdís bendir á snýst dansinn um samveru, bæði með dansfélaga og öðrum. „Þetta er góð skemmtun og heilbrigð.“ Tangódansarar hér á landi geta sótt æfingakvöld eða Practica í Kramhúsinu en þau eru haldin annað hvert laugardagskvöld en danskvöld, Milonga, eru líka haldin á Café Cultura í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu, á hverju miðvikudagskvöldi að ógleymdum tangókvöldum í Iðnó þar sem Tangósveit Íslenska lýðveldisins hefur leikið fyrir dansi fyrsta þriðjudag í mánuði.



**CECILIA GONZALEZ OG DONATO JUAREZ** Kenna áhugasömum dönsurum tangósporin.

Gestir á hátíðina koma víða að, sumir frá Argentínu, aðrir frá Búkarest í Rúmeníu en allir eru mættir til að dansa og njóta. Þeir sem ekki eru sjóaðir í tangófræðum og eru að stíga sín fyrstu skref þurfa samt ekki að óttast því hátíðin er kjörin leið til að kynnast menningunni. „Það verður til dæmis mjög áhugaverður fyrirlestur í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld þar sem bandoneonleikarinnn og tangótónskáldið Carlos Quilici mun kynna sögu tangótónlistar í tali og tónum,“ segir Vigdís Arna. „Það er líka gaman að koma og njóta tónlistarinnar og horfa á dansarana. Við höfum leitast við að fá mjög góða tónlistarmenn í heimsókn á hverja hátíð,“ segir hún og nefnir hið vinsæla tríó Tango Platense sem mun leika á laugardagskvöldið.

Sjálf segist Vigdís ávallt mæta og njóta kvöldsins þót hún stígi ekki á gólfið, „þetta er svo ofboðslega skemmtileg upplifun,“ útskýrir hún.

kristrun@frettabladid.is

Filippa K Patrizia Pepe
Rutzou INDRIÐI
Wrangler Calvin Klein
Stella Nova SPORTMAX CODE Noir
Lee C.N.C. by Costume National
a pair ANN HAGEN Rosanna Julie

Haust og vetur 2006
OPNUM Á MORGUN 1. SEPTEMBER

GK REYKJAVÍK | LAUGAVEGUR 66
101 REYKJAVÍK

# Vetrarstarf að hefjast

Ekki færri en átta kórar starfa nú í Langholtskirkju en nýjasta viðbótin þar á bæ er Drengjakór Langholtskirkju. Vetrarstarf kóranna hefst innan skamms en nokkrar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi æfinga en að venju er stefnt er að líflegu söngstarfi í vetur.

Kór Langholtskirkju, undir dyggri stjórn Jóns Stefánssonar, mun halda tónleika í nóvember þar sem á efnisskrá verða aðeins íslensk verk að venju verða tónleikar á aðventunni og á föstudaginn langa og í lok maí fær kórinn organistann Michael Radulescu í heimsókn en hann mun stjórna flutningi á tveimur kantötum Bachs. Inntökupróf fyrir kórinn verða næstkomandi sunnudag og vantar einkum karlaraddir til liðs við hópinn.

Í næstu viku hefst síðan Kórskóli kirkjunnar en hann býður upp á grunnnám í söng fyrir þá sem hafa aldur og þroska til en nám þar telst sambærilegt við nám við tónlistarskóla.

Nánari upplýsingar um kórastarfið og inntökuskilyrði má finna á heimasíðu kirkjunnar, www.langholtskirkja.is.



**LANGHOLTSKIRKJA** Átta kórar starfa við kirkjuna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hægjum á

Blaðamaðurinn og metsöluhöfundurinn Carl Honoré ræðir um tímasparnað og lífsgæðakapphlaup í Bókabúð Iðu, 2. hæð í Lækjargötu kl. 20 í kvöld.



**CARL HONORÉ** Veitir ráð um tímasparnað.

Honoré er höfundur metsölubókarinnar Lifðu lífinu hægar en þar má finna ráð um hvernig nútímamaðurinn getur hægt á sér og notið tímans betur. Bók hans segir ekki hraðanum stríð á hendur heldur bendir fremur á hvernig jákvætt sé að hægja á og njóta þannig betri heilsu og lífsgæða. Edda útgáfa gefur bókina út en þýðandi er Geir Svansson.





PATTI SMITH

HÁSKÓLABÍÓI 5. SEPTEMBER

MIÐASALA Í FULLUM GANGI
Á ÖLLUM SÖLUSTÖÐUM.

ACCOUSTIC/SPOKEN WORD SHOW ÁSAMT LENNY KAYE

ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR!



NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.bravo.is

HVAÐ Patti Smith HVAR Háskólabíó HVENÆR 5. september
MIÐAVERÐ 3.900 + miðagjald í B svæði og 4.400 + miðagjald í A svæði.
MIÐASALA Á www.midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

28 29 30 **31** 1 2 3

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Hljómsveitin **Reykjavík!** leikur ásamt **Slugs**, **Bent** og félögum á tónleikum í **Smekkleysu**, á **Klapparstíg** kl. 17 í dag. Tónleikarnir eru þeir síðustu í sumar í tónleikaröð tímaritsins **Grapevine** og **Smekkleysu**. Listamennirnir troða síðan aftur upp á **Café Amsterdam** í **Hafnarstræti** kl. 21.

☐ 20.00 Söngkonan **Guðbjörg Sandholt** og **Anna Helga Björnsdóttir** píanóleikari halda tónleika í **Selfosskirkju**. Á efnisskránni eru tveir ljóðaflokkar fyrir mezzó sópran og píanó og auk þess píanóverk eftir Mozart og Schumann.

### SKEMMTANIR

☐ 21.30 Plötursnúðurinn **DJ Lucky** skemmtir gestum á **Café París** við Austurvöll og spilar soul, fönk og reggie.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Bára Kristinsdóttir** sýnir ljósmyndir í gallerí **Anima** í Ingólfsstræti. Sýningin er opin milli 13-17 og stendur til 9. september.

☐ 15.00 Myndlistarkonurnar **Bryndís Siemsen** og **Hjördís Bergs - Dósla** sýna í **Listamiðstöðinni Kirkjuhvoli** á **Akranesi**. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga mili 15-18.

☐ 20.00 **Guðbjörg Sandholt** mezzósópransöngkona og Anna **Helga Björnsdóttir** píanóleikari halda tónleika í **Selfosskirkju** og flytja ljóðaflokka eftir Manuel De Falla og Schumann auk píanóverka.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 14.00 **Serge Comte** sýnir **Sjö systur / seven sisters** í **101 Gallerí** við **Hverfisgötu**. Sýningin er opin milli 14-17 en henni lýkur á laugardag.

**hvar@frettabladid.is**





Sýningar í Landnámssetri
í september og október

Laugardag 2. september kl. 20 Uppselt
Sunnudag 3. september kl. 15 Uppselt
Sunnudag 3. september kl. 20 Uppselt
Fimmtudag 7. september kl. 20 Örfá sæti laus
Föstudag 8. september kl. 20 Örfá sæti laus
Laugardag 9. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 10. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 13. september kl. 20
Aukasýning örfá sæti
Föstudagur 15. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 16. september kl. 20 Örfá sæti

LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800

TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

# Smiðshögg á sumarið

Hljómsveitin Reykjavík! rekur smiðshöggið á sumartónleikaröð tímaritsins The Reykjavik Grapevine og útgáfufélagsins Smekkleysu og leikur í húsakynnum þess síðarnefnda síðdegis í dag. Þeim til fulltingis verður Slugs ásamt Bent og félögum.

Að vanda verða tvennir tónleikar, þeir fyrri kl. 17 á Klapparstíg 27 og hinir síðari á Café Amsterdam í Hafnarstræti kl. 21 í kvöld.

Í tilkynningu frá sveitinni er þess getið að þeir piltar séu í einkar góðu formi, hættir að slíta strengi en rífi þess í stað áhorfendur í sig með trylltum látum og er haft eftir Bóasi Hallgrímssyni, söngvara sveitarinnar, að hann muni persónulega mæta heim til þeirra sem ekki láti sjá sig á Café Amsterdam.



**HLJÓMSVEITIN REYKJAVIK!** Hamhleypur á sviði.

# Hamskipti Vesturportsfélaga

Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Ingvar E. Sigurðsson, félagar úr leikhópnum Vesturporti, taka þátt í uppsetningu Lyric Hammersmith leikhússins í London á Hamskiptunum eftir Franz Kafka en Gísli Örn er jafnframt leikstjóri verksins ásamt David Farr en þeir gera aðlögun sögunnar í sameiningu. Verkið verður frumsýnt í byrjun október en í viðtali við nýjasta tímaritið Reykjavík Mag kemur fram að þrátt fyrir að Vesturport hafi frá stofnun einnig notið velgengni erlendis sé þetta í fyrsta sinn sem svo margir af félögum þess taki þátt í uppsetningu sem er í eðli sínu „bresk“. Auk þeirra þriggja kemur leikmyndahönnuðurinn Börkur Jónsson einnig að sýningunni.

Framhald er einnig á farsælu samstarfi Vesturports og tónlistarmannsins Nicks Cave sem semur músík fyrir verkið ásamt Warren Ellis, félaga sínum úr hljómsveitinni The Bad Seeds.

Það er skammt stórra högga í millum hjá leikhópnum en nú í byrjun september verður kvikmyndin Börn frumsýnd en hún er unnin af Vesturporti í Ragnars Bragasonar en síðar í vetur verður systurmynd hennar, Foreldrar, frumsýnd. **- khh**



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Leikur Gregor Samsa í Hamskiptunum eftir Kafka.

















**GOTT GLÁP**

*Inside Man: Kvikmynd eftir meistara Spike Lee sem kemur áhorfandanum á óvart*
*V for Vendetta: Stórkostlegt sjónarspil með Natalie Portman og Hugo Weaving í hörkuformi*
*Capote: Philip Seymour Hoffman í fantaformi sem sérvitri rithöfundurinn Capote*
*Syriana: Kvikmynd í ætt við Traffic með George Clooney fremstan í flokki*
*Transamerica: Felicity Huffman er stórkostleg í hlutverki kynskiptingsins Bree*

# bíó

bio@frettabladid.is

**KVIKMYNDANJÖRÐURINN: AUÐUNN BLÖNDAL, SJÓNVARPSMAÐUR**

## *Seagal í miklu uppáhaldi*





**Eftirlætis kvikmynd:**
Fight Club, mér fannst hún algjör snilld, sérstaklega í annað sinn þegar ég vissi hvað „plottið" væri. Cable guy og Goodfellas koma henni næst.

**Eftirminnilegasta atriðið:**
Róluatriðið með Jennu í kvikmyndinni Jenna Loves Rocco. Ekki fyrir viðkvæma.

**Uppáhaldsleikstjóri:**
Martin Scorsese. Hann er algjör snillingur.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Casey Ryback í Under Siege 1 og 2 enda Steven Seagal mikil hetja.

**Mesti skúrkurinn:**
Persónur sem Gary Oldman hefur leikið koma ofarlega í hugann. Hann var ótrúlega vondur í Leon og sú persóna hlýtur því þennan titil.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?**
Rene Zellweger í Jerry Maguire. Fannst myndin mjög góð en henni tókst að eyðileggja hana með setningum á borð við „You had me at hello".

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Hún myndi fjalla um þrjá útbrunna íslenska skemmtikrafta sem halda til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Sveppi og Pétur Jóhann myndi leika á móti mér og Kristófer Dignus, framleiðandi Strákanna, væri í leikstjórastólnum.



**AF HVÍTA TJALDINU**
**Þórarinn Þórarinsson**

## *Syndaselir í jakkafötum*

Sean Connery lýsti því yfir nýlega að hann væri hættur að leika í Hollywood. Langlundargeð þessa lífsreynda Skota er þrotið og hann nennir ekki lengur að vinna fyrir stóru kvikmyndaverin sem eiga það til að eyðileggja myndirnar hans.

Kallinn hefur heilmikið til síns máls og það verður ekki horft framhjá því að kvikmyndaverunum er stjórnað af baunateljurum í jakkafötum sem hafa ekki hundsvit á kvikmyndum. Hjá þessu liði snýst allt um aðsóknartölur, almenningsálit, prufusýningar og peninga. Jakkafataskríllinn horfir því stöðugt yfir axlir kvikmyndagerðarmanna í Hollywood og tekst oft á tíðum að kreysta fram breytingar á handritum. Þegar verst lætur komast þessir leiðinda bókarar með puttana í lokaklippinguna og leika sér að því að rústa höfundarverk leikstjórans.

Breytingarnar eru þá gerðar með hliðsjón af einhverjum markaðskönnunum og óljósri tilfinningu bissnissmannanna fyrir því hvað fólk vill sjá. Þrátt fyrir að þessi afskipti hafi ítrekað orðið til þess að fokdýrar risamyndir „floppi" lærir þetta fólk aldrei af reynslunni og heldur skemmdarverkunum áfram, blindað af gróðahugsjóninni einni.

Skrifstofublækurnar hjá stúdíóunum hafa yfirleitt hvorki þekkingu á kvikmyndasögunni né lágmarksskilning á eðli miðilsins. Rod Steiger lenti til dæmis í því á gamals aldri að vera spurður af einhverjum baunateljara hvort hann gæti talað með Suðurríkjahreim. „Ég hef fengið Óskar fyrir að tala eins og Suðurríkjamaður, helvítis fíflið þitt," var svarið og þarf engan að undra að gamla brýnið hafi móðgast yfir því að viðmælandinn hafi aldrei séð In the Heat of the Night.

Hinni drungalegu og frábæru spennumynd Seven lýkur á þessum orðum: „Ernest Hemingway skrifaði einu sinni, „heimurinn er fínn staður og þess virði að berjast fyrir,". Ég get tekið undir seinni hlutann." Sá heimur sem myndin lýsir er kaldur, myrkur og gegnsýrður af synd og mannlegri hnignun. Vonleysi er því það sem blasir við en þessum orðum var bætt við að kröfu kvikmyndaversins, sem vildi ekki leggja það á áhorfandann að ganga út úr kvikmyndahúsinu með það veganesti að heimurinn væri gjörsamlega á heljarþröm. Jakkafötin náðu þó ekki að eyðileggja Seven en þessi lokaorð eru fullkomlega óþörf, trufla stemninguna og spilla heildaráhrifunum.

Ein besta hrollvekja síðustu áratuga, The Wicker Man, lenti illa í stúdíóvítinu og allt útlit var fyrir að hún kæmist aldrei fyrir sjónir almennings og er fyrir vikið til í þremur misgóðum útgáfum. Þessi breski gullmoli hefur nú verið endurgerður í Hollywood með Nicolas Cage í aðalhlutverki og maður hlýtur því að búa sig undir það að kvikmyndaverið muni með nýju myndinni míga yfir frummyndina. The Wicker Man var hæg og það gerðist merkilega lítið í henni en endirinn var svo áhrifaríkur að heildin gekk fullkomlega upp. Endirinn er því miður ætíð helsta áhugamál viðskiptamógúlanna og hann má helst ekki vera slæmur þannig að það er full ástæða til að óttast The Wicker Man að hætti Hollywood.



# Örlagabytta á hvíta tjaldinu

**Factotum heitir opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar Iceland Film Festival 2006. Myndin byggir á samnefndri skáldsögu Charles Bukowski og fer Matt Dillon með hlutverk Henry Chinaski, hliðarsjálfs Bukowskis. Dillon er staddur hér á landi ásamt leikstjóra myndarinnar, framleiðanda og meðleikara sínum.**



**AÐSTANDENDUR FACTOTUM** Frá vinstri: Jim Stark, Matt Dillon, Marisa Tomei og Bent Hamer. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hálftími er liðinn síðan blaðamannafundurinn átti að hefjast. Jim Stark framleiðandi, Bent Hamer leikstjóri og Marisa Tomei leikkona eru löngu kominn en það bólar hvergi á Matt Dillon. Loksins birtist hann þó í andyrinu, með gusti, og biðst hinn auðmjúkasti velvirðingar á töfinni.

Dillon er vörpulegur maður eins og sagt er og virkar ólíklegur kandídat í hlutverk Henry Chinaski, metnaðarlausa alkóhólistans sem þvælist á milli starfa, rekinn áfram af þeirri kvöð einni að redda sér skotsilfri fyrir áfengi og þaki yfir höfuðið. Dillon skilar sínu hins vegar merkilega vel og og tekst að ljá heldur fráhrindandi karakter bæði sjarma og hlýju.

**Efaðist um hlutverkið**
Leið Dillon að hlutverkinu lá í gegnum Jim Stark. „Ég og Jim eru gamlir vinir og honum datt ég fljótlega í hug í aðalhlutverkið. Ég þekki bækur Bukowskis vel og var vissulega áhugasamur, en ekki viss um að ég væri rétti maðurinn í hlutverkið því ég er ekki þessi Bukowski-týpa. En eftir að hafa lesið handritið og kynnst Bent Hamer lét ég til leiðast."

**Heillaðist af hreinskilninni**
Dillon kveðst fyrst og fremst hafa heillast af hreinskilni Bukowskis; örlagafyllibyttunni sem var knúinn áfram af þránni til að skrifa. Charles Bukowski fæddist í Þýskalandi árið 1920 en ólst upp, lifði og dó í Los Angeles í Bandaríkjunum. Eftir hann liggja nokkrar skáldsögur, sem flestar byggja á hans eigin lífi, og urmull ljóðabóka og smásagnasafna. Hann lést árið 1994 og hafði þá rétt séð glitta í þá vinsældir sem verk hans hafa náð í seinni tíð.

„Bukowski og Chinaski verða ekki skildir í sundur. Hann var margslunginnn karakter. Valdi sína leið og lifði lífinu á eigin forsendum en var svo fullkomlega metnaðarlaus á mörgum sviðum. Lét sig bara líða í gegnum lífið. Þetta er allt öðruvísi persóna en ég hef nokkurn tímann leikið og ég hef aldrei leikið af jafn mikilli hægð og í þessari mynd. Jafnvel þegar mér fannst ég vera orðinn of hægur, þá sagði Bent mér að svona ætti þetta nákvæmlega að vera."

**Að fanga anda Bukowskis**
Bukowski er afskaplega amerískur rithöfundur en leikstjóri myndarinnar er norskur. Hamer segir það vissulega hafa áhrif á myndina að hann sjálfur er ekki bandarískur. „Það hefði getað brugðið til beggja vona en ef rétt er að staðið er hollt að fá utanaðkomandi sjónarhorn á söguna og við föllum vonandi síður í þá gryfju að draga upp klisjukennda mynd af karakternum. Handritið er líka byggt á mikilli samvinnu okkar Jim og leikaranna þar sem við kappkostuðum umfram allt að fanga anda bóka Bukowskis. Að því leyti gerðum við engar málamiðlanir. Og ég held að það hafi tekist." Undir þetta tekur Dillon og bendir á að þótt Bukowski sverji sig í mjög í bandaríska hefð virki verk hans framandi í augum margra landa hans.

**Vill hlutverk sem ögra**
Hægt er að sjá Matt Dillon í tveimur afar ólíkum myndum í kvikmyndahúsum borgarinnar um þessar mundir: Factotum og gamanmyndinni You, Me and Dupree. Spurður hvort því fylgi áhætta fyrir leikara í Hollywood að leika annars vegar í ódýrum „listrænum" myndum („gæðamyndum" eins og Hamer kallar þær) og hins vegar markaðsvænni myndum segist hann ekki líta á að svo sé. „Maður verður að gera hvort tveggja. Það er svo mikið af hæfileikaríku fólki að taka áhættu og gera frábæra hluti fyrir lítið fé. Ég vil helst leika hlutverk sem ögra mér. Það er vissulega fínt að vera með eigið búningsherbergi," segir hann og hlær, „ en mér finnst það best þegar ég fæ það á tilfinninguna að það sé ekki verið að gera hlutina peninganna vegna heldur ánægjunnar. Þannig var það með þessa mynd - það ríkti virkilega góður andi á meðan við tókum hana og það skilar sér vonandi á hvíta tjaldið."

bergsteinn@frettabladid.is

## *Dagskrá IFF næstu daga*

**FIMMTUDAGUR**

**SÝNDAR Í REGNBOGANUM**
17.45 The Wind that Shakes the Barley
18.00 Winter Passing
18.00 Leonard Cohen. I'm Your Man
20.00 Paris, je t'aime
20.00 Volver
20.00 Factotum
22.00 The Book of Revelation
22.10 Dave Chapelle's Block Party
22.10 Kitchen Stories

**SÝNDAR Í HÁSKÓLABÍÓ**
17.40 The Libertine
17.40 The Sisters
17.40 An Inconvenient Truth
19.30 Bjólfskviða
20.00 An Inconvenient Truth
20.00 A Cock and Bull Story
20.00 Jasmine Women
22.00 The Libertine
22.15 Where the Truth Lies
22.40 Looking for Comedy in the Muslim World

**FÖSTUDAGUR**

**SÝNDAR Í REGNBOGANUM**
17.40 Volver
17.50 Romance and Cigarettes
18.00 Angel-A
20.00 Jack Stevenson - eiturlyf
20.00 Three Burials of Melquiades Estrada
20.00 THe Wind that Shakes the Barley
22.10 Factotum
22.15 Tiger And the Snow
22.30 Paris Je T'aime

SÝNDAR Í HÁSKÓLABÍÓ
17.40 Where The Truth Lies
17.50 Looking for Comedy in the Muslim World
18.00 A Cock and Bull story
20.00 The Libertine
20.00 Where The Truth Lies
20.00 The Sisters
22.15 A Cock and Bull Story
22.30 The Libertine
22.30 Jasmine Women

**ÚR VERINU**



Chris Nolan tók sér tíma til að vísa á bug sögusögnum um hugsanlegt leikaraval fyrir næstu Batman-myndina, Dark Knight. „Hvorki Sean Penn, Ryan Phillippe né Philip Seymour Hoffman munu leika í myndinni," sagði Nolan á blaðamannafundi fyrir ekki margt löngu en þegar hefur verið tilkynnt að Heath Ledger muni leika Jókerinn. Nolan sagði einnig að hann ætlaði ekki að hengja sig við fyrstu myndina heldur hefði hún einmitt verið tækifærið til áfram með söguna um Leðurblökumanninn. „Við ætlum að gera eitthvað allt annað," sagði Nolan.



Framleiðendur kvikmyndarinnar World Trade Center hafa gefið góðgerðasjóðum sem tengjast hryðjuverkaárásunum 11. september í New York tæplega þrjár milljónir Bandaríkjadala en þetta er í samræmi við yfirlýsingar Paramount-kvikmyndafyrirtækisins um að gefa fimm prósent af hagnaði af miðasölu á myndina. World Trade Center hefur halað inn fimmtíu milljónir bandaríkjadala í Bandaríkjunum en hún segir frá tveimur lögreglumönnum sem voru með þeim síðustu út úr rústum Tvíburaturnanna. Aðalhlutverkið leikur Nicolas Cage en leikstjórinn er hinn umdeildi Oliver Stone.



Scarlett Johansson verður sérlegur gestur á opnunarhátíð kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum en þá verður frumsýnd kvikmyndin Black Dahlia þar sem leikkonan fer með aðalhlutverkið. Eins og Fréttablaðið greindi frá sá Heba Þórisdóttir um förðun leikkonunnar í myndinni en meðal annarra stjarna sem reiknað er með að mæti til Ítalíu má nefna Rachel Weisz og Kenneth Brannagh. Sigurvegari kvikmyndahátíðarinnar fer síðan heim með Gullna ljónið en í fyrra voru það smalastrákar Ang Lee í Brokeback Mountain sem fóru heim með styttuna.


Nýtt hjá Eurosko
...frábær verð!
VERÐ: 5.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 40-46
VERÐ: 11.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 9.995 kr. STÆRÐIR: 41-46
VERÐ: 10.995 kr. STÆRÐIR: 41-46
VERÐ: 7.995 kr. STÆRÐIR: 40-45
HÖNNUN GREIND
VERÐ: 5.995 kr. STÆRÐIR: 36-40
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-40
VERÐ: 2.995 kr. STÆRÐIR: 20-32
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 21-39
VERÐ: 2.995 kr. STÆRÐIR: 20-32
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 21-39
Haust 2006
FRÁBÆR VERÐ!
EURO SKO
Kringlan 568 6211
*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG PRENTVILLUR



**> Prófaðu...**
að taka til í skápunum og minnka birgðirnar af leirtaui. Það er ótrúlegt hvað uppvaskið léttist þegar maður á minna af glösum.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR KENNARI OG KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

## *Myndi aldrei borða lóu*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Allra tegunda af ávöxtum, ekki spurning. Fyrsta minningin um mat? Það er hákarl. Ég borðaði bara skrýtinn mat þegar ég var lítil og leit ekki við sælgæti. Ég vildi bara hákarl og súran hval!
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég er svo mikil matmanneskja að ég get ekki nefnt einhverja ákveðna máltíð. Ég hlakka alltaf til breytinganna sem árstíðirnar hafa í för með sér. Núna þegar það fer að hausta hlakka ég til að borða góða, íslenska kjötsúpu. Besta máltíðin er það sem er ferskt á hverri árstíð.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, hákarl. Ég borðaði hann í bílferð einu sinni og varð alveg heiftarlega bílveik. Eftir það hef ég ekki getað borðað hann.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Leyndarmálið mitt er að gera tilraunir og prófa sig áfram. Ég stunda tilraunastarfsemi, reyni að taka eftir bragði þegar ég fer út að borða og reyni að endurskapa það.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ekki sælgæti, frekar bara góðan og bragðmikinn mat. Mér finnst alltaf gott að fara til Sigga Hall, vinar míns.
**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ómalaðar kaffibaunir í frystinum og mjólk til að geta gert latte. Oft harðfisk, en alltaf ab-mjólk, ávexti og müslí.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Bát til að komast í land! Í honum mætti vera ab-mjólk, müslí, ávextir og vatn, auðvitað. Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Slanga í Singapore. Það skrítnasta sem ég hef séð í búð var knippi af lóum, vorboðanum okkar, í kjötbúð í Lúxemborg. Lóuna myndi ég aldrei borða!



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR
**> EINAR LOGI VIGNISSON**

## Haustið er vínáhugamannsins

Haustið er ekki bara uppskerutími á vínekrum heldur líka oft skemmtilegasti tími ársins fyrir vínáhugamenn. Veitingastaðirnir fara af stað með þemadaga þar sem iðulega er boðið upp á góð vín á hagstæðu verði. Villibráðin er þar gjarnan í aðalhlutverki og stór og mikil vín með. Einnig fara hjólin að snúast með ýmsum uppákomum á vegum Vínþjónasamtakanna, erlendir framleiðendur fara að koma í heimsókn hingað á norðurhjara og síðast en ekki síst fer Vínskólinn af stað með vetrardagskrána. Skólann stofnaði Dominique Plédel Jónsson um miðjan síðastliðinn vetur og hefur vakið athygli fyrir skemmtileg námskeið og fjörlegar ferðir til helstu vínhéraða Evrópu. Fimm námskeið eru fyrirhuguð í september og tvær vínferðir, til Bordeaux og Jerez. Ferðin til Bordeaux 7. september verður stutt og hnitmiðuð. Í lok mánaðarins heldur svo Dominique til Jerez en eins og margar borgir á Suður-Spáni hefur Jerez mjög sterkar hefðir og vínrækt er ein af þeim. Skráningar á námskeiðin og í ferðirnar auk frekari upplýsinga eru á vefnum vinskolinn.is.

Segja má að vínhaustinu hafi verið þjófstartað á Menningarnótt með vínuppboði Globus sem haldið var í fimmta sinn á Hótel Holti laugardaginn 19. ágúst. Þar var einmitt títtnefnd Dominique uppboðshaldari ásamt Einari Thoroddsen og voru þau leiftrandi skemmtileg á þessu vel heppnaða uppboði. Sum vín fóru á margföldu verði umfram það sem gefið var upp í uppboðsgögnum en sumir gerðu líka reyfarakaup. Eftirminnilegustu vínin segir Dominique hafa verið magnum flösku frá Baron Pichon de Longeuville 1991 (sjaldgæfur árgangur sem fáir náðu að bjarga frá frostinu) og Camus Cognac Pionneau 1969. Til eru 4.864 flöskur af þessu koníaki í heiminum og er það skammtað til umboðsaðila. Einungis 300 rötuðu til Bandaríkjanna þar sem flaskan er seld á 1.200 dollara. Flaskan á uppboðinu fór hinsvegar á ásettu verði, 37.000 kr, og verða það að teljast góð kaup.



**VERT AÐ SPÁ Í:** Dugnaður íslenskra birgja við að ná sér í þau dýrari vín sem framleiðendur skammta er lofsverður. Gerir Hótel Holti o.fl. auðveldara að vera með vínseðla á heimsmælikvarða.



**BRAGI SKAFTASON** Vill að landsmenn nýti sólpalla sína til að grilla á vetrarmánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Eldar af mikilli natni

**Bragi Skaftason er lífeyrisráðgjafi hjá Spron og Netbankanum. Hann sér um eldamennskuna á heimili sínu og gefur sér góðan tíma í hana.**

„Ef eldamennskan tekur ekki langan tíma er hún sjaldnast erfiðisins virði,“ segir Bragi sposkur. „Þetta er algjör þumalputtaregla hjá mér. Ef maður þarf ekki að sinna henni af natni er hún venjulega annars flokks,“ bætir hann við. Bragi segist grilla árið um hring. Aðspurður um hvort hann noti gasgrill segir hann svo ekki vera. „Ég er ekki hrifinn af gasgrillum, það er svo leiðinlegt að fá ekki kolabragðið af kjötinu. Það skiptir öllu máli þegar maður grillar,“ segir Bragi og segir kolagrillið ekki halda aftur af honum að vetri til. „Nú eru flestir komnir með svo fína sólpalla að það væri til skammar að nýta þá ekki eftir að hafa eytt miklum peningum í þá.“

**STEIKTUR STEINBÍTUR MEÐ HVÍTVÍNSVALHNETUSÓSU**
**800 g steinbítur**
**3 hvítlauksrif**
**talsvert smjör**
**rifin basilika**
**75-100 g valhnetur**
**1 ½ dl hvítvín**
**1 ½ dl fiskikraftur**
**salt & pipar**
**hunang eftir þörfum**

Skerið steinbítinn í þykka bita. Þeir eru snöggsteiktir í 1-2 mínútur við háan hita í smjöri, hvítlauk og basiliku, kryddaðir með örlitlu maldon salti og grófum svörtum pipar. Setjið svo í ofnfast mót og inn í ofn á ca. 60°C í 10-15 mínútur. Myljið valhnetur og skellið á pönnuna án þess að þrífa pönnuna á milli og bætið við smjöri ef þarf. Þegar valhneturnar eru orðnar örlítið mjúkar má bæta við fiskikrafti og hvítvíni og skafa skófirnar og blanda þeim saman við. Látið sjóða niður um einn þriðja. Sósan er svo þykkt með smjöri. Það þarf að passa að sósan sé ekki á suðu þegar verið er að þykkja því þá gæti hún skilið sig. Ef sósan þykir of súr er ráð að bæta örlitlu hunangi við til að tóna á móti hvítvíninu. Ég ber fiskinn fram með gufusoðnu grænmeti. Það má líka nota löngu eða karfa, sem er vanmetinn matfiskur, í staðinn fyrir steinbít.

**LAMBAFILLET MEÐ BLÓÐBERGI**
**4 lambafillet með fitu**
**2 hvítlauksrif**
**blóðberg í óhófi**
**1 dl ólífuolía**
**1/3 dl balsamedik**
**salt & pipar**
**birkigrein**

Þetta finnst mér vera hin fullkomna aðferðafræði við að grilla þetta hágæða hráefni sem lambið er. Hvítlaukurinn er saxaður smátt og honum blandað saman við olíuna, balsamedikið og blóðbergið. Ég hef enga reglu á hversu mikið ég nota af blóðbergi. Bragðið sem það gefur er svo íslenskt og gott að ég kann mér ekki hóf þegar kemur að því. Skerið grunnar rákir í fituna og nuddið grófu salti í þær. Örlitlum pipar er svo stráð yfir lambið og það sett í löginn og látið standa í 8-12 klukkutíma. Skellið vænni birkigrein á grillið rétt áður en kjötið fer á teinana. Það gefur lambinu gott birkireykbragð sem setur punktinn yfir i-ið. Kjötið er sett á grillið með fituna fyrst og snúið einu sinni áður en það er sett ofar á grillið til að brenna það ekki. Lambakjöt er best sem fersk og því má ekki grilla það of lengi. - sun

## VEITINGASTAÐURINN

## *Í staðinn fyrir sultugerð*

Eftir sumar sem reyndist höfuðborgarbúum nokkuð erfitt er nætur-frostið nú yfirvofandi. Þeir sem ekki enn hafa drifið sig í berjamó munu því væntanlega verða af berjauppskeru þetta árið. Það er algeng haustsýsla að sjóða sultu í hlýju eldhúsi, en einhverjir gætu misst af þeirri ánægju þetta árið. Það er þó ekki ástæða til að örvænta þó að grunnt sé á bláberjum og krækiberjum. í búrskápnum, eða næstu matarbúð, má finna ýmislegt sem gæti komið í stað sultugerðar. Matreiðslubækur luma á uppskriftum að ýmiss konar mauki úr öllu frá eplum að eggaldini. Það ætti einnig hver sem er að geta búið sér til eigin kryddolíu og með góða jómfrúarólífuolíu sem uppistöðu má þreifa sig áfram uppáhaldskryddtegundirnar. Basilíka og steinselja fara vel með ólífuolíu, en það er um að gera að láta hugann reika. Eins og með sultugerðina verða öll ílát að vera sótthreinsuð. Eftir að kryddjurtir hafa legið í bleyti í olíunni í viku er rétt að fjarlægja þær og hella olíunni yfir í annað sótthreinsað ílát, sem svo má skreyta með heilum greinum af þeim kryddjurtum sem voru notaðar. Ef söknuður eftir sultugerð er enn sterkur er um að gera að nú krukku. Þá má föndra rauðköflótt lok, merkja í bak og fyrir og stilla krukkunni upp í hillu.



**ÓLÍFUOLÍA** Jómfrúarólífuolíu má nota sem uppistöðu í hvers kyns kryddolíur.






## So You Think You Can Dance -

4. september

Dansinn hefst á ný...
Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. Þetta er önnur serían af þessum þáttum sem hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og var m.a. langvinsælasti þáttur FOX sjónvarpsstöðvarinnar í sumar.

## 8th and Ocean -

4. september

Framleiðendur Laguna Beach eru hér komnir með nýja þáttaröð frá South Beach í Miami þar sem fylgst er með ungum krökkum sem þrá ekkert heitar en að verða fyrirsætur. Módelin þurfa að ganga í gegnum öll þau erfiði sem hinn harði heimur tískunnar býður upp á og fáum við að fylgjast með krökkunum í baráttunni.







## Newlyweds -

4. september

Þriðja serían af hjónakornunum og sambandi þeirra. Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey út í gegn. Það styttist í 2 ára brúðkaupsafmæli þeirra og lífið er ekki alltaf dans á rósum. Myndavélar fylgja skötuhjúunum hvert fótmál og fá áhorfendur að sjá hvert gullkornið á eftir öðru fara í loftið. Nú getur þú séð hvernig fræga fólkið er í raun heima hjá sér því þetta er nú bara venjulegt fólk...eða hvað?? Nær sambandið að halda fyrir framan myndavélarnar eða brestur eitthvað hjá þeim? Þú vilt ekki missa af Newlyweds.

## Rock School -

5. september

Hinn skrautlegi Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss tekst á við eitt erfiðasta verkefni sitt til þessa í sjónvarpsþáttunum Rock School. Gene hefur aðeins 6 vikur til þess breyta 13 ára krökkum, sem hingað til hafa eingöngu spilað klassíska tónlist í alvöru rokkara. Krakkarnir þurfa að fara í áheyrnarprufur semja lög og taka þau upp undir styrkri stjórn Gene. Allt þetta gera þau til þess að undirbúa sig fyrir lokaverkefnið sitt sem er að hita upp fyrir þungarokkshljómsveitina Motorhead þar sem 5000 manns munu vera fyrir framan sviðið. En eru nemendurnir tilbúnir til þess að skipta klassískri tónlist út fyrir rokk? Ræður Gene við pressuna og stressið sem fylgir því að kenna krökkunum?







## Rescue Me -

5. september

Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62. Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11.september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.
Denis Leary var tilnefndur til Emmy verðlauna fyrir leik sinn í þessari seríu og nú þegar er búið að ákveða að framleiða fjórðu þáttaröðina sem sýnir vinsældir þáttanna.

SIRKUS TV

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Prestur bloggar fyrir fermingarbörn

Séra Carlos Ari Ferrer fer ótroðnar slóðir í fermingarfræðslu sóknarbarna sinna en hann mun bjóða upp á bloggsíðu þar sem börnin geta sótt verkefni eða spurt út í fræðsluna.

„Hugmyndin með síðunni er að gefa krökkunum möguleika á að sækja verkefni inn á hana og spyrja spurninga,“ segir séra Carlos. „Síðan er líka mér til hægðarauka því þarna geymi ég fræðsluefni sem ég þarf hvort eð er að vinna. Á síðunni get ég líka stjórnað því hverjir setja inn athugasemdir og tekið út það efni sem er ekki viðeigandi.“


SÉRA CARLOS Presturinn í Hafnarfirði og Vogum bryddar upp á nýjungum við fermingarfræðsluna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem séra Carlos reynir þetta því fyrir tíu árum prufukeyrðu þeir Axel Árnason svipaða síðu. „Það var í árdaga netsins og fyrir þann tíma sem internetið var orðið almennt. Ég sé það hins vegar á krökkunum mínum að þau eru farin að blogga sjálf og heimsækja mikið af öðrum bloggsíðum. Ég vildi því vera í takt við tímann eins og Stuðmenn sögðu,“ segir Carlos, sem býst við að fermingarfræðsluvefurinn muni vaxa með tímanum.

Fermingarfræðslan hjá Carlosi mun hefjast fyrstu vikuna í september en hann stýrir fermingarfræðslu í tveimur sóknum, Kálfatjarnarkirkju í Vogum og Ástjarnarsókn í Hafnarfirði.

„Það horfir í að það verði tæplega sextíu krakkar hjá mér í sóknunum tveimur og ég hef nokkra daga til að fínpússa síðuna,“ segir bloggpresturinn Carlos Ari Ferrer. - kh


FERMINGARFRÆÐSLA Börnin sem Carlos fermdi í fyrra misstu af tækifærinu til að víða að sér fróðleik um ferminguna á bloggsíðunni hans. Næsti hópur, sem hefur fræðsluna í byrjun næsta mánaðar, fær hins vegar tækifæri til þess.

# Ógleymanleg stund

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns og Gospelkór Reykjavíkur halda tónleika í Laugardalshöll þann 15. september.

Öll lögin verða útsett sérstaklega með hliðsjón af hinum rómaða kór, sem er annálaður fyrir innblástur og kraftmikla túlkun.

Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórsins, lofar hörkutónleikum. „Þetta verður ógleymanleg stund. Ég fullyrði að fólk labbar út brosandi allan hringinn og á eftir að tala um þetta í langan tíma,“ segir hann.


SÁLIN HANS JÓNS MÍNS Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns spilar með Gospelkór Reykjavíkur hinn 15. september.

Auk Sálarinnar og Gospelkórs Reykjavíkur, sem telur hátt í þrjátíu manns, mun brasssveit Jagúars koma fram ásamt Ásgeiri Óskarssyni úr Stuðmönnum sem leikur á slagverk. Óskar sjálfur mun síðan sjá um píanóleik. „Við tökum öll þekktustu lögin þeirra frá a til ö. Þetta spannar þeirra tímabil nánast frá upphafi,“ segir Óskar og bætir við að tvö ný lög með Sálinni verði frumflutt.

Tónleikarnir verða hljóð- og myndritaðir og er stefnt á útgáfu í nóvember.

Miðasala á tónleikana fer fram á stöðvum Esso á Ártúnshöfða og í Fossvogi, í Skífunni, BT og á midi.is. Aðeins verður selt í sæti. Miðaverð er 4.000 kr á B-svæði og 5.000 á A-svæði. - fb


HÖNNUÐURINN Aníta er að vinna í Frúnni í Hamborg á Akureyri en heldur til Bretlands í hinn fræga Central Saint Martins hönnunarskóla í september. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS




# Herratískan heillar

„Mér finnst karlmannsfatnaður bara skemmtilegri,“ segir hin tvítuga Aníta Hirlekar sem nýverið fór að selja fatahönnun sína í versluninni KVK á Laugaveginum. Aníta er búsett á Akureyri og hannar bara karlmannsföt, sem þykir ansi óvanalegt fyrir stúlku á hennar aldri enda mun fleiri sem snúa sér fyrst og fremst að hönnun kvenfatnaðar. „Mér finnst mun meiri ákorun að hanna karlmannsfatnað enda komst ég að því þegar ég byrjaði að það eru ekki til nein snið fyrir karlmenn,“ segir Aníta og bætir því við að henni þykir miklu skemmtilegra að fá hrós frá karlmönnum fyrir fötin því að það sé sjaldgæfara.

Aníta er með fatahönnunina í blóðinu en mamma hennar, Anna Gunnarsdóttir, er einnig hönnuður og segist Aníta hafa lært allt um hönunn frá henni. Þrátt fyrir að vera bara nýskriðin út úr menntaskóla ætlar Aníta sér stóra hluti í framtíðinni en í september heldur hún út til London í hinn fræga hönnunarskóla Central Saint Martins þar sem hún mun verða á undirbúningsnámskeiði til áramóta. „Ég verð í London til áramóta og svo held ég örugglega áfram þar eða fer til Parísar, mekka tískunnar,“ segir Aníta sem örugglega mun láta til sín taka í heimi tískunnar í framtíðinni. - áp


FLOTT Skemmtilegt hettuvesti úr smiðju Anítu.


GLÆSILEGT Aníta hefur verið iðin við kolann síðan hún útskrifaðist úr menntaskóla og er nú farin að selja hönnun sína í KVK á Laugavegi.


HERRAPEYSA Flott peysa sem notið hefur mikilla vinsælda meðal karlpeningsins.

# Umdeildir tónleikar

Þrjár af umdeildustu hljómsveitum síðari ára koma saman á tónleikum í Laugardalshöll næstkomandi þriðjudagskvöld.

Fyrsta ber að telja bandarísku hljómsveitina Bloodhound Gang sem hefur haldið tvenna tónleika hér á landi og átt lög á vinsældalistum. Auk þess koma fram á tónleikunum íslensku hljómsveitirnar Dr. Mister & Mr. Handsome, XXX Rottweiler og Touch.

XXX Rottweiler tók sér stutt frí og kemur nú tvíefld til leiks eins og hljómsveitin sannaði á Arnarhóli á Menningarnótt. Þar kom hún einmitt fram ásamt Dr. Mister & Mr. Handsome sem hefur komið fjórum lögum í efstu sæti vinsældalistanna í sumar.

Hljómsveitin Touch hefur átt tvö vinsæl lög að undanförnu og koma þau út á nýrri plötu sveitarinnar í haust.


ROTTWEILER XXX Rottweiler er byrjuð á nýjan leik og spilar í Höllinni á þriðjudag.

Miðasala á tónleikana, sem hefjast klukkan 20.00, fer fram í verslunum Skór.is í Kringlunni og Smáralind og á midi.is.

# TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
**GRAFARHOLTINU**
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



**Frábær tilboð - Mikið úrval af Ecco, Lloyd og Ara - Frábær tilboð**

# SKÓSPRENGJAN

## Í 10 DAGA (31.ÁGÚ. - 9.SEPT.)

**STÍGVÉL FRÁ:**

Ecco
Donna Carolina
Manaz
Sanita
Maripé
JOEsanches
Zinda
MaryB
o.fl.

**MIKIÐ ÚRVAL**

# 50% AFSLÁTTUR

FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR!

## Á DÖMU STÍGVÉLUM!



PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA

Útsöluvörur frá Steinar Waage, Ecco búðunum og Eurosko kringlunni

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16







# Neitar sögusögnum um skilnað

Háværar raddir hafa verið uppi um að Bruce Springsteen og eiginkona hans til fimmtán ára, Patti Scialfa, séu að skilja. Nú hefur Bruce skrifað skilaboð á vefsíðuna sína þess efnis að ekkert sé hæft í þessum sögusögnum. „Vegna þeirra leiðu sögusagna sem birst hafa á síðum blaða undanfarna daga get ég ekki orða bundist. Ég og Patti höfum verið saman í átján ár - bestu átján ár ævi minnar. Við höfum byggt upp fallega fjölskyldu sem við elskum og viljum vernda. Skuldbinding okkar gagnvart hvort öðru er eins sterk og daginn sem við giftumst,“ segir Springsteen á heimasíðunni. Söngvarinn hefur verið orðaður við konu nokkra sem varð ekkja í hryðjuverkaárásunum þann 11. september 2001 en þau munu hafa hist við undirbúning góðgerðarsamkomu og hermir sagan að nú hrikti í stoðum hjónabands Bruce og Patti vegna sambands hans við ekkjuna, þó að Bruce neiti þessu staðfastlega. ■



**VERNDAR FJÖLSKYLDUNA** Bruce Springsteen segir ekkert hæft í sögum þess efnis að önnur kona sé í spilinu.




# Skilur sáttur við Trabant

**Trommuleikarinn Þorvaldur Gröndal hefur sagt skilið við hljómsveitina Trabant. Sveitin mun starfa áfram og fylgja breiðskífunni Emotional eftir í Bretlandi.**



**TRABANT** Hljómsveitin mun starfa áfram þrátt fyrir brotthvarf Dodda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er bæði glaður og leiður. Þetta er bara eitthvað sem varð að gerast fyrir mína parta,“ segir Þorvaldur Gröndal trommuleikari, sem er hættur í hljómsveitinni Trabant. „Það er engin dramatík á bak við þetta. Ástæðan er einfaldlega breyttar aðstæður heima fyrir, ég varð pabbi í janúar og hef þar af leiðandi ekki eins mikinn tíma fyrir þetta. Þetta var komið á það stig að það var erfitt að vera með á fullu í þessu fyrirtæki,“ segir Þorvaldur. Hann segir að þessi ákvörðun hafi verið í farvatninu í nokkurn tíma og vonast til þess að Trabant haldi áfram að blómstra. „Svona mannabreytingar þurfa ekki að þýða neinn heimsendi. Eflaust kemur eitthvað frábært út úr þessu fyrir Trabant. Ég skil að minnsta kosti sáttur við sveitina. Það er alveg frábært að hafa tekið þátt í þessum tveim breiðskífum, Bessastaðaplötunni og öllum smáskífunum. Svo var þetta líka frábær ferðaskrifstofa. Maður náði alveg að taka út Interrail-árin sem maður náði ekki,“ segir Þorvaldur. Hann segist þó alls ekki vera hættur að fást við tónlist: „Ég verð áfram í tónlistinni, það er pottþétt.“



**DODDI GRÖNDAL** Trommuleikarinn knái er hættur í Trabant. Hann telur sig ekki geta einbeitt sér nógu vel að bandinu eftir að hann varð pabbi í ársbyrjun.

„Þetta þýðir ekki að bandið sé dautt þó þetta sé auðvitað leiðinlegt. Ég hef unnið með Dodda í yfir tíu ár og á eftir að sakna hans,“ segir Viðar Hákon Gíslason, gítarleikari Trabant. Hann segir það öruggt mál að hljómsveitin muni starfa áfram.

Trabant-menn eru þó ekki enn byrjaðir að leita að eftirmanni Dodda. „Við ætlum að fylgja plötunni þegar hún kemur út í Englandi á næstunni og verðum komnir með nýjan mann þá.“

**hdm@frettabladid.is**

# Cruise með nýjan samning

Leikarinn Tom Cruise, sem var sparkað á dögunum frá kvikmyndasamsteypunni Paramount Pictures, hefur skrifað undir nýjan samning sem gefur honum aðeins einn þriðja af fyrri launum sínum. Cruise hefur í samráði við umboðsmann sinn, Paulu Wagner, skrifað undir samning við Daniel Snyder, forstjóra skemmtigarðakeðjunnar Six Flags, sem hljóðar upp á 20 milljónir dollara á ári en það er aðeins þriðjungur af launum hans hjá Paramount. Cruise og Wagner munu því halda áfram og framleiða kvikmyndir og það líður örugglega ekki langur tími þar til við munum sjá Cruise aftur á hvíta tjaldinu.



**TOM CRUISE** Leikaranum var sparkað frá Paramount Pictures en hefur nú skrifað undir nýjan samning. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE VIP | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| LADY IN THE WATER | KL. 5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-7-8-10 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 3:45 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 10:10 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3:45 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| *LADY IN THE WATER | KL. 6-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 6 | LEYFÐ |
| MIAMI VICE | KL. 8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-10:45 | B.I. 12 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SNAKES ON A PLANE | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| THE SENTINEL | KL. 8 | B.I. 14 |
| HALF LIGHT | KL. 10:10 | B.I. 16 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| 5 CHILDREN & IT | KL. 6 | LEYFÐ |
| LADY IN THE WATER | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |

| | | |
|---|---|---|
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 5:45-8 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 10:15 | B.I. 12 |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| BJÓLFSKVIÐA BOÐSSÝNING | KL. 7:30 | B.I. 16 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | KL. 5:40-8 | LEYFÐ |
| WHERE THE TRUTH LIES | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| THE LIBERTINE | KL. 5:30-10 | B.I. 12 |
| A COCK AND BULL STORY | KL. 8 | B.I. 16 |
| THE SISTERS | KL. 5:30 | B.I. 12 |
| JASMIN WOMEN | KL. 8 | B.I. 12 |
| LOOKING FOR COMEDY IN THE MUSLIM WORLD | KL. 10:40 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**ANGELINA JOLIE** Misbauð foreldrum Brads Pitt í fimm ára afmælisboði Maddox með því að framreiða áfengi í veislunni. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Full í barnaafmæli

Leikkonan Angelina Jolie féll ekki í kramið hjá tilvonandi tengdaforeldrum sínum í fimm ára afmælisveislu Maddox sonar síns. Barinn var opinn í afmælinu og foreldrum Brads sýndist leikkonan vera full allan tímann. Foreldrar Pitts eru mikið bindindisfólk og því fannst þeim ekki hæfa að framreiða áfengi í barnaafmæli. Einnig mun Jolie varla hafa virt tengdaforeldra sína viðlits í afmælinu og var þeim svo misboðið að fjölskylda Pitts fór úr afmælinu fyrir tilsettan tíma.

# Útgáfutónleikar Mannakorna

Í tilefni af þrjátíu ára samstarfi Mannakorna er kominn út tónleikaplatan Ekki dauðir enn frá Sögum útgáfu.

Upptökur fóru fram í Salnum Kópavogi þar sem þeir Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson fengu til liðs við sig valinkunna tónlistarmenn ásamt fjögurra manna strengjasveit í tilefni afmælisins.

Öll bestu lög Mannakorna eru á þessari plötu í öflugum útsetningum. Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða á Stóra sviði Borgarleikhússins þriðjudaginn 5. september kl. 20.00 og 22.00 og í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 6. og 7. september kl. 20.30. Sérstakur gestur á tónleikum Mannakorna verður hin unga og efnilega söngkona Hrund Ósk Árnadóttir sem m.a. sigraði í Söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2005 og söng þjóðhátíðarlagið sem Magnús samdi nú í ár.



**MANNAKORN** Hljómsveitin Mannakorn hefur gefið út tónleikaplötuna Ekki dauðir enn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


NÝTT Í BÍÓ



TAKK FYRIR AÐ REYKJA!

8 hver vinnur!

Sendu SMS skeytið JA TRF á númerið 1900 og þú gætir unnið miða fyrir tvo. Vinningar eru bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir og margt fleira

SMS LEIKUR

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

CINTAMANI

Cintamani kynnir:

ICELAND FILM FESTIVAL 2006

Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september

Í KVÖLD: Galasýning á BJÓLFSKVIÐU að viðstöddum Gerard Butler og fleiri góðum gestum.

ALMENN SALA Á AFSLÁTTARPÖSSUM HEFST Í DAG KL. 10:00 Í SKÍFUNNI Á LAUGAVEGI OG Á WWW.MIDI.IS



„Þessi Gerard má sko vera Butlerinn minn hvenær sem er!“
- JÖKULL

www.icelandfilmfestival.is

Iceland Film Festival iff

ICELANDAIR | ICELANDAIR HOTELS | FRÉTTABLAÐIÐ | Tanqueray | Háskólabíó | REX



## Til hamingju

Við óskum Valsstúlkum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn. Þær gáfu öllum sögum um að Breiðablik myndi valta yfir mótið langt nef, spiluðu besta fótboltann og eiga titilinn skilinn. Innilega til hamingju.

**sport**

sport@frettabladid.is

HÓLMAR ÖRN RÚNARSSON: GÆTI VERIÐ Á LEIÐ TIL DANMERKUR FYRR EN ÆTLAÐ VAR

# *Silkeborg og Keflavík að ræðast við*



Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson gæti verið á leið til Silkeborg í Danmörku fyrr en ætlað var en hann hefur þegar skrifað undir samning við félagið sem tekur gildi hinn 1. janúar næstkomandi.
Fyrr í mánuðinum hófust samningaviðræður milli Silkeborgar og Keflavíkur um að Hólmar kæmi til Danmerkur áður en félagaskiptaglugginn lokast á miðnætti í kvöld en þær viðræður sigldu í strand.
„Viðræðurnar lágu niðri fram yfir leikinn á mánudag og svo var þráðurinn aftur tekinn upp í gær," sagði Rúnar Vífill Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.
„Ég get ekkert sagt til um hvort að við finnum lausn á málinu í tæka tíð. Það er snúið eins og er en slík mál geta líka verið fljót að leysast. Ég gæti vel trúað því að það yrði unnið í þessu fram á síðustu stundu."
Rúnar segir helmingslíkur á því að félögin nái samkomulagi en þó beri enn mikið í milli. „En þetta þokast áfram og gæti smollið saman þá og þegar."
Hólmar vissi lítið um gang viðræðna þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Það gæti vel verið að félögin komist að samkomulagi en ég hreinlega veit ekki hvernig málin standa nú."
Keflavík vann Víking nú á mánudagskvöldið í undanúrslitum bikarkeppninnar og Hólmar segir það freistandi að taka þátt í bikarúrslitaleiknum með félögum sínum. „En það liggur ljóst fyrir að ef félögin ná samkomulagi í tæka tíð þá fer ég auðvitað strax út."
Hjá Silkeborg leikur félagi Hólmars úr Keflavík, Hörður Sveinsson, og Valsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson.

## > Ætlar út í haust

Knattspyrnukonan Margrét Lára Viðarsdóttir mun að öllum líkindum ganga til liðs við erlent félag nú á haustmánuðunum en hún sagði við Fréttablaðið í gær að sín mál væru í biðstöðu sem stendur. „Ég mun klára tímabilið með Val en vil fara út núna strax í haust, jafnvel þótt ég fái ekki leikheimild fyrr en 1. janúar."



Hún var í fyrra orðuð við þýska úrvalsdeildarliðið Potsdam sem Valur mætti í fyrra í Evrópukeppni félagsliða. Hún segir að það komi enn til greina að ganga til liðs við félagið. „Það gæti vel verið en það eru fleiri möguleikar í stöðunni. En það er þó fyrst og fremst verið að horfa til Þýskalands," sagði Margrét Lára.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Landsbankadeild kvk:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-VALUR | 0-4 |

**0-1 Guðný** Björk Óðinsdóttir (2.), 0-2 Margrét Lára Viðarsdóttir (35.), 0-3 Katrín Jónsdóttir (54.), 0-4 Margrét Lára Viðarsdóttir (63.).

| | |
|---|---|
| KR-ÞÓR/KA | 8-1 |
| BREIÐABLIK-FYLKIR | 6-2 |
| FH-STJARNAN | 0-9 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **13** | **12** | **0** | **1** | **87-8** | **36** |
| BREIÐABL. | 13 | 11 | 0 | 2 | 64-14 | 34 |
| **KR** | **13** | **9** | **0** | **4** | **70-22** | **27** |
| STJARNAN | 13 | 8 | 0 | 5 | 36-23 | 24 |
| **KEFLAVÍK** | **13** | **6** | **0** | **7** | **40-33** | **18** |
| FYLKIR | 13 | 4 | 0 | 9 | 14-71 | 12 |
| **ÞÓR/KA** | **13** | **1** | **0** | **12** | **14-65** | **3** |
| FH | 13 | 1 | 0 | 12 | 6-93 | 3 |

### *Þýski handboltinn:*

MINDEN-GÖPPINGEN 20-33

**Einar Örn Jónsson** skoraði 5 mörk fyrir Minden og **Snorri Steinn Guðjónsson** tvö. **Jaliesky Garcia** skoraði tvö mörk fyrir Göppingen.

DÜSSELDORF-LEMGO 32-34

**Logi Geirsson** 5/1 skoraði fimm mörk fyrir Lemgo en **Ásgeir Örn Hallgrímsson** ekkert.

GROSSWALLSTADT-WETZLAR 32-25

**Einar Hólmgeirsson** skoraði 4 mörk fyrir Grosswallstadt en **Alexander Petersson** 5.

MAGDEBURG-LUBBECKE 32-26

**Þórir Ólafsson** skoraði fjögur mörk fyrir Lubbecke

WILHELMSHAVENER-GUMMERSBACH 35-37

**Gylfi Gylfason** skoraði 5 mörk fyrir Wilhelmshavener. **Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 5 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** 6.

FLENSBURG-MELSUNGEN 32-30

# „Við erum Íslandsmeistarar"

**Valsstúlkur eru Íslandsmeistarar kvenna í knattspyrnu eftir sigur liðsins á Keflavík í gær, 0-4. Það er aðeins mjög fjarlægur tölfræðilegur möguleiki á því að Breiðablik nái að vinna upp forskot Valsstúlkna.**

**FÓTBOLTI** „Við erum meistarar, Íslandsmeistarar," sungu Valsstúlkur eftir góðan 4-0 sigur á liði Keflavíkur suður með sjó í gærkvöldi. Það voru um 80 áhorfendur sem sáu Val nánast gulltryggja sér Íslandsmeistarartitilinn en þegar ein umferð er eftir er forskot liðsins á Breiðablik þrjú stig en markatala Vals er það sterk að þótt Valur tapaði 10-0 fyrir botnliði FH í lokaumferðinni þyrftu Blikastúlkur að vinna tæplega 30 marka sigur á Þór/KA norðan heiða á sama tíma.

„Ég held að Breiðablik þurfi að hafa fleiri en ellefu menn inni á vellinum ætli þær sér að skora um 40 mörk," sagði glaðbeitt Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, eftir leik. „Við þurfum ekki að þakka neinum öðrum en sjálfum okkur fyrir þennan titil og er það ljúft að hafa endurheimt hann."

Það tók Valsstúlkur ekki nema rétt rúma mínútu að komast á blað er Guðný Óðinsdóttir skoraði fyrsta mark leiksins eftir góðan undirbúning Margrétar Láru Viðarsdóttur en hún var sjálf á skotskónum á 35. mínútu er hún skoraði sitt 34. mark í sumar.



**ÍSLANDSMEISTARAR** Valsstúlkur voru kátar og sungu og trölluðu eftur sigurinn í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Í síðari hálfleik héldu yfirburðir Vals áfram og bætti Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals, við þriðja markinu er hún skoraði af stuttu færi eftir hornspyrnu Margrétar Láru. Það var svo Margrét sjálf sem skoraði fjórða markið á 63. mínútu er hún fékk háa sendingu inn á teig frá Guðnýju, tók boltann laglega niður og þrumaði viðstöðulaust í mark Keflavíkur.

„Það var ákveðinn skrekkur í stelpunum fyrir leikinn enda vantaði okkur að gulltryggja okkur titilinn. Þetta var því góður sigur, við skoruðum fjögur góð mörk og gerðum það sem við þurftum til að vinna leikinn," sagði Elísabet.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**




A&Ú
Anna & útlitið
&
The Academy of Colour and Style
ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



*Anna F. Gunnarsdóttir*

Stundaskrá

1. Önn: Litgreining, Förðun út frá litgreiningu, Litasamsetning

2. Önn: Fatastíll, Fatasamsetning, Textill

Starfsmöguleikar: Innkaupastjóri, Útlitsráðgjafi, Stílisti, Verslunarstjóri

**Kristín**, *ráðgjafi*



*Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, liti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lifandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.*

**Birna,** *verslunareigandi - Stílistinn*



*Það hefur alltaf verður draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.*

**Skjöldur Mio,** *tískuráðgjafi*



*Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN




**BORUBRATTUR** Hannes Þorsteinn Sigurðsson var bjartsýnn er hann kom til Stoke en dvöl hans þar var ekki eins og hann hafði vonast til.

Hannes Sigurðsson laus frá Stoke City:

# Seldur til Bröndby fyrir tæpar 40 milljónir króna

**FÓTBOLTI** Hannes Sigurðsson var í gær seldur frá Stoke City til danska stórliðsins Bröndby. Kaupverðið er ekki gefið upp en fjölmiðlar í Stoke segja það vera í kringum fjörutíu milljónir króna og eru sammála um að Stoke megi vel við una að fá slíka upphæð fyrir leikmann sem aldrei sýndi neitt hjá Stoke.

Fram kemur á heimasíðu Bröndby að Hannes hafi skrifað undir þriggja ára samning við félagið en hann er staddur í Belfast með íslenska landsliðinu og mun ekki hitta hina nýju félaga sína fyrr en eftir helgina.

Hannes, sem er 23 ára, er uppalinn FH-ingur en þaðan fór hann til Viking í Noregi. Í ágúst árið 2005 var hann síðan keyptur til Stoke City en þar fékk hann aldrei almennilegt tækifæri og var oftar en ekki notaður á kantinum en Hannes er framherji að upplagi.

Salan á Hannesi markar ákveðin tímamót því nú er enginn Íslendingur í herbúðum félagsins lengur og íslensku eigendurnir þar að auki búnir að selja, þannig að Stoke er laust við öll íslensk tengsl.

**- hbg**

Middlesbrough safnar liði fyrir komandi átök:

# Jonathan Woodgate og Robert Huth til Boro

**FÓTBOLTI** Jonathan Woodgate og Robert Huth gengu í gær til liðs við Middlesbrough. Woodgate kemur til liðsins frá spænska liðinu Real Madrid að láni í eitt ár en Huth skrifaði undir fimm ára samning við Middlesbrough eftir að liðið keypti hann frá Chelsea á sex milljónir punda.

Huth var nálægt því að ganga til liðs við Middlesbrough fyrr í sumar en stóðst ekki læknisskoðun. Hann er að vísu enn meiddur en Middlesbrough ákvað samt sem áður að kaupa hann áður en lokað yrði fyrir leikmannakaup.

„Báðir leikmennirnir hafa eitthvað að sanna og það góða við það er að þeir vilja gera það hjá Middlesbrough. Ég er í skýjunum," sagði Gareth Southgate, stjóri Middlesbrough.

Þetta er enn eitt tækifærið sem Woodgate fær en ferill hans síðustu ár er ein samfelld sorgarsaga þar sem hver meiðslin reka annað. Hann þótti um tíma efnilegasti varnarmaður Englands og þrátt fyrir öll meiðslin á síðustu árum er enn fjölda knattspyrnuspekinga sem hefur tröllatrú á honum. - dsd



**JONATHAN WOODGATE** Hefur ekki náð að spila marga leiki með spænska liðinu Real Madrid en fær tækifæri hjá Boro. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Hefur ekkert spilað á tímabilinu en hver veit hvað þjálfaraskiptin þýða fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Fær nýjan þjálfara

**FÓTBOLTI** Peter Neururer, þjálfara Hannover í þýsku úrvalsdeildinni, hefur verið sagt upp störfum. Einungis eru búnir þrír leikir af leiktíðinni en Hannover hefur tapað þeim öllum. Íslenski sóknarmaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson leikur með Hannover en hefur ekkert fengið að spreyta sig það sem af er tímabilinu.

Neururer tók við liðinu í nóvember á síðasta ári og náði að landa liðinu í tólfta sæti á síðasta tímabili. Nú er bara að bíða og sjá hvort þessi tíðindi séu góð eða slæm fyrir okkar mann, Gunnar Heiðar. - dsd

Cristiano Ronaldo:

## Man. Utd rétta liðið fyrir mig

**FÓTBOLTI** Eftir uppákomuna á HM í sumar á milli þeirra félaga Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney efuðust margir um að Ronaldo ætti afturkvæmt í ensku úrvalsdeildina og var hann m.a. orðaður við spænsku liðin Real Madrid og Valencia.

„Ég vissi að ég fengi að heyra það frá áhorfendum gegn Charlton en ég var rólegur," sagði Ronaldo.

„Manchester United er rétta félagið fyrir mig. Ég sagði einu sinni að ég myndi vilja leika á Spáni einhvern tímann en ef það gerist ekki þá er það ekkert vandamál. Ég er ennþá mjög ánægður hérna," bætti Ronaldo við. - dsd



**CARMELO ANTHONY** Hefur spilað mjög vel á HM. Hér er hann í baráttu við Dirk Nowitzki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

HM í körfubolta:

## Öruggur sigur Bandaríkjanna

**KÖRFUBOLTI** Átta liða úrslitum á HM í körfubolta lauk í gær með tveimur leikjum. Grikkir lögðu Frakka 73-56 og þá báru Bandaríkjamenn sigurorð á Þjóðverjum 85-65. Carmelo Anthony var stigahæstur í liði Bandaríkjanna með 19 stig í gær en hjá Þjóðverjum voru þeir Dirk Nowitzki og Ademola Okulaja stigahæstir með 15 stig hvor.

Í undanúrslitum mætast annars vegar Spánverjar og Argentínumenn og hins vegar Bandaríkjamenn og Grikkir en undanúrslitaleikirnir verða háðir á morgun. - dsd


Hægðu á ferðinni!

Ertu á eftir í vinnunni? Fáðu þér hraðari nettengingu.
Enginn tími til lesturs? Lærðu hraðlestur.
Skilar megrunarkúrinn ekki árangri? Farðu í fitusog.
Enginn tími til að elda? Fáðu þér örbylgjuofn.

Nú á dögum asa og æðis eru allt of margir í stöðugu kapphlaupi við tímann og sífellt að stytta sér leiðir og reyna að gera hlutina hraðar. Bókin, *Lifum lífinu hægar*, kennir okkur hvernig við getum hægt ferðina en samt gert flest hratt og notið þess mun betur. Lifum og njótum.






Höfundur bókarinnar, Carl Honoré, mun halda opinn fyrirlestur um hæglætishreyfinguna, "The Slow Revolution", í IÐU húsinu, Lækjargötu 2a, í kvöld klukkan 20.00. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

Edda
edda.is

# Mjög kaflaskipt sumar hjá okkur

**Björgólfur Hideaki Takefusa er leikmaður 15. umferðar í Landsbankadeild karla í knattspyrnu að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði bæði mörk KR í sigri liðsins á Eyjamönnum og hefur nú skorað alls níu mörk.**

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa, sóknarmaður hjá KR, er leikmaður 15. umferðar í Landsbankadeild karla en hann skoraði bæði mörk liðsins þegar KR-ingar lögðu Eyjamenn að velli, 2-0, í Frostaskjóli og skildu þar með ÍBV eftir í mjög slæmum málum. KR-ingar hafa verið á uppleið að undanförnu og hafa ekki tapað í fjórum síðustu leikjum sínum í deildinni, sitja sem stendur í 3. sæti með 23 stig. Björgólfur hefur nú skorað níu mörk í Landsbankadeildinni og er næstmarkahæstur ásamt Jóhanni Þórhallssyni hjá Grindavík.

„Þetta var voðalega kaflaskipt hjá okkur í byrjun sumars, við áttum góða leiki og inni á milli áttum við skelfilega leiki. En núna seinni partinn finnst mér við hafa verið þéttari, spilað betri bolta og komið miklu meira jafnvægi í liðið,“ sagði Björgólfur í samtali við Fréttablaðið. „Það var svona frekar þungt yfir okkur í fyrri hluta móts af því að það var ekkert að ganga og það er erfitt að fara í gegnum svona rússíbana þar sem það er frábær leikur og skelfilegur leikur á víxl. En eftir að við byrjuðum að spila aðeins betur og vinna fleiri leiki þá er mórallinn og andinn mun léttari þannig að það er ekki hægt að kvarta yfir þessu núna,“ sagði Björgólfur, sáttur við gengið upp á síðkastið.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, byrjaði undirbúningstímabilið snemma fyrir þetta sumar og lét lið sitt æfa töluvert meira en venja er hér á landi. Björgólfur sagði það hafa verið töluverð viðbrigði fyrir leikmennina. „Fyrir okkur sem erum annaðhvort í skóla eða vinnu var að fara svo að æfa tvisvar á dag töluverð viðbrigði. Það getur vel verið að þetta hafi aðeins setið í mönnum í byrjun tímabils. Svo létti Teitur á þessum æfingum og það hefur skilað sér.“

Miklar væntingar voru gerðar til KR-liðsins fyrir sumarið og Björgólfur sagði að það sama ætti við hjá leikmönnunum. „Ég held að allir leikmenn liðsins hafi nú gert þær kröfur til sjálfs síns að vinna hvern einasta leik þannig að vissu leyti erum við kannski ekkert himinlifandi með okkar frammistöðu í sumar. En þess ber því að geta að við erum komnir í úrslit í bikarnum og erum í 3. sæti í deildinni þannig að árangurinn er nú ekki skelfilegur,“ sagði Björgólfur.

KR-ingar urðu fyrir blóðtöku fyrr í sumar þegar Rógvi Jacobsen yfirgaf liðið en það virðist ekki hafa haft umtalsverð áhrif. Á hinn bóginn minnkaði samkeppnin hjá Björgólfi um sæti í liðinu. „Ég er náttúrulega feginn, þannig lagað séð. En mér fannst á sínum tíma skelfilegt að missa hann því hann er frábær leikmaður og frábær liðsfélagi. Það væri mjög gott að hafa hann ennþá og það er alveg hægt að segja að þetta var mikill missir fyrir liðið enda, eins og ég sagði, frábær leikmaður.“

Eins og áður kom fram er KR komið í undanúrslit í bikarkeppninni og í 3. sæti í deildinni og því er enn góður möguleiki á Evrópusæti. „Þetta er algjörlega í okkar höndum. Ef við náum að koma vel gíraðir í næstu fjóra leiki og vinna þá, endum við í 2. sæti og sem bikarmeistarar. Það verður mjög erfitt að ná þessum árangri en þetta er það sem við stefnum að,“ sagði Björgólfur að lokum, ánægður með tilnefninguna leikmaður umferðarinnar.

dagur@frettabladid.is



BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA Skoraði tvö mörk í síðasta deildarleik KR. Hér er hann í leik liðsins gegn Þrótti á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




LIÐ UMFERÐARINNAR



ASHLEY COLE Verður líklega ekki seldur og þarf að einbeita sér að Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ashley Cole:

## Á að einbeita sér að Arsenal

**FÓTBOLTI** Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, hefur skorað á Ashley Cole að einbeita sér alfarið að Arsenal nú eftir að ljóst þykir að hann verði ekki seldur til Chelsea. Cole hefur ekkert leikið með aðalliði Arsenal á tímabilinu en lék þó með varaliðinu gegn Charlton á mánudaginn. Það þykir benda til þess að Arsenal ætli sér ekki að selja hann.

„Hann er frábær leikmaður og ef hann ætlar sér að vera áfram hjá okkur þá vona ég að hugarfar hans sé rétt,“ sagði Hill-Wood við fjölmiðla í gær. - dsd

Leikmannakaup:

## Pongolle til Spánar

**FÓTBOLTI** Florent Sinama-Pongolle gekk í gær í raðir spænska liðsins Recreativo Huelva og skrifaði þar undir eins árs samning.

Pongolle var lánaður til Blackburn á síðasta tímabili en hann hefur aldrei náð að festa sig í sessi hjá Liverpool frá því að hann gekk til liðs við félagið fyrir þremur árum síðan frá Le Havre í Frakklandi.

Neil Mellor, fyrrum félagi Pongolle hjá Liverpool, hefur einnig yfirgefið Anfield eftir að Preston festi kaup á stráknum. - dsd






GARÐAR MEÐ KR Hér er Garðar Jóhannsson í leik með KR gegn FH fyrr í sumar.

Mál Garðars Jóhannssonar skýrist vonandi í dag:

## Viljum fá Garðar hvernig sem fer

**FÓTBOLTI** Garðar Jóhannsson er aftur kominn til Íslands eftir stutta dvöl hjá Fredrikstad í Noregi en í síðustu viku skrifaði hann undir þriggja og hálfs árs samning við félagið. Norska knattspyrnusambandið neitaði hins vegar að staðfesta félagaskipti hans þar sem hann hafði þegar leikið með tveimur félögum, Val og KR, á nýju almanaksári hjá FIFA. Samkvæmt reglum þess má hann því ekki spila með þriðja félaginu fyrr en nýtt tímabil hefst, þann 1. júlí 2007.

Morgan Andersen, framkvæmdastjóri Fredrikstad, sagði við Fréttablaðið í gær að félagið hefði sent öll sín gögn til FIFA og beðið um undanþágu fyrir Garðar á þeim forsendum að hann hafi verið atvinnumaður hér á Íslandi. „Við vitum ekki neitt eins og er og bíðum nú eftir viðbrögðum frá FIFA,“ sagði Andersen en alþjóðlegi félagaskiptaglugginn lokast á miðnætti í kvöld og yrði því málið að leysast fyrir þann tíma ætli Garðar að leika með liðinu á núverandi tímabili.

„Við viljum meina að Garðar hafi verið áhugamaður hjá Val þar sem þau laun sem hann þáði þar hafi verið til að bæta upp það vinnutap sem hann varð fyrir vegna knattspyrnunnar. Ef FIFA fellst ekki á þau rök verðum við að finna lausn með Val og Garðari um næsta félagaskiptaglugga,“ sagði Andersen en næsti gluggi opnast um áramótin.

Hann segir þó að félagið vilji fá Garðar, þótt síðar verði. „Við reynum að hugsa til framtíðar. Við höfum átt góð samskipti við Val og vonandi finnum við lausn þar sem Garðar geti klárað tímabilið með Val og komið svo til okkar aftur.“

Andersen segir aðspurður að viðbrögð norska knattspyrnusambandsins hafi komið sér á óvart. „Fyrst íslenska knattspyrnusambandið samþykkti félagaskiptin bjuggumst við ekki við því að það norska myndi ekki samþykkja þau. Við héldum að reglurnar sem ríkja á Íslandi um félagaskipti myndu skera úr um hvort hann gæti spilað í Noregi eða ekki. En við vissum ekki að hann hefði spilað með tveimur íslenskum félögum í júlí,“ sagði Andersen. - esá

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FYRSTI ÞÁTTUR Í OPINNI DAGSKRÁ

Síminn
Styður við bakið á KF Nörd

# KF NÖRD HEFST Í KVÖLD KL. 21

## ER HÆGT AÐ BREYTA MESTU NÖRDUM LANDSINS Í ALVÖRU KNATTSPYRNULIÐ?

### ÁSKRIFTARTILBOÐ

**2.470 kr. á mánuði***
Sýn til 5. janúar í viðbót við Stöð 2.
Sýn Extra fylgir frítt með.

**4.370 kr. á mánuði***
Sýn til 5. janúar.
Sýn Extra fylgir frítt með.

*gegn eingreiðslu

sýn
besta sætið





**LUCAS NEILL** Er eftirsóttur af Liverpool þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Mark Hughes:

## Hafnar tilboði frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Samkvæmt fréttum í gær hafnaði Mark Hughes, framkvæmdastjóri Blackburn, tilboði frá Liverpool í Ástralann Lucas Neill. Neill á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við Blackburn og hefur látið hafa það eftir sér að hann sé ekki líklegur til að skrifa undir nýjan samning.

Lucas Neill þótti leika mjög vel með ástralska landsliðinu á HM í sumar og vakti athygli nokkurra liða, m.a. Newcastle og Tottenham, en Liverpool er eina liðið sem hefur boðið í leikmanninn.

- dsd

Glasgow Celtic:

## Gravesen til Skotlands

**FÓTBOLTI** Danski landsliðsmaðurinn Thomas Gravesen skrifaði í gær undir þriggja ára samning við skosku meistarana í Glasgow Celtic. Kaupverðið er talið vera um tvær milljónir punda.

„Ég er mjög ánægður með að ganga til liðs við Celtic, eitt stærsta félag í heimi,“ sagði Gravesen í gær eftir viðskiptin. „Ég ræddi við framkvæmdastjórann, formanninn og aðra hjá félaginu og ég er mjög spenntur yfir þessu öllu saman.“

- dsd

Viltu vinnu með skólanum?
Nærri heimili þínu?
Nærri skólanum þínum?
Hafðu samband við verslunarstjóra í þeirri Bónusverslun sem þú hefur áhuga á að vinna í.

BÓNUS
Þú getur líka sótt um starf í Bónus inn á bonus.is.

# Neikvæð umræða hefur áhrif á framtíðaráætlanir dómara

**Alvarleg staða gæti komið upp í Landsbankadeildinni í fótbolta en fjórir af reynslumestu dómurum landsins gætu verið að hætta. Þeir tala um að neikvæð umræða um þeirra störf hafi stór áhrif á ákvörðun þeirra. Formaður dómaranefndar segir nauðsynlegt að skoða málið og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða.**



**ERT EKKI AÐ GRÍNAST, DÓMARI?** Það er hvorki auðvelt né þakklátt starf að vera dómari í efstu deild á Íslandi. Neikvæð umræða í garð dómara er farinn að gera það að verkum að þeir íhuga að hætta dómgæslu. Ólafur Ragnarsson fær hér að heyra það frá Ólafi Stígssyni og Bjarni Guðjónsson hlær að dómnum FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að fjórir af reynslumestu dómurum landsins leggi flautuna á hilluna eftir sumarið. Gylfi Orrason dæmdi sitt síðasta tímabil í Landsbankadeildinni í fyrra og hættir endanlega eftir sumarið og þrír aðrir reynslumiklir dómarar íhuga að hætta eftir þetta tímabil. Þeir eru Ólafur Ragnarsson, Egill Már Markússon og Gísli Hlynur Jóhannsson en sá síðastnefndi hefur reyndar ekkert dæmt í sumar vegna meiðsla. Svo gæti einnig farið að nokkrir af reynslumestu aðstoðardómurunum hætti einnig.

Ef þrímenningarnir skyldu hætta þarf klárlega að taka inn nýja dómara og nokkrir af okkar bestu dómurum efast um að þeir séu tilbúnir. Tveir nýir dómarar hafa bæst við á undanförnum misserum en það eru Einar Örn Daníelsson og Eyjólfur Magnús Kristinsson.

Næstu menn inn eru síðan dómarar á borð við Leikni Ágústsson, Sævar Jónsson og Hans Scheving. B-hópur dómara er annars áhugaverður en hann er tvískiptur þar sem helmingur hópsins er skipaður mönnum sem eru komnir yfir fertugt og af því hafa dómarar nokkrar áhyggjur.

**Liggja undir feldi**

Þeir Ólafur, Egill og Gísli sögðust allir liggja undir feldi þessa dagana en ekki hafa tekið endanlega ákvörðun. Ólafur, sem er 47 ára, ætlaði að hætta eftir síðasta tímabil en snerist síðan hugur. Hann ætlar ekki að ákveða sig fyrr en eftir áramót en aðspurður sagðist hann í mesta lagi taka eitt tímabil í viðbót.



**KOMINN MEÐ NÓG?** Ólafur Ragnarsson sýnir hér skemmtileg tilþrif.

Egill Már, 42 ára, sagði aðspurður að nokkur leiði væri kominn í hann eftir sextán ár í efstu deild og að hann væri að íhuga alvarlega að hætta. Gísli Hlynur, 40 ára, sagði ágætt að fylgjast með úr fjarlægð til tilbreytingar en hann hefði ekki fundið til mikillar löngunar að snúa aftur miðað við það sem hefði gengið á þetta sumarið.

**Ekki gaman lengur**

Sérstaka athygli vakti hjá undirrituðum að nánast allir þeir dómarar sem rætt var við í gær voru sammála um að meint stöðug neikvæð umræða um störf dómara - hjá leikmönnum, þjálfurum og fjölmiðlamönnum - gerði það að verkum að þeir hefðu ekki eins gaman af þessu og áður. „Þetta umhverfi og þessi neikvæða umræða gerir það að verkum að maður nennir þessu ekki lengur,“ sagði einn viðmælanda blaðsins í gær og margir aðrir tóku í svipaðan streng.

**Funduðu um málið**

Dómarar funduðu um stöðu mála fyrr í sumar þegar þeim var nóg boðið en á sama tíma voru tveir þjálfarar sektaðir fyrir ummæli í garð dómara. Halldór B. Jónsson, formaður dómaranefndar KSÍ, hefur ekki áhyggjur af stöðu mála en segir nauðsynlegt að fara yfir málin.

„Það er alltaf einhver endurnýjun og við verðum að taka á málunum í stað þess að hafa áhyggjur af þeim. Það kemur alltaf að því að við verðum að gefa nýjum mönnum tækifæri og mér líst ágætlega á suma af þeim mönnum sem eru að koma upp núna,“ sagði Halldór en hvað finnst honum um þau ummæli dómara að neikvæða umræðan sé farin að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra?

**Virðing nauðsynleg**

„Þetta er einn þáttur sem er ekki hægt að horfa framhjá en það er ljóst að umhverfið er annað með sífellt meiri umfjölun,“ sagði Halldór en hvað með þjálfarana sem dómarar hafa einnig áhyggjur af?

„Ég skil sjónarmið dómara og þeirra umkvartanir. Það er hægt að vinna að því að bæta þennan hlut og það hefur verið gert að nokkru leyti. Það þarf að gera fyrirbyggjandi aðgerðir og þessir hlutir eru uppi á borðum hjá okkur. Það er hægt að funda og vera í góðum samskiptum við félögin og koma þeim í skilning um að það sé nauðsynlegt að menn á þeirra vegum komi fram með ábyrgum hætti. Annars veltur þetta helst á því að allir sem tengjast boltanum beri virðingu hver fyrir öðrum,“ sagði Halldór sem útilokar ekki að sérstakt átak þurfi í þessum málum.

Hann mun ræða við alla þá dómara sem liggja undir feldi og reyna að hafa áhrif á ákvörðun þeirra.



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

ÚTSALAN
RISAÚTSALAN ER HAFIN!
Ótrúlegt úrval bíla af öllum stærðum og gerðum!
Nú er hafin glæsileg útsala á notuðum bílum hjá Ingvari Helgasyni.
Mikið úrval góðra bíla á enn betra verði. Líttu við og gerðu góð kaup.
ALLT AÐ 550.000 KR. AFSLÁTTUR!

Ingvar Helgason
NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.



**LEROY LITA** Skoraði sigurmark Reading gegn Middlesbrough í leik liðsins á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Reading:

## Sóknarmaður handtekinn

**FÓTBOLTI** Leroy Lita, sóknarmaður og samherji Ívars Ingimarssonar og Brynjars B. Gunnarssonar hjá Reading, var handtekinn í gær fyrir líkamsárás. Atvikið átti sér stað í miðbæ Bristol á Englandi en Lita var þar að skemmta sér laugardagskvöldið síðasta.

„Við fengum fréttir af þessu atviki og erum í sambandi við lögregluna í Bristol," sagði talsmaður Reading í gær en vildi ekki tjá sig frekar um málið. - dsd

Marion Jones:

## Tveggja ára bann?

**FRJÁLSAR** Bandaríska frjálsíþróttakonan Marion Jones á yfir höfði sér tveggja ára bann. Hún féll á lyfjaprófi á dögunum þegar lyfið erythropoietin fannst í lífsýni hennar en þetta lyf eykur þéttni rauðra blóðkorna og þar með súrefnisflutningsgetu blóðs og úthald. Seinna prófið mun verða rannsakað í þessari viku ef marka má lögfræðing hennar.

Jones, sem unnið hefur þrisvar til gullverðlauna á ólympíuleikum, hefur alltaf neitað því að hafa tekið árangursbætandi lyf og hefur aldrei áður fallið á lyfjaprófi. - dsd

Leikmannakaup:

## Stilian Petrov til Aston Villa

**FÓTBOLTI** Aston Villa gekk í gær frá kaupum á búlgarska miðjumanninum Stilian Petrov frá Celtic. Kaupverðið mun vera um átta milljónir punda. Lengi hefur verið vitað af áhuga Martins O'Neill, stjóra Aston Villa, á leikmanninum en O'Neill var á sínum tíma stjóri hjá Celtic áður en hann tók sér frí frá fótbolta til að annast veika eiginkonu sína.

Petrov er sem stendur í leikmannahópi Búlgaríu sem mætir Rúmenum og Slóvenum á næstu dögum en búast má við því að fyrsti leikur hans með Aston Villa verði gegn West Ham á útivelli hinn 10. september nk. - dsd





SKRÁNINGUM AÐ LJÚKA Á NÝJA UPPTÖKUSTJÓRNARNÁMSKEIÐIÐ

TÓNVINNSLUNÁM

Til að annast tónsmíðar, útsetningar, hljóðritun og eftirvinnu þarf þekkingu, einbeitingu og útsjónarsemi. Á aðalnámsbraut Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er leitast við að gera nemendur fullfæra um að semja eigið lag og koma því frá sér fullunnu.

Nemendur fá ítarlega leiðsögn á Pro Tools og Reason samhliða lagasmíðum og er farið í kjölinn á því sem þarf að vera á hreinu varðandi öll helstu tækniatriði hljóðversins. Að námsbrautinni lokinni ætti hver og einn að þekkja upptökuferlið frá grunni. Hljóðupptökuhluti námskeiðsins fer fram í einu glæsilegasta hljóðveri landsins; **Sýrlandi**.

Samhliða greinargóðu hljóðupptökunámi eru lagasmíði og upptökustjórn gerð rækileg skil. Nemendur fá nákvæmar leiðbeiningar um helstu atriði þessa krefjandi sviðs frá nokkrum af fremstu hljóðversmönnum landsins.

FARÐU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

SÝRLAND recording studios



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

Skráningarsími: 534 9090

ALLT AÐ 100% LÁN!

**SUBARU FORESTER CS**
Nýskráður 03.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 101 þús.



Verð áður: ~~1.160.000,-~~ Nú: 860.000,-

**NISSAN MICRA**
Nýskráður 10.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 125 þús.



Verð áður: ~~580.000,-~~ Nú: 380.000,-

**OPEL ZAFIRA COMFORT**
Nýskráður 03.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 112 þús.



Verð áður: ~~980.000,-~~ Nú: 680.000,-

**HYUNDAI SONATA**
Nýskráður 04.97 - Sjálfskiptur - Ekinn 71 þús.



Verð áður: ~~490.000,-~~ Nú: 250.000,-

**OPEL ASTRA 1.6GL**
Nýskráður 05.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 60 þús.



Verð áður: ~~1.190.000,-~~ Nú: 990.000,-

**SUZUKI LIANA 4WD**
Nýskráður 06.03 - Beinskiptur - Ekinn 61 þús.



Verð áður: ~~1.230.000,-~~ Nú: 940.000,-

**OPEL CORSA COMFORT**
Nýskráður 07.04 - Beinskiptur - Ekinn 53 þús.



Verð áður: ~~930.000,-~~ Nú: 690.000,-

**NISSAN ALMERA COMFORT**
Nýskráður 10.01 - Beinskiptur - Ekinn 92 þús.



Verð áður: ~~820.000,-~~ Nú: 630.000,-

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I sell guns to every army but the Salvation Army."**

Svar: Yuri Orlov úr kvikmyndinni Lord of War frá 2005.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SYRGIR BRÚÐKAUPSÞÆTTI EKKI

# *Bless, bless brúðkaup*

Haustið markar ákveðin tímamót hjá sjónvarpsstöðvunum eins og á öðrum vettvangi: þáttaraðir klárast og nýjar ryðja sér til rúms á dagskránni. Ég mun ekki sýta brúðkaupsþættina tvo sem nú hverfa af dagskrá Skjás eins sérlega mikið. Ég vildi reyndar geta sagt að Brúðkaupsþátturinn Já væri horfinn til að vera... horfinn. Ég óttast samt að nýtt sumar hafi í för með sér fleiri stíf brúðhjón sem svara stöðluðum spurningum á einstaklega óáhugaverðan hátt. Þar eftir þar horfist í augu við Elínu Maríu (eða á eilífa brosvipruna á andliti hennar) og segir að nei, það hafi ekkert sérstakt komið upp á, já, allt hafi gengið vel. Það er náttúrlega ánægjulegt fyrir blessuð brúðhjónin, en ótrúlega leiðinlegt sjónvarpsefni. Kannski þótti það krassandi á sínum tíma að fá innsýn í svona persónulegt augnablik í lífi fólks. Sú hugmynd var slæm frá byrjun, en kolféll á þeirri staðreynd að hér er um Íslendinga að ræða. Fólk með störu yfir kirkjugólfið, við undirleik hjartnæmrar tónlistar með Diddú eða Andrea Bocelli, er bara ekkert krassandi.

Whose Wedding Is It Anyway hafði meiri líkur á að ná að sefa glugga-gægjsþörf landsmanna þar sem að brúðhjónin í þeim þáttum eru bandarísk, en Bandaríkjamenn virðast fá mikið kikk út úr því að leyfa öðru fólki að fylgjast með dýpstu lægðum og hæstu hæðum þeirra, eins og kraðakið af veruleikaþáttum sem framleitt er þar í landi ber vitni. Ég bjóst við að Whose Wedding Is It Anyway myndi nýta sér þann þjóðarfjársjóð. En í staðinn fyrir að fá hroll yfir væmnum brúðhjónum gapti ég stórt yfir tilburðum mikilvægustu manneskj-anna í allri brúðkaupshringekjunni: skipuleggjendanna.

Ég hef nú ekki bara fengið ógeð á brúðkaupsþáttum, heldur brúðkaupum yfir höfuð. Ég vil hins vegar mælast til þess að íslensk brúðhjón, sem hafa í huga að taka þátt í framtíðarþátt-um af Brúðkaupsþættinum Já, ráði sér svona skipuleggjanda. Þeir gætu tekið að sér að svara stöðluðu spurningunum og kannski hrist eitthvað upp í Elínu Maríu.



**ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR** Brúðkaupsþátturinn Já mætti hverfa úr imbakassa landsmanna fyrir fullt og allt.



▶ **21.15** *Spenna*

LAUNRÁÐ



▶ **22.05** *Drama*

RARE BIRDS



▶ **21.00** *Veruleiki*

FABULOUS LIFE OF CAMERON DIAZ



▶ **20.35** *Gaman*

EVERYBODY HATES CHRIS



▶ **18.30** *Fréttir*

KVÖLDFRÉTTIR

### SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (14:31)

**18.30 Sammi svali og Súsí sæta**
**18.45 Sögurnar okkar (12:13)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Geimskotið (4:6)** (Rocket Man)Bresk þáttaröð um mann í velskum bæ sem á sér þann draum að smíða eldflaug.
**21.10 Kastljós – molar**
▶ **21.15 Launráð (92)** (Alias V) Bandaríska spennuþáttaröð. Jennifer Garner er í aðalhlutverkinu og leikur Sydney Bristow, háskólastúlku sem hefur verið valin og þjálfuð til njósnastarfa á vegum leyniþjónustunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mannamein (7:10)** (Bodies) Ekki við hæfi barna.

**23.20** Aðþrengdar eiginkonur (30:47) **0.00** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (19:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 Jamie Oliver – með sínu nefi (2:26)** (Oliver's Twist)
**20.30 Big Love (1:13)** (Margföld ást)
**21.20 Bones (19:22)** (Bein) Brennan er send til New Orleans þar sem þekkingar hennar er þörf við að bera kennsl á illa leikin fórnarlömb fellibylarins Katrinu. Bönnuð börnum.
▶ **22.05 Rare Birds** (Fágætir fuglar) Lítil og lúmsk kvikmynd eftir Vestur-Íslendinginn Sturla Gunnarsson.
**23.45** Huff (11:13) (Bönnuð börnum)

**0.35** Hustle (1:6) **1.30** The Faculty (e) (Stranglega bönnuð börnum) **3.15** The Barber of Siberia **6.10** The Simpsons (19:22) (e) **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (5:10) (e)**
**20.00 Seinfeld** (The Chinese Woman)
**20.30 Twins (14:18)** (Sneaks And Geeks)
▶ **21.00 Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Cameron Diaz) Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með þotuliðinu í Hollywood. Hver stjarnan af annarri er tekin undir smásjána og áhorfandinn fær að fylgjast með hinu hversdagslega lífi stjörnunnar..
**21.30 Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Princes William & Harry)
**22.00 Pípóla (8:8)**
**22.30 X-Files** (Ráðgátur)

**23.20** Smallville (16:22) (e) **0.05** Seinfeld **0.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.15** Beautiful People (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Run of the House (e)**
**20.10 Everybody loves Raymond** Robert er alltaf jafn öfundssjúkur út í bróður sinn og foreldrarnir vægast sagt þreytandi, en þau búa í næsta húsi og koma oftar í heimsókn en þeirra er óskað.
▶ **20.35 Everybody Hates Chris**
**21.00 Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar** Magni er orðinn að þjóðhetju. Hvað gerir hann nú.
**22.00 C.S.I: Miami** Ung kona stendur í skilnaði og þegar hún fer að skrifa undir skilnaðarpappírana er hún myrt.
**22.55 Jay Leno** Leno sem tekur á móti frægu fólkinu í sjónvarpssal er alltaf jafn léttur og kátur.

**23.40** America's Next Top Model VI – NÝTT! (e) **0.35** Beverly Hills 90210 (e) **1.20** Melrose Place (e) **2.05** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

▶ **18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **8.00** The Five Senses **10.00** 50 First Dates **12.00** Dodgeball: A True Underdog Story **14.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **16.00** The Five Senses **18.00** 50 First Dates **20.00 Dodgeball: A True Underdog Story** **22.00 Intermission** (Millikaflar) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Master and Commander: The Far Side of the World (Bönnuð börnum) **2.15** Possible Worlds **4.00** Intermission (Stranglega bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**14.00** Fulham – Bolton **16.00** Charlton – Man Utd **18.00** Middlesboro – Portsmouth
**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.
**21.00 Upprifjun 2005-2006 (e)**
**22.00 Man City – Arsenal**
**0.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **2.00** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Tyra Banks **15.00** THS Supermodels: Beyond Skin Deep **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Naomi Campbell **20.00** THS Kate Moss **21.00** Sexiest European Stars **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Naomi Campbell **1.00** THS Kate Moss **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

KF Nörd *Sýn kl. 21.00*

### *Áfram KF Nörd!*




Hvað gerist þegar 16 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta eru þjálfaðir af einum besta þjálfara landsins, Loga Ólafssyni, í þrjá mánuði? KF Nörd eru nýir raunveruleikaþættir þar sem fylgst er með knattspyrnuliði skipuðu 16 nördum allt frá fyrstu æfingu fram að lokaleiknum við sjálfa Íslandsmeistarana.
Þátturinn er byggður á erlendri fyrirmynd sem slegið hefur í gegn í Evrópu og nú er nördaæðið einnig komið til Íslands. Við höfum séð frændur vora Svía og Dani reyna hið sama á undanförnum mánuðum þar sem árangurinn var vægast sagt merkilegur. Ekki vegna knatttækni heldur vegna spaugilegra atvika og ótrúlegra framfara hjá nördunum. Sannast endanlega hið fornkveðna að það sé töff að vera nörd... eða ekki? Dæmi hver fyrir sig því þátturinn er í opinni dagskrá.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 4 | 3 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 5 | 9 | | | 4 | |
| | | 9 | 6 | | | 7 | | |
| | 6 | 8 | | | | | 1 | |
| | 7 | | | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | | | 7 |
| | | | | 3 | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 9 | |
| | | 1 | | | 7 | 4 | | |
| | 2 | | | 6 | 5 | | | 8 |



▶ 18.00 *Íþróttir*

ÍÞRÓTTASPJALLIÐ

**SÝN** *besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
**18.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)
**19.20 President Cup – 2005** (Presidents cup offical film 2005)
▶ **20.10 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 nördar sem hvorki hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?
**21.00 KF Nörd**
**21.45 Líf David Beckhams** (Footballer's Story)
**22.35 Essó mótið 2006** (Essó mótið 2006)Þáttur með svipmyndum frá því helsta á hinu árlega Essó móti í knattspyrnu á Akureyri sem fram fór í júlí.

**23.20** KF Nörd

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Besti tíminn **15.03** Schumann og fjölskylda: Börn Schumanns **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Bíótónar **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Djassheimar

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ FÆR...

*Baltasar Kormákur fyrir að leggja í að sýna Pétur Gaut á íslensku á Ibsen-hátíð í Noregi, en sýningunni var boðið sérstaklega á hátíðina.*

# Harðara spaug en nokkru sinni

„Við vorum að leggja línurnar fyrir veturinn. Hvernig við ætlum að hafa þetta og hvernig við ætlum að taka á þessu,“ segir Örn Árnason, Spaugstofumaður með meiru.

Spaugstofan kom saman á þriðjudag til fyrsta fundar eftir sumarfrí. Fyrsti þáttur fer í loftið 16. september á Ríkissjónvarpinu. Spurður hvernig þeir Spaugstofumenn ætli að haga málum segir Örn niðurstöðu fundarins þá að nú verði spaugið beittara en nokkru sinni og tekið harðar á þeim málum sem taka þarf á. Stefnan verði sú að þora að segja það sem aðrir hugsa í dægurþrasi.

„Já, við reynum það og teljum okkur alltaf vera að fara yfir strikið. En svo segir aldrei neinn neitt. Við verðum mjög hissa. Okkur finnst við stundum á mörkum þess að vera ósmekklegir. Smeykir um að viðkomandi skets muni vekja illsku. En svo verður það ekki.“

Örn segir ýmis mál bíða þess að Spaugstofan fjalli um þau, svo sem leyniþjónustu og lekar virkjanir.

- jbg



**LAGT Á RÁÐIN** Spaugstofan á fyrsta fundi haustsins eftir sumarfrí. Niðurstaða fundarins varð sú að nú skyldi látið sverfa til stáls. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LÁRÉTT**
2 hljóta arf 6 óður 8 sunna 9 þrot 11 guð 12 duglegur 14 skaga upp 16 í röð 17 galdrastafur 18 þörungur 20 vörumerki 21 fiska.

**LÓÐRÉTT**
1 viðkvæmni 3 í röð 4 hjálpsamur 5 fæða 7 tillaga 10 málmur 13 nálægar 15 svara 16 kæla 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 erfa, 6 ær, 8 sól, 9 mát, 11 ra, 12 iðinn, 14 gnæfa, 16 íj, 17 rún, 18 söl, 20 ss, 21 afla. **LÓÐRÉTT:** 1 næmi, 3 rs, 4 fórnfús, 5 ala, 7 ráðgjöf, 10 tin, 13 nær, 15 ansa, 16 ísa, 19 ll.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ernesto.
2. Skuggagarðar.
3. Hjálmar.






FROSTI REYR: KYNÞOKKAFULLUR VERÐBRÉFAMIÐLARI STEGGJAÐUR

# Átti að heita Eiður Smári

„Maður var eiginlega tekinn og grafinn lifandi,“ segir verðbréfamiðlarinn Frosti Reyr Rúnarsson, sem var steggjaður eftirminnilega af vinum sínum og samstarfsmönnum. Frosti Reyr var á allra vörum í fyrra þegar þessir sömu vinir og vinnufélagar sáu til þess að hann var kosinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins í kosningu á Rás 2. Hann gengur í heilagt hjónaband á laugardaginn næstkomandi og hefur mátt þola sífelldar uppákomur síðasta mánuðinn af þeim sökum.

Fyrsti hluti steggjunarinnar var að í skjóli nætur var einkanúmerið „Sexy 05“ sett á bíl Frosta. Hann segist ekkert hafa tekið eftir því í fyrstu, keyrði í það minnsta í vinnuna með númerið á. „Ég tók númerið nú af þegar einhver benti mér á þetta, þá var ég ekki lengi að kippa þessu af.“

Umrætt einkanúmer birtist svo á síðum tímaritsins Séð og heyrt í síðustu viku. Þar kom fram að athygli kvenþjóðarinnar eftir að Frosti var kosinn kynþokkafyllstur væri greinilega farin að stíga honum til höfuðs, hann hefði fengið sér umrætt einkanúmer og væri farinn að reyna að komast fram fyrir raðir á skemmtistöðum borgarinnar. Greinin var að sjálfsögðu runnin undan rifjum vina verðbréfamiðlarans.

„Ég hef fengið talsverð viðbrögð við þessari grein, aðallega frá þeim sem vita ekki að þetta er hluti af steggjun,“ segir Frosti Reyr. Hann viðurkennir fúslega að sér finnist hart að sér vegið, hann þurfi eiginlega að tala við þessa meintu vini sína og kanna hvort þessu fari nú ekki að linna. „Þetta er búið að vera ansi svínslegt en maður er sem betur fer með breitt bak. Það er nú samt ansi langt gengið þegar þeir eru farnir að falsa undirskrift manns úti um allan bæ,“ segir Frosti og er greinilega mikið niðri fyrir.

„Þessir ágætu menn gengu svo langt að sækja um nafnabreytingu fyrir mig hjá Þjóðskrá, þeim var næstum því búið að takast að breyta nafninu mínu. Ég fékk svo símtal frá Þjóðskrá sem átti að vera til staðfestingar áður en þetta gengi í gegn,“ segir Frosti. Hann fæst með semingi til að upplýsa hvað hann átti að heita. „Þeir ætluðu að breyta mér í ansi frægan íslenskan fótboltamann. Ég átti að heita Eiður Smári Rúnarsson. Þeir ætluðu þó að leyfa mér að halda föðurnafninu.“

Þrátt fyrir allan atganginn segist Frosti ekki vita nákvæmlega hverjir hafi staðið að steggjuninni. Það komi þó ekki í veg fyrir að hann komi fram hefndum. „Þeir eiga flestir eftir að kvænast þessir drengir og ég mun hefna mín, jafnvel þó það þýði að einhverjir saklausir verði teknir fyrir til að ná til sökudólganna.“

hdm@frettabladid.is




**OF GÓÐUR MEÐ SIG?** Vinir verðbréfamiðlarans settu einkanúmerið Sexy 05 á bíl hans og fengu svo birta grein í Séð og heyrt um að hann væri orðinn of góður með sig.



**FROSTI REYR RÚNARSSON** Verðbréfamiðlarinn kynþokkafulli hefur þurft að ganga í gegnum mánaðarlanga steggjun. Vinir hans og samstarfsmenn reyndu að breyta nafni hans hjá Þjóðskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekkert vantaði upp á að Íslendingar styddu vel við bakið á sínum manni Magna í Supernova-dæminu öllu. Og höfðu reyndar allar klær úti því um hádegisbil í gær gekk tölvupóstur milli Netverja þar sem kom fram að enn væri hægt að kjósa Magna á MSN - með því að stilla tölvuna á Hawaii-tíma.



Listamaðurinn Ragnar Kjartansson er búinn að flytja Hitlersstúkuna úr leikhúsi Helga Björnssonar í Berlín til landsins eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Stúkan kom til landsins í fyrradag og tóku vinir og kunningjar Ragnars að sér að taka á móti henni og flytja niður í Hafnarhús í fjarveru Ragnars sem staddur er í Noregi. Stúkan er reyndar í henglum og fyrst um sinn verða gestir á sýningunni Pakkhús postulanna að gera sér að góðu að virða hana þannig fyrir sér. Mánudaginn 18. september byrjar Ragnar að setja stúkuna saman fyrir augum sýningargesta. Fram að því mun marmaratafla hanga yfir stúkunni með eftirfarandi áletrun: „Ég hringdi í Helga Björns. Hann útvegaði mér stúku Hitlers. Ragnar Kjartansson 2006.“



Starfsmenn Fróða eru búnir að ná sér eftir að útgáfan var seld til Íslendingasagnafélagsins með Sigurð G. Guðjónsson fremstan í flokki. Fljótlega varð mönnum ljóst að nafnið á hinu nýja fyrirtæki væri heldur óþjált í munni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð yfir nafnasamkeppni meðal starfsmanna um nýtt nafn og rann fresturinn út klukkan 2 í gær. Verðlaunin eru ekki af verri endanum fyrir þann hugmyndaríka; út að borða fyrir tvo en Hjörtur Howser, sem skrifað hefur matargagnrýni fyrir Mannlíf, mun leggja blessun sína yfir valið á veitingastaðnum. -hdm/fgg







**Það vantar:**

**Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna**

**Kokk - Dag- og kvöldvinna**

**Góð Laun í boði**

**Banthai**

**Uppl. 896 3536**


# Auður aftur til Eddu útgáfu

Auður Jónsdóttir, rithöfundur og barnabarn nóbelskáldsins Halldórs Laxness, hefur pakkað saman hjá JPV útgáfu og flutt sig aftur til uppeldistöðvanna hjá Eddu útgáfu. Þetta átti sér stað fyrr í sumar þar sem Auður og JPV útgáfa komust ekki að samkomulagi.

Rakel Pálsdóttir, kynningarstjóri hjá Eddu útgáfu, staðfestir þetta og segir að Auður muni framvegis gefa út verk sín hjá Eddu. Auður fór yfir til JPV með þeim orðum að hún væri unglingur sem þyrfti að flytja að heiman enda hafði hún verið hjá Máli og menningu og síðar Eddu útgáfu síðan hún hóf skáldaferil sinn.

Auður er búsett í Kaupmannahöfn ásamt eiginmanni sínum þar sem hún unir sér við nám og ritstörf. Eiginmaður Auðar er teiknarinn og myndlistarmaðurinn Þórarinn Leifsson.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Auður gefið út þrjár skáldsögur og þrjár barnabækur. Árið 2004 gaf hún út bókina Fólkið í kjallarnum sem naut mikilla vinsælda og vann til bókmenntaverðlauna sama ár. Síðan þá hefur lítið borið á Auði en samkvæmt Rakel mun ný skáldsaga eftir Auði að öllum líkindum koma út fyrir næstu jól.



**AUÐUR JÓNSDÓTTIR** Flutti sig um set til JPV útgáfu fyrr á árinu en fékk heimþrá og er nú komin aftur til Eddu útgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýjar barnavörur

Nýjar barnavörur

-50% tilboð

-50%

REGATTA

GREAT OUTDOORS ™



úlpur
snjóbuxur
softshell peysur
flíspeysur
snjógallar
skór
smávara
ofl. ofl.

úlpur
snjóbuxur
softshell peysur
flíspeysur
snjógallar
skór
smávara
ofl. ofl.

**Opið**
**virka daga 10 – 18**
**laugard. 11 - 16**

**ÚTIVIST&SPORT**

*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Akureyri** Strandgata 3 S. 464-4450. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

**Aðrir sölustaðir: Ísafjörður** Hafnarbúðin S. 456-3245. **Reyðarfjörður** Molinn S. 474-1400. **Höfn H.** Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**


JÓNS GNARR


## *Staðir*

Öðru hvoru gýs upp umræða um staði. Fólk á uppáhaldsstaði eða telur suma staði, einhverra hluta vegna, betri en aðra staði. Og oft finnst fólki sinn blettur flottastur og það þurfi að vernda hann og vegsama en aðrir blettir megi fara til andskotans.

**ÉG** hef aldrei verið neitt sérstaklega upprifinn af stöðum. Það er enginn einn staður sem hefur fyllt mig dýrðlegri andakt, hvorki hér á landi eða í útlöndum. Mér líður ekkert betur á einum stað en öðrum. Mér finnst margt fallegt en það fær engin andleg ítök í mér. Mér finnst til dæmis ekkert sérstaklega vænt um Fossvoginn þótt ég sé fæddur þar og uppalinn. Ég er kannski heldur ekki nógu sjálfmiðaður til þess. Mín vegna mætti malbika hann.

**ÉG** hef aldrei verið neitt ástfanginn af miðbænum. Tjörnin skipar engan sérstakan sess í sálarlífi mínu, heldur ekki Öskjuhlíð eða hafnarsvæðið. Grótta er svosem ágæt ef ekki væri fyrir helvítis rokið. Esjudýrkun Reykvíkinga er mér óskiljanleg. Þetta er bara ósköp venjulegt fjall. Og um byggingar er mér mest sama, hversu merkilegar sem þær teljast. Mér finnst sýningargarðurinn hjá BM-Vallá ekkert verri staður en Alþingisgarðurinn.

**ÞAÐ** gegnir sama máli um útlönd. Mér finnst þau ekkert merkilegri en annað. Mér finnst jafngaman á Manhattan og á Ísafirði. Það fer eftir því hvernig mér líður og með hverjum ég er. Uppáhaldsstaðurinn minn er líklega innra með mér. Það er ekkert í þessum heimi sem kemst í hálfkvisti við hann. Og ef ég er á honum skiptir annað ekki máli.

**HÚS** og landslag kemur og fer og breytist. Það sem virkilega heillar mig er fólk sem er ekta, einlægt og gott, þar sem ég finn fyrir manneskjum og skapandi og kærleiksríkri hugsun. Það snertir mig. Þá líður mér vel og ég fæ trú á mannkyninu. Ég trúi því að mannsandinn lifi löngu eftir að sólin er búin að gleypa jörðina og allar Esjur og dómkirkjur eru brunnar upp til agna.

**ÞAÐ** er til dæmis einn staður á Íslandi sem ég mæli með við útlendinga. Það er veitingastaðurinn Sægreifinn við Smábátahöfnina í Reykjavík. Þar er gott að vera. Og það er ekki út af útsýninu eða arkítektúrnum, eða fiskilyktinni eða sögunni. Það er ekki einu sinni út af humarsúpunni (þó hún sé mjög góð). Það er íslenski mannsandinn. Sönn íslensk fegurð býr innra með íslensku fólki.


allt
bílar
Alla laugardaga






**Glitnir léttir námsmönnum lífið og býður þeim bestu kjörin.**

Til dæmis bjóðum við aðeins 14,9% vexti af yfirdráttarlánum v. LÍN.* Kynntu þér málið í útibúum Glitnis, þjónustuveri í síma 440 4000 og á glitnir.is.

| | GLITNIR | LAIS | KB BANKI | SPRON |
|---|---|---|---|---|
| YFIRDRÁTTARLÁN LÍN | 14,9 | 14,95 | 15,35 | 14,95 |
| YFIRDRÁTTARLÁN ALMENNT | 18,3 | 18,7 | 18,35 | 21,2 |
| INNLÁN | 7,8 | 7,8 | 7,5 | 6,95 |

* MIÐAÐ VIÐ VAXTATÖFLU 21.08.06

GLITNIR